allt

UNNUR MARÍA BERGSVEINSDÓTTIR

*Hægt að gera nær allt með sleif*

heimili • heilsa • tíska

Í MIÐJU BLAÐSINS



BERND OGRODNIK

*Gerir nýjar brúður fyrir jóladagatal Stöðvar 2*

FÓLK 50






FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. október 2005 – 269. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

## Myndarlegur í eldhúsinu



Júlíus Vífill Ingvarsson kann réttu handtökin í eldhúsinu. Hann gefur lesendum uppskrift af ítölskum rétti.

MATUR 42

## Þannig eiga blöð að vera



Höfuðhlutverk dagblaða og annarra fjölmiðla í einræðisríkjum er beinlínis að villa um fyrir fólki, ýmist með beinum lygum eða óbeint með því að þegja um ýmis mál.

Í DAG 22

## Rándýr Eyjapeyi



Markahæsti leikmaður Svíþjóðar, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, er verðlagður á 250 milljónir króna og ef að líkum lætur yfirgefur hann Svíþjóð fyrr frekar en síðar.

ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING EÐA SKÚRIR** sunnan og vestan til en yfirleitt þurrt á Norðausturlandi og skýjað með köflum. Dregur úr vætu og léttir til vestanlands um eða eftir hádegi. Hiti 5-10 stig.

VEÐUR 4

# Selur húsið fyrir sektinni

**Hannes Hólmsteinn Gissurarson stjórnmálafræðiprófessor hefur selt hús sitt við Hringbraut fyrirtæki í eigu Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins. Enskur dómur hefur úrskurðað að Hannes skuli greiða Jóni Ólafssyni tólf milljónir í bætur fyrir meiðyrði.**

**FJÁRNÁM** „Ég bara seldi húsið mitt til þess að eiga fyrir lögfræðikostnaði og hugsanlegum sektum, það er ekkert leyndarmál,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Dómstóll í Englandi hefur dæmt hann til þess að greiða Jóni Ólafssyni, kaupsýslumanni þar í landi, tólf milljónir króna í skaðabætur fyrir meiðandi ummæli Hannesar um Jón á vef háskólans. „Ég sagði bara það sem satt var að því hafi verið haldið fram að Jón hafi stundað ólögmæta viðskiptahætti á sínum tíma,“ segir Hannes.

Hjá Fasteignamati ríkisins fengust þær upplýsingar að fasteignafélagið Skipholt ehf. hafi keypt húseignina að Hringbraut 24 af Hannesi hinn 1. september síðastliðinn. Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, er aðaleigandi Skipholts. „Ef ég þarf að borga þessar tólf milljónir þá borga ég þær bara,“ segir Hannes.

„Ef Hannes mætir ekki til sýslumanns á morgun verður hann handtekinn,“ segir Jón Ólafsson , sem fer fram á fjárnám í eigum Hannesar ef hann reynist ekki vera borgunarmaður. Hann segist ekki munu hika við að óska eftir því að Hannes verði handtekinn. Fyrirhugað fjárnám verður tekið fyrir hjá Sýslumanni í dag.



**HRINGBRAUT 24** Fasteignafélag í eigu Kjartans Gunnarssonar hefur keypt hús Hannesar Hólmsteins.

Hannes segir að sér þyki undarlegt ef hægt sé að kæra sig fyrir ummæli á Íslandi um íslenskan mann í landi þar sem löggjöfin sé mun strangari og bjóði upp á hærri sektir en gerist hér á landi. Hann hyggur að með þessu sé opnað fyrir þann möguleika að hægt sé að þagga niður í hverjum þeim sem tjá sig um „ríka menn í útlöndum“ eins og hann orðar það. Hann telur að það geti orðið til þess að setja tjáningarfrelsinu skorður.

- saj



**HÆTTUÁSTAND Í MEXÍKÓ** Hermaður heldur á barni í borginni Veracruz sem er um 300 kílómetrum austan við Mexíkóborg. Tugir manna hafa farist í Mið-Ameríku eftir að fellibylurinn Stan gekk þar yfir.

Fellibylurinn Stan:

## Á sjöunda tug taldir af

**FELLIBYLUR** Minnst sextíu og sex eru taldir hafa látist af völdum fellibylsins Stans í Mið-Ameríku en hann gekk á land í Mexíkó í gærmorgun.

Stan olli þungum búsifjum í El Salvador, Gvatemala og Hondúras þar sem þúsundir manna hafast enn við í neyðarskýlum.

Verst er ástandið í El Salvador, þar sem fimmtíu manns hafa farist af völdum mikilla aurskriða. Þar hefur neyðarástandi verið lýst yfir og forseti landsins segir mikla hættu á frekari skriðum um allt land.

Enn hafa ekki borist fregnir af mannfalli í Mexíkó en margir hafa þegar yfirgefið heimili sín í sveitahéruðum. Loka þurfti þjóðvegum vegna vatnselgs.

Spáð hefur verið rigningu næstu daga og óttast yfirvöld í Mið-Ameríku að aurskriður falli úr fjöllum á bæi neðan við þau. ■

Bresk efnahagsbrotarannsókn teygir anga sína hingað til lands:

# Rannsókn á skipulögðum fjársvikum og peningaþvætti

**LÖGREGLUMÁL** „Netþjónninn okkar var afritaður og einhver fleiri gögn voru tekin. Ég fæ svo lista yfir það hvaða gögn nákvæmlega þeir tóku,“ segir Jóhannes B. Skúlason, annar eigenda fyrirtækisins Skúlason ehf. Jóhannes segir að hann og starfsfólk sitt hafi reynt að aðstoða lögregluna eftir fremsta megni við leitina.

Efnahagsdeild Ríkislögreglustjóra gerði ítarlega leit í fyrirtækinu í gær. Leitin var gerð að beiðni breskra lögregluyfirvalda vegna rannsóknar á skipulögðum fjársvikum og peningaþvætti.

Samkvæmt tilkynningu frá embætti Ríkislögreglustjóra beinist breska rannsóknin að meintri blekkingarstarfsemi við sölu hlutabréfa og því að koma afrakstri sölunnar undan. Rannsókn málsins teygir anga sína vítt og breitt um Evrópu.

Auk þess að gera leit í Skúlason var gerð húsleit í einkaheimili í Reykjavík. Fimmtán starfsmenn efnahagsbrotadeildar unnu í málinu í gær.

Skúlason ehf. veitir fyrirtækjum símaþjónustu bæði við svörun og hringingar ásamt annari kynningar- og markaðsvinnu.

- saj



**SKÚLASON EHF.** Efnahagsbrotadeildin afritaði netþjón og tók gögn í húsleit sem framkvæmd var í gær.

Verðtryggðir vextir:

## Vextir lána gætu hækkað

**EFNAHAGSMÁL** Verðtryggðir vextir hafa ekki verið hærri í eitt ár, en raunávöxtunarkrafa þeirra fór í 3,8 prósent á skuldabréfamarkaði í gær. Þetta getur leitt til þess að vextir á fasteignalánum hækki í 4,4 prósent úr 4,15 prósentum.

„Ef Íbúðalánasjóður heldur 60 punkta álagi á lánum sínum, mun krafan hækka aftur í 4,4 prósent eftir næsta útboð sjóðsins,“ segir í hálffimm fréttum KB banka í gær.

Bankinn spáir því að fasteignaverð muni lækka ef Íbúðalánasjóður hækkar vexti sína.

Töluverð hækkun hefur orðið á vöxtum bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa frá því að Seðlabankinn tilkynnti um hækkun stýrivaxta í síðustu viku.

- eþa



## SPURNING DAGSINS

*Magni, er þetta handvömm?*

„Alls ekki, í mesta lagi smá athugunarleysi.“

Magni Kristjánsson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, benti á að fjarlægja þyrfti eina hönd af þremur í listaverki Tryggva Ólafssonar sem prýða Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað.

Ríkið greiðir sjálfu sér á sjötta milljarð króna í fjármagnstekjuskatt:

# Glaðningur til sveitarfélaga

**STJÓRNMÁL** Ríkissjóður greiðir sjálfum sér á sjötta milljarð króna í fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði Símans.

Þetta kom fram í máli Geirs H. Haarde utanríkisráðherra í umræðum um frumvarp ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun söluandvirðis Símans, sem forsætisráðherra mælti fyrir á Alþingi í gær.

Geir sagði að fjármagnstekjuskatturinn væri dreginn frá söluhagnaðinum og tekjur ríkissjóðs ykjust sem því næmi. Þetta yrði að sínu leyti til þess að jöfnunarsjóður sveitarfélaga fengi 120 milljónir króna í sinn hlut. Fram kom í máli Geirs, sem lét nýverið af embætti fjármálaráðherra, að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins yrðu tekjur ríkissjóðs af sölu Símans allar bókfærðar á þessu ári og þær skattlagðar samkvæmt því.

Geir sagði jafnframt að ríkissjóður hefði þegar samið um að lána Seðlabankanum hluta af andvirði Símans með útgáfu skuldabréfa. Þetta væri nýtt því venjulega lánaði Seðlabankinn ríkissjóði fé. **- jh**



**FRUMVARP UM SÖLUANDVIRÐI SÍMANS** Ögmundur Jónasson og Geir H. Haarde ræðast við í þingsal. Geir segir að jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 120 milljóna króna glaðning vegna sölu Símans.

Héraðsdómur:

# Maður játaði fíkniefnabrot

**DÓMSMÁL** Tuttugu og fjögurra ára gamall maður játaði fíkniefnabrot í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær.

Mál mannsins er hluti af mun stærra fíkniefnabrotamáli, þar sem hann og sex aðrir menn eru ákærðir fyrir ýmis fíkniefnabrot, meðal annars að hafa farið til Reykjavíkur og keypt töluvert magn af amfetamíni og hassi, drýgt efnin og flutt með sér til Akureyrar.

Einnig tengist málið líkamsárásarmáli, þar sem ungir menn eru ákærðir fyrir að hafa misþyrmt manni, stungið honum í skott á bifreið og skotið á úr loftbyssu. **- smk**

Enn ráðist á Hillah:

# Öflug sprengja við sjíamosku

**HILLAH, AP** Í það minnnsta 25 sjíar biðu bana í mannskæðu sprengjutilræði í bænum Hillah í Írak í gær. 87 manns eru sagðir alvarlega sárir.

Sprengingin varð í mosku í borginni þar sem fjöldi trúaðra var saman kominn til bænahalds, en ramadan, föstumánuður múslima, er rétt nýhafinn.

Þetta er annað hryðjuverkið á fimm dögum sem framið er í Hillah, en á föstudaginn létust tíu í sprengjutilræði á markaðstorgi.

Ekki er vitað hver ber ábyrgð á tilræðinu en al-Kaída í Írak hefur sagst ætla að valda sem mestum usla á næstu dögum til að spilla fyrir atkvæðagreiðslu um stjórnarskrárdrög landsins. Súnníarnir í al-Kaída hafa horn í síðu sjía og því er líklegt að árásin sé runnin undan rifjum þeirra. ■

# Mati HSBC á tilboðum í banka breytt

**Í skýrslu HSBC vegna sölu bankanna 2002 kemur fram að Samson var með lakasta tilboðið í Landsbankann samkvæmt upprunalegu reiknilíkani HSBC. Framkvæmdanefnd lét gera nýtt reiknilíkan þar sem vægi þátta var breytt.**

**BANKASALA** Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur til þessa rökstutt val sitt á Samson til viðræðna um kaup á Landsbankanum haustið 2002 með því að samkvæmt skýrslu HSBC hafi Samson verið með besta tilboðið í bankann þegar horft var til fimm þátta.

Samkvæmt skýrslu ráðgjafa framkvæmdanefndar um einkavæðingu, HSBC, um einkavæðingu ríkisbankanna 2002, sem Fréttablaðið hefur fengið afhenta í kjölfar ákvörðunar úrskurðarnefndar um upplýsingamál, hafnaði framkvæmdanefndin upprunalegu reiknilíkani frá ráðgjafanum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins féllst framkvæmdanefndin ekki á þá útreikninga, enda var tilboð Samson þar lakast, og fékk HSBC til að endurmeta vægi einstakra þátta.

Í skýrslunni kemur fram að matið á bjóðendunum var byggt á því að Samson greiddi fyrir hlutinn samkvæmt efri mörkum verðtilboðs þeirra, eða 3,90 á hlut, sem var hærra verð en endanlega var greitt fyrir bankann.

Endanlegt verð Samson á hlut í Landsbankanum var 3,7 því 700 milljónir voru dregnar frá endanlegu kaupverði eftir að ágreiningur kom upp milli Samson og framkvæmdanefndar um gæði lána í lánastokki Landsbankans.

Ágreiningur var í framkvæmdanefnd um einkavæðingu þegar ákveðið var að ganga til viðræðna við Samson um kaupin á Landsbankanum haustið 2002 því verðtilboð Samson var talsvert lægra en hinna bjóðendanna tveggja, S-hópsins og Kaldbaks. Samson bauð á bilinu 3 til 3,90 á hlut, S-hópurinn 4,10 og Kaldbakur 4,16.

Nefndarmenn voru ekki á einu máli um vægi þeirra fimm jafngildu þátta sem notaðir voru til að meta tilboð fjárfestanna þriggja, Samson, S-hópsins og Kaldbaks og gagnrýndi einn nefndarmaður það harðlega að framtíðarsýn fjárfesta hefði jafn mikið vægi og verðtilboðið sjálft.

Í skýrslu HSBC kemur fram að eftir miklar umræður á fundi framkvæmdanefndar hafi verið ákveðið að gera næmnigreiningu á reiknilíkaninu þar sem lagt yrði mat á tilboðin þrjú þar sem tekið yrði inn í myndina sá möguleiki að Samson héldi sig ekki við efri mörk verðtilboðs síns.

Þegar tilboðin voru metin út frá því að Samson greiddi 3,5 á hlut kom í ljós að tilboð S-hópsins í Landsbankann var betra en tilboðið frá Samson í tveimur útreikningum af þremur, þar á meðal samkvæmt útreikningum sem HSBC mælti upphaflega með að stuðst yrði við.

sda@frettabladid.is





FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**SPENNISTÖÐ Í EDDUFELLI** Upphaflega var talið að bilunina mætti rekja þangað.

Rafmagnsleysi í Reykjavík:

# Straumrof í allt að klukkutíma

**RAFMAGNSLEYSI** Rafmagnslaust varð í höfuðborginni á sjötta tímanum í gær. Háspennubilun varð þess valdandi að aðalveitustöð Orkuveitu Reykjavíkur í Elliðaárdal sló út.

Rafmagn komst víða aftur á eftir um tuttugu mínútur er sum hverfi voru án rafmagns í um klukkustund.

Að sögn Helga Péturssonar, upplýsingafulltrúa hjá Orkuveitunni, er bilunarinnar ennþá leitað en orsakirnar verða að öllum líkindum ekki ljósar fyrr en einhvern tímann í dag. **- saj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ELDUR Í FJÖLBÝLISHÚSI** Eldur kom upp í kjallaraíbúð í fjölbýlishúsi við Háengi 2 á Selfossi í gærkvöldi. Ein stúlka var í íbúðinni og komst hún út af sjálfsdáðum. Slökkviliði gekk greiðlega að vinna á eldinum en miklar skemmdir eru á íbúðinni og innbúi. Einhverjar reykskemmdir eru í öðrum íbúðum í húsinu.

**Á SVIPTINGARHRAÐA** Lögreglan á Akureyri stöðvaði akstur ungrar stúlku þar sem hún ók á 109 kílómetra á svæði þar sem hámarkshraðinn er 50. Stúlkan hefur aðeins haft ökuleyfi í rúma þrjá mánuði og má nú búast við því að missa það.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Lögregla vildi ekki hjálp vaktmanns Snarfara fyrst eftir sjóslys á Viðeyjarsundi:

# Bauðst tvisvar til að aðstoða

**BANASLYS** Lögregla hafnaði boði vaktmanns á vegum skemmtibátafélagsins Snarfara um aðstoð nóttina sem sjóslysið varð á Viðeyjarsundi, aðfaranótt 10. september.

Hafþór Lyngberg Jónsson, formaður Snarfara, segist hafa rætt atvikið við yfirlögregluþjón rannsóknardeildar lögreglu í Reykjavík og fengið þau svör að atvikið yrði skoðað. Í slysinu fórust maður og kona en hjón, eigendur bátsins, komust af með tíu ára son sinn.

„Vaktmaður okkar var á svæðinu þegar fyrstu björgunarmenn komu með gúmbát niður í Snarfarahöfn. Hann bauð strax fram aðstoð sína,“ segir Hafþór og bætir við að um hálftíma síðar hafi vaktmaðurinn boðið fram aðstoð sína öðru sinni þegar kom meira björgunarlið með tvo báta. „En það var aftur afþakkað,“ segir hann.

Hafþór vildi ekki fullyrða um hverju það hefði breytt ef aðstoð hefði verið þegin. „Það breytir ekki því að hér erum við með vakt, einmitt til þess að aðstoða fólk í nauðum og höfum oft gert það.“ Þá bendir hann á að hraðbátur félagsins sem boðinn var til leitarinnar sé átta metra langur og búinn ljóskastara. „Hann er miklu betri en þessir gúmbátar sem hinir hafa yfir að ráða.“

Vaktmaður er í Snarfarahöfn frá því starfsemi félagsins hefst í marsbyrjun og staðin er vaktin frá ellefu að kvöldi til sex á morgnana fram í miðjan október. Ekki náðist í Hörð Jóhannesson, yfirlögregluþjón í Reykjavík, í gærkvöldi vegna málsins. **- óká**



**Á VIÐEYJARSUNDI** Skemmtibáturinn sem fórst aðfaranótt 10. september á Viðeyjarsundi var hífður upp daginn eftir til þess að hægt væri að flytja hann í land og kanna skemmdir.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Framandi ferskleiki

## Heillandi nýjungar!



Ótrúleg gæði



**289** kr/pk
DM fersk epli með dýfu

**289** kr/pk
DM fersk t Mangó 283gr.

Himneskt og holt





**289** kr/pk
DM fersk Melóna Cantal. 464gr.

**289** kr/pk
DM fersk Melóna Honeydew. 464gr.

Fyrstir á Íslandi

Frumsýning á frábærri vöru





**389** kr/pk
DM fersk Tropical blanda 336gr.

**289** kr/pk
DM fersk Melóna vatns. 336gr.



Frábær vara



**489** kr/pk
DM ferskur hringskorin ananas 568gr.gr.

**399** kr/pk
DM ferskur skorin ananas 336gr.

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 6. okt. til 9. okt. eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 05.10.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,16 | 61,46 |
| Sterlingspund | GBP | 107,9 | 108,42 |
| Evra | EUR | 73,1 | 73,5 |
| Dönsk króna | DKK | 9,793 | 9,851 |
| Norsk króna | NOK | 9,259 | 9,313 |
| Sænsk króna | SEK | 7,86 | 7,906 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5371 | 0,5403 |
| SDR | XDR | 88,3 | 88,82 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**103,0206**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utandagskrárumræða á Alþingi vegna máls Arons Pálma:

# Pólitísk aðkoma nauðsynleg

**DÓMSMÁL** „Þetta eru ömurlegar fréttir og það er ljóst að það þarf pólitíska aðkomu að þessu máli. Það er þannig vaxið.“

Þetta segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sem hefur beðið um utandagskrárumræðu við utanríkisráðherra um málefni Arons Pálma Ágústssonar, sem dæmdur var í tíu ára fangelsi fyrir brot sem hann framdi þegar hann var ellefu ára gamall. Ríkisstjórinn í Texas hafnaði náðunarbeiðni Arons Pálma í fyrradag.

Að sögn Ágúst Ólafs tók hann mál Arons Pálma upp á Alþingi í mars í fyrra. Hann beindi þeirri spurningu til þáverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, hvort hann væri tilbúinn til að beita sér með beinum og pólitískum hætti fyrir lausn þessa sorglega máls til að umræddur Íslendingur gæti lokið afplánun sinni hér á landi. Mikil áhersla var lögð á að aðkoman yrði að vera pólitísk eðlis en ekki eingöngu á vettvangi embættismanna.

Í umræðunni á þinginu á þeim tíma tók Halldór vel í þá umleitan og sagðist ætla að beita sér í málinu, að sögn Ágústs Ólafs.

„Nú eru liðin tæp tvö ár og ekkert bólar á Aroni Pálma heim,“ segir hann og bætir við að fordæmi sé fyrir aðkomu stjórnvalda að málefnum Íslendinga erlendis. Megi þar nefna mál Sophiu Hansen. „Hér er um að ræða íslenskan ríkisborgara sem hefur verið beittur miklum órétti og því ber að beita öllum tiltækum leiðum til að koma honum til hjálpar.“ **- jss**



**ARON PÁLMI** Ágúst Ólafur Ágústsson hefur beðið um utandagskrárumræðu.

Héraðsdómur:

# Játaði fíkniefnabrot

**DÓMSMÁL** Tuttugu og fjögurra ára gamall maður játaði fíkniefnabrot í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær.

Mál mannsins er hluti af mun stærra fíkniefnabrotamáli, þar sem hann og sex aðrir menn eru ákærðir fyrir ýmis fíkniefnabrot, meðal annars að hafa farið til Reykjavíkur og keypt töluvert magn af amfetamíni og hassi, drýgt efnin og flutt með sér til Akureyrar.

Einnig tengist málið líkamsárásarmáli, þar sem ungir menn eru ákærðir fyrir að hafa misþyrmt manni, stungið honum í skott á bifreið og skotið á úr loftbyssu. **- smk**



**BÆJARGIL** Húsið þar sem árásin átti sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Líkamsárás í Garðabæ:

# Hnífurinn ófundinn

**LÍKAMSÁRÁS** Hnífurinn sem notaður var í grófri líkamsárás í Garðabæ um síðastliðna helgi er enn ófundinn. Að sögn lögreglu í Hafnarfirði miðar rannsókn málsins þó að öðru leyti vel.

Tveir þriggja meintra árásarmanna losnuðu úr gæsluvarðhaldi í gær og sá þriðji losnar á morgun að öllu óbreyttu.

Ekki er útséð um hvort framlengingar á gæsluvarðhaldi hins meinta forsprakka verður krafist.

Fórnarlamb piltanna er á batavegi og liggur á almennri deild á Landsspítala í Fossvogi. **- saj**

Fjöldagrafir í Kongó:

# Mörg hundruð manns myrtir

**AUSTUR-KONGÓ** Friðargæsluliðar á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa fundið fjöldagrafir í Austur-Kongó, sem áður hét Saír. Í þeim hvíla lík mörg hundruð flóttamenn úr hópi Hútúa sem stjórnarher Rúanda, skipaður Tútsum, er sagður hafa stráfellt árið 1996.

Árið 1994 var Rúanda vettvangur einhverra hrikalegustu fjöldamorða síðustu áratuga en þá gengu Hútúar og Tútsar á milli bols og höfuðs hverjir á öðrum með þeim afleiðingum að 800.000 manns lágu í valnum. Friður hefur ríkt í landinu síðustu ár. ■

# Játar að hafa stungið Vu Van Phong

**Víetnaminn Phu Tién Nguyén játar að hafa stungið samlanda sinn Vu Van Phong í matarboði um hvítasunnuna. Hann segir þó að það hafi verið í sjálfsvörn. Phong lést af sárum sínum á meðan beðið var eftir sjúkrabíl.**

**DÓMSMÁL** Phu Tién Nguyén játaði við þingsetningu málsins í Héraðsdómi Reykjaness í gær að hafa orðið samlanda sínum Vu Van Phong að bana. Hann sagðist þó ekki hafa átt upptökin að átökunum.

Mál Víetnamanna vakti mikla athygli fyrr á árinu. Phong var stunginn til bana í matarboði í heimahúsi í Hlíðarhjalla í Kópavoginum um hvítasunnuna, Alls voru sautján matargestir í boðinu þegar einn gestanna snöggreiddist að sögn vitna og myrti Vu Van Phong með eggvopni sem að sögn lögreglu var líklega tekið úr eldhúsi í íbúðinni.

Mörg vitni voru að atburðinum, en engum var boðin áfallahjálp að undanskilinni fjölskyldu hins látna.




**EFTIR ÞINGFESTINGU** Phu Tién Nguyén hefur játað hafa stungið samlanda sinn í matarboði í Kópavogi um hvítasunnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Friðrik Smári Björgvinsson, talsmaður lögreglunnar í Kópavogi, sagði á sínum tíma að lögreglan hefði mætt í Hlíðarhjallann innan við tveimur mínútum eftir að henni barst tilkynningin.

Phong, sem kallaður var Jói, vann í Efnalauginni Björg í Mjódd ásamt eiginkonu sinni og sögðu vinnuveitendur hans skömmu eftir lát hans að hann hefði verið hvers manns hugljúfi. Hann var 28 ára gamall og hafði flust hingað árið 2000. Hann skildi eftir sig unga ekkju, Thanh Viet Mac, og þriggja ára gamla dóttur. Viet átti von á öðru barni þeirra hjóna. Viet, sem er 27 ára gömul, fluttist hingað ári á undan manni sínum, en móðursystir hennar var meðal fyrstu flóttamannanna sem komu hingað til lands frá Víetnam á vegum Rauða Krossins fyrir fjórtán árum.

„Jói smakkaði aldrei áfengi, vann vel fyrir heimili sínu og fjölskyldu og var hugljúfi allra þeirra sem hann þekktu. Hann var einstaklega sterkur persónuleiki og gaf af sér. Hann var duglegur, glaður og jákvæður. Allir smituðust af jákvæðu viðhorfi hans. Jói er búinn að vera eins og einn af okkur og hefur gengið í öll störf og tók það ekki illa upp þó að konur segðu honum fyrir verkum. Hann var mikill jafnaðarmaður og friðarsinni og barði ekki einu sinni í borð þótt hann reiddist,“ sagði Sigurður Jónsson, vinnuveitandi Jóa, í viðtali við Fréttablaðið í vor.

Phu Tién Nguyén situr í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni. Réttað verður í málinu síðar í mánuðinum með aðstoð túlks. **smk@frettabladid.is**



**MIKILL MISSIR** Thanh Viet Mac og þriggja ára gömul dóttir hennar og Vu Van Phong.



**VETTVANGUR** Blóðslettur á stigagangi í Hlíðarhjalla í Kópavogi.



**Í MINNINGU VU VAN PHONG** Borð með mynd af hinum látna, matvælum, reykelsi og blómum var útbúið að víetnömskum sið á heimili Viet eftir lát Jóa.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝTT Í DAG OG Á MORGUN**

Þó lægðagangur við og í kringum landið geti verið þreytandi m.t.t. veðursældar má ekki gleyma því að blessaðar lægðirnar sjá um að halda hlýindum að landinu og ef þeirra nyti ekki við væri mjög mikið kaldara hér á Fróni. Svo einfalt er það.

En það er úrkomuloft yfir landinu, síst þó á Norðurlandi. Þó fer að rigna þar í kvöld.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG**

Nokkuð stíf suðlæg átt. Rigning eða skúrir í morgunsárið en styttir að mestu upp um miðjan dag og léttir til. Hlýtt í veðri.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Strekkingur sunnan til, annars hægari. Vaxandi norðaustanátt síðdegis.

*» laugardagur*




Allhvasst eða hvasst norðvestan til, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C heiðskírt | París | 22°C léttskýjað | Alicante | 24°C léttskýjað |
| Osló | 15°C léttskýjað | Berlín | 21°C léttskýjað | Milano | 19°C skýjað/skúr |
| Stokkhólmur | 20°C léttskýjað | Frankfurt | 19°C léttskýjað | New York | 24°C skýjað/skúr |
| Helsinki | 13°C léttskýjað | Madrid | 24°C heiðskírt | San Francisco | 23°C heiðskírt |
| London | 20°C léttskýjað | Barcelona | 20°C léttskýjað | Orlando/Florida | 31°C hálfskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# FLÖT SJÓNVARPSTÆKI

## ALLAR STÆRÐIR – ALLAR GERÐIR – BETRI VERÐ

ÖRÞUNNT **LCD**

12v/220v




## UNITED

**LTV15L50**

15" LCD Sjónvarp með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, 400:1 skerpu, Comb filter, Noise Reduction, 8w stereó hljóðkerfi, textavarp með 125 síðna minni, Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), tengi fyrir heyrnatól, tónjafnara, svefnrofa, vekjara, borðstandi og fjarstýringu. 12 og 220V.

**TILBOÐ 39.990**

FULLT VERÐ kr. 49.990




## PHILIPS

**26PF4310**

26" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með Digital Comb Filter, 1280x768, DTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), 20w Nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, 2 Scart, SVHS og RCA tengjum, PC-inngangi (DVI-i), textavarpi, tengi fyrir heyrnatól, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990

ÖRÞUNNT **LCD**




## UNITED

**LTV32**

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og Progressive Scan, HDTV Ready (styður 720p og 1080i), 800:1 skerpu og 550 cd/m2 birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsviði, 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengi, Component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA), AV og heyrnar-tólstengi að framan, mynd í mynd (2 Tunerar), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 139.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990

ÖRÞUNNT **LCD**




ÖRÞUNNT **PLASMA**

## PHILIPS

**50PF7320**

50" Plasma SJÓNVARP með Pixel Plus myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu, 1366x768 upplausn og 10.000:1 skerpu (VGA, SVGA, XGA), HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), Digital Crystal Clear og Progressive Scan, sjónsviði: (H/V): 160/160° og birtustigi: 1500 cd/m2, ljósskynjari og Active Control til að minnka glampa, 2x30w Nicam Stereó hljóðerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart tengjum og PC inngangi (DVI-i), SVHS, RCA, textavarpi, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

PIXEL PLUS 2 HD

**TILBOÐ 449.990**

FULLT VERÐ kr. 499.990

ambi light 2

WWW.HUGVERKA.IS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Þristur, Ísafirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



## KJÖRKASSINN

*Á að fækka ráðuneytum?*

Já 77%

Nei 23%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Eiga öryrkjar á vinnumarkaði að fá bensínstyrk sem fyrr?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Íraksþing bregst hratt við gagnrýni Sameinuðu þjóðanna:

# Löggjöfin í sitt fyrra horf

**ÍRAK, AP** Íraksþing samþykkti í gær að ógilda breytingar sínar á kosningalöggjöf landsins sem hefðu gert nánast ómögulegt að fella drög að stjórnarskrá Íraks í þjóðaratkvæðagreiðslunni 15. október.

Starfsmenn Sameinuðu þjóðanna í Írak gagnrýndu í fyrradag Kúrda og sjía, sem ráða lögum og lofum á þingi landsins, fyrir að hafa breytt kosningalöggjöfinni á þann veg að tvo þriðju hluta atkvæða þeirra sem væru á kjörskrá þyrfti til að fella stjórnarskrárdrögin í þjóðaratkvæðagreiðslu, en ekki tvo þriðju hluta greiddra atkvæða. Með breytingunum var einsýnt að pólitísk einangrun súnnía myndi aukast enn frekar enda urðu þeir æfir eftir að breytingarnar spurðust út og sögðust mundu sniðganga atkvæðagreiðsluna.

Í gær voru lagabreytingarnar hins vegar dregnar til baka, súnníum og starfsmönnum SÞ til mikillar ánægju. „Nú geta súnníarabar komið í veg fyrir að stjórnarskráin taki gildi, svo fremi sem heiðarleiki og alþjóðlegt eftirlit verði til staðar við atkvæðagreiðsluna. Ég er viss um að 95 prósent súnnía munu segja nei," sagði Saleh al-Mutlaq, áhrifamaður úr röðum súnnía. **-shg**



**STJÓRNARSKRÁIN BROTIN TIL MERGJAR** Írakar búa sig undir atkvæðagreiðsluna annan laugardag með því að lesa vel og vandlega yfir stjórnarskrárdrögin. MYND/AP

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Stal bolum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt átján ára stúlku í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela þremur stuttermabolum úr verslunum í Kringlunni og að hafa lítið magn af fíkniefnum undir höndum.

Stúlkan, sem rauf skilorð við þessi verk sín, játaði sakargiftir á hendur sér og var dæmd í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára.

Við dómsuppkvaðningu tók dómari tillit til þess hve ung stúlkan er og þess að hún hefur bæði lokið vímuefnameðferð og fengið sér vinnu. **- smk**

## TÍBET

### Sjálfkjörin fegurðardrottning

Fegurðarsamkeppnin „Ungfrú Tíbet" er í uppnámi eftir að þrjár stúlkur af þeim fjórum sem skráð höfðu sig til þátttöku hættu við keppni. Íhaldssamir búddamunkar eru sagðir hafa þrýst á stúlkurnar að hætta við þátttöku. Nafn stúlkunnar sem verður sjálfkjörin ungfrú Tíbet verður ekki gefið upp fyrr en á lokaathöfninni. Talið að það sé gert svo að búddamunkarnir fái hana ekki til að hætta líka.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Velti bíl og fékk far í bæinn

Ökumaður velti bifreið snemma í að morgni þriðjudags við Rauðuvík, milli Akureyrar og Dalvíkur. Hann slapp þó við meiriháttar meiðsl og fékk far frá slysstað til Akureyrar. Miðað við skemmdir bílsins telur lögreglan á Dalvík mikla mildi að ökumaðurinn skyldi ekki hafa slasast í veltunni. Hún hefur enn ekki fengið staðfest hver ökumaðurinn er og er málið í rannsókn. Bifreiðin er það mikið skemmd að hún er talin ónýt.

Síamstvíburar:

## Boðin aðgerð

**NÝJU-DELÍ, AP** Bandarískur barnaskurðlæknir, Benjamin Carson, hefur boðist til að skilja að indversku systurnar Saba og Farah, tíu ára, en þær eru samvaxnar á höfði. Krónprinsinn af Abu Dhabi býðst til að greiða fyrir verkið en það gæti hins vegar reynst afar flókið. Systurnar deila mikilvægum æðum í heila og Saba er nýrnalaus en Farah er með tvö.

Af síamstvíburum að vera eru þær systur furðu ólíkar. Annarri þykir hrísgrjón góð en hinni ekki og þær skiptast á að sofa og vaka.



**SAMRÝMDAR SYSTUR** Saba og Farah deila æðum í höfði og því gæti skurðaðgerðin orðið flókin.

# Fréttablaðið gnæfir yfir önnur dagblöð

**Ný fjölmiðlakönnun Gallup sýnir að dagblaðalestur stendur í stað. Fréttablaðið heldur yfirburðum sínum og Blaðið nær ekki að bæta stöðu sína. Sjónvarpið er með vinsælasta þáttinn en Stöð tvö með mest áhorf á aldursbilinu 18 til 50 ára.**

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið heldur yfirburðastöðu sinni á dagblaðamarkaði í nýjustu Fjölmiðlakönnun IMG Gallup sem birt var í gær.

Gerð var könnun á notkun dagblaða og sjónvarps vikuna 7. til 13. september. Á landsvísu eykst meðallestur Fréttablaðsins um eitt prósent, Morgunblaðsins um tvö prósent, Blaðsins um þrjú prósent og lestur DV stendur í stað. Á landsvísu mælist meðallestur Fréttablaðsins nú 67,6 prósent, Morgunblaðsins 51 prósent, Blaðsins 32,2 prósent og DV 16,7 prósent, en þá er horft til fólks á aldrinum 12 til 80 ára.

Ef hins vegar einungis er horft til yngri hóps lesenda, á aldrinum frá 12 til 49 ára, og niðurstöður afmarkaðar við höfuðborgarsvæðið, kemur í ljós að meðallestur Fréttablaðsins nemur 66,9 prósentum, Morgunblaðsins 45,6 prósentum, Blaðsins 36,7 prósentum og Dagblaðsins 15,2 prósentum.

Athygli vekur að á höfuðborgarsvæðinu stendur lestur Blaðsins nánast í stað, þrátt fyrir frídreifingu, en í júní var meðallestur þess meðal fólks á aldrinum 12 til 49 ára 35,1 prósent og breytingin því aðeins um 1,6 prósent. DV bætir sig hins vegar um 2,2 prósent meðal sama aldurshóps á höfðuborgarsvæðinu.

Heldur fleiri horfðu á fréttir Sjónvarpsins í könnunarvikunni en horfðu á fréttir Stöðvar tvö, 41,8 prósent á móti 31 prósenti.

Þá kemur fram að sjónvarpsþátturinn Lífsháski, eða Lost, er vinsælastur með rúmlega 38 prósenta áhorf. Þar á eftir kemur Latibær með 29 prósent, svo Kastljósið með tæp 28 prósent og Málsvörn með tæp 27 prósent. Þar á eftir kemur þáttur Hemma Gunn, Það var lagið, á Stöð tvö, með tæplega 26 prósenta áhorf.

1.167 manns voru í endanlegu úrtaki Gallup að þessu sinni og var svarhlutfall 52 prósent. **- óká**




**DAGBLÖÐIN Í GOGGUNARRÖÐ** Fréttablaðið heldur yfirburðastöðu sinni á dagblaðamarkaði, en lítil breyting varð á lestri blaða milli kannana Gallup núna. Hitt fríðreifingarblaðið nær ekki að bæta stöðu sína.




Orsök sundmannakláða í Landmannalaugum skýrist:

# Stokkandarkolla olli kláða

**HEILBRIGÐISMÁL** Sundmannakláði sá sem blossað hefur upp í Landmannalaugum á síðustu árum er rakinn til stakrar stokkandarkollu sem hefur haldið til við Laugalæk, sem er heitur lækur á svæðinu, er fólk hefur stundað böð í.

Þetta kemur fram í áhugaverðri grein eftir Karl Skírnisson og Libusa Kolarova dýrafræðinga í nýjasta hefti Læknablaðsins. Dýrafræðingarnir hafa unnið að rannsóknum á uppruna sundmannakláðans sem hefur verið hvað skæðastur í ágústmánuði undanfarin ár. Þá reyndist fjöldi sundlirfa fuglasníkjudýra mjög mikill en fór minnkandi eftir því sem leið á haustið.

Skyndileg fjölgun þessara lirfa á þessu tímabili árin 2003 og 2004 er rakinn til stokkandarkollu sem verpti við baðstaðinn og ól þar upp unga sem bæði reyndust smitaðir af nasa- og iðraögðum þegar að var gáð. Talið er að ungarnir hafi smitast strax og þeir klöktust úr eggjum og átt stærstan þátt í að magna upp lirfusmitið.

Dýrafræðingarnir benda á að koma megi í veg fyrir skyndilega fjölgun sundlirfa í Laugalæknum á síðari hluta sumars með því að meina stokkönd að ala þar upp unga. Ekki sé þó víst að alfarið verði komið í veg fyrir kláðann með því. **-jss**



**SÖKUDÓLGURINN FUNDINN** Stök stokkandarkolla með unga er talin hafa orsakað mikla fjölgun sundlirfa sem ollu sundmannakláða hjá þúsundum gesta í Landmannalaugum.

Opið alla daga kl. 11-19
LAGERSALA EDDU
Bókamarkaður ársins
Fellsmúla 28
(gamla World Class húsinu)
Við rýmum fyrir jólabókunum
ALLT Á AÐ SELJAST!
Komdu og gerðu frábær kaup –
Einstakt verð og glæsileg sértilboð!
Edda

# Ostaveisla

## í Hagkaupum 6.-16. október

- Kynningar í búðum
- Mjólkurfræðingar kíkja í heimsókn
- Yfir 20 tegundir osta á tilboði
- Ostakörfur á ótrúlegu verði
- Frábært úrval af ostum



Kokkarnir
VEISLUÞJÓNUSTA
JÓNS ARNARS & RÚNARS

**Spennandi tilboð**
**í ostaborðinu Kringlunni**
Kynningar alla dagana

50% afsláttur




**Létt ostur** með skinku og beikon

20% afsláttur




**Búri**

30% afsláttur




**Ostakarfa** ostaveisla í einni körfu

Gildir til 16. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Af hvaða gerð er stærsta flugvél heims?*

2 *Til hvaða verðlauna er Arnaldur Indriðason tilnefndur?*

3 *Hver er formaður alþjóðablaðamannasamtakanna IFJ?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 50

Verðhækkun fasteigna og olíu er höfuðorsök verðbólgu segir forsætisráðherra:

# Of mikið gert úr mun á verðbólguspám

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, var málshefjandi utandagskrárumræðu um efnahagsmál á Alþingi í gær. Hún kvað viðskiptahallan meiri en nokkru sinni frá árinu 1947. Tvívegis hefði hann verið mikill í sögunni vegna ytri áfalla. Nú væri áfallið hins vegar framleitt heimafyrir og viðskiptahallinn fjórtán prósent.

Hún spurði forsætisráðherra hvort stjórnvöld hygðust veita Seðlabankanum lið í glímunni við verðbólguna og hvernig ríkisstjórnin ætlaði að bregðast við brostnum forsendum kjarasamninga.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði of mikið gert úr mun á verðbólguspám Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins en gert væri ráð fyrir 2,9 prósenta meðalverðbólgu til ársins 2010. Hann sagði hækkun fasteigna og hækkun olíuverðs skýra þensluna að miklu leyti. Hraðað yrði gagngerri endurskoðun á stöðu Íbúðalánasjóðs á vegum félagsmálaráðherra. „Það þarf að koma til breyting þar á bæ vegna breyttra aðstæðna sem hafa komið upp í þjóðfélaginu.“

Halldór taldi að spá um kaupmáttaraukningu næstu árin sem og áform stjórnvalda um lækkun skatta væru kjarabætur sem um munaði á næstunni. - jh



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSONFORSÆTISRÁÐHERRA** Segir að of mikið hafi verið gert úr þeim mun sem verið hafi á verðbólguspám.








**DAVID DAVIS** Brosti breitt eftir flutning ræðu sinnar í Blackpool í gær. AP

# Davis náði ekki að hrífa flokksmenn

**Keppinautarnir um leiðtogastól breska Íhalds-flokksins bítast nú um stuðning flokksmanna á flokksþingi í Blackpool. David Davis talaði í gær.**

**BRETLAND, AP** David Davis, sem talinn er standa best að vígi í upprennandi leiðtogakjöri í breska Íhaldsflokknum, reyndi að særa upp anda Winstons Churchill í ræðu sinni á flokksþingi flokksins í Blackpool í Englandi í gær, í því skyni að vinna atkvæði flokkssystkina sinna.

En mörgum flokksþingsfulltrúum þótti ekki mikið til ræðunnar koma í samanburði við ræður keppinauta hans og þykir því ekkert lengur gefið um niðurstöðu leiðtogakjörsins.

„Hann rembdist svo mikið við að reyna að gera áheyrendur snortna. Mér þótti lítið til koma,“ hefur AP eftir Esme Clark, óbreyttum þingfulltrúa sem ekki hefur enn gert upp hug sinn í leiðtogakjörinu.

„Það var draumur Churchills um Bretland þar sem „eru mörk sem enginn maður má falla niður fyrir en engin mörk sem maður getur risið upp í“ sem dró mig inn í stjórnmál. Og þessi draumur veitir mér enn innblástur,“ sagði Davis. Í ræðunni talaði hann annars fyrir gömlum íhaldsgildum eins og lágum sköttum, frjálsum markaði og hörku í löggæslu.

Fimm þingmenn flokksins sækjast eftir að taka við af Michael Howard, sem boðaði afsögn eftir að flokkurinn tapaði þriðju þingkosningunum í röð í vor sem leið.

Stuðningsmenn Davis sögðu ræðu hans hafa verið „fagmannlega“ og „trausta“. En mörgum öðrum þingfulltrúum fannst ræðan tyrfin og flutningur hennar óspennandi.

Keppinautum Davis sem fluttu ræður sínar á þriðjudag, Kenneth Clarke og David Cameron, þótti takast miklu betur upp. Hjá veðmöngurum lækkuðu líkurnar á sigri Davis talsvert eftir að hann flutti ræðu sína í gær.

Alls hafa 66 af 196 þingmönnum Íhaldsflokksins lýst stuðningi við Davis, en þar með er næsta víst að hann verði annar af þeim tveimur frambjóðendum í leiðtogakjörinu sem allir skráðir flokksmenn munu loks kjósa á milli, eftir að hinir verða slegnir út í útsláttaratkvæðagreiðslum í þingflokknum á næstu vikum. Úrslitin verða kunngjörð 6. desember.

audunn@frettabladid.is

Þrír menn fá Nóbelsverðlaun í efnafræði:

# Dansandi frumefnafans

**STOKKHÓLMUR, AP** Yves Chauvin, Frakklandi, og Bandaríkjamennirnir Robert H. Grubbs og Richard R. Schrock hljóta Nóbelsverðlaunin í efnafræði í ár.

Þremenningarnir fengu verðlaunin fyrir að þróa aðferð til gagnkvæmra frumefnaskipta, en þá skiptast frumeindir á sætum innan sameinda. Aðferðin er nú mikið notuð í efna-, líftækni- og matvælaiðnaði til að búa til sterkari efni og betri lyf svo dæmi séu tekin.

Í umsögn sinni líkti sænska vísindaakademían aðferðinni við dans þar sem dansararnir skiptu ótt og títt um dansfélaga.



**EINN NÓBELSVERÐLAUNAHAFANNA** Robert H. Grubbs hlaut efnafræðiverðlaunin í ár.

WWW.SVAR.IS

# Bylting í LCD sjónvörpum

## Skarpari mynd en áður hefur sést!



NÝ LCD TÆKNI
1200:1
SKERPA

## VIEWPIA 37" LCD

37" LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video, Optical út,
Loftnet, VGA, DVI
2x15W Nicam Stereo hátalarar

**Tilboðsverð:** **219.900,-**

- Mynd í mynd
- Mynd við mynd
- Textavarp
- Grafískur tónjafnari
- Virkt sjónarhorn 176°
- 2 ára ábyrgð

2 ÁRA ÁBYRGÐ



2 ÁRA ÁBYRGÐ

## VIEWPIA 26" LCD

26" LCD skjár
1280x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video, Optical út,
loftnet, VGA, DVI, Composite
2x15W Nicam Stereo

**Tilboðsverð:** **99.900,-**



2 ÁRA ÁBYRGÐ

## VIEWPIA 32" LCD

32" LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video, Optical út,
Loftnet, VGA, DVI, Composite
2x15W Nicam Stereo

**Tilboðsverð:** **149.900,-**



2 ÁRA ÁBYRGÐ

## VIEWPIA 42" LCD

42" LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video,Optical út,
Loftnet, VGA
Nicam Stereo

**Tilboðsverð:** **299.900,-**

svar tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS



**TÍMAMÓTATE** Fáar þjóðir drekka meira te en Bretar en fram til þessa hafa þeir flutt inn allt sitt te. Nú ber hins vegar svo við að terækt er hafin á Cornwall-skaga á Englandi og er víst að þessi teþyrsta þjóð gleðst yfir því.

## BANDARÍKIN

Makaval kvenna tengt stöðu þeirra
Einstæðar mæður giftast eldri og verr menntuðum mönnum en barnlausar konur. Þetta eru niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem náði til meira en hundrað þúsund kvenna í Bandaríkjunum. Rannsóknin stóð yfir í fimmtán ár. Þar kom fram að konur sem áttu börn úr fyrri samböndum voru yfir höfuð mun ólíklegri til að giftast heldur en barnlausar konur. Þær sem það gerðu giftust að jafnaði mun eldri mönnum en þær barnlausu og jafnframt voru mannsefni þeirra með mun lakari menntun.

## DÓMSMÁL

Átján ára stúlka hefur verið dæmd í þriggja mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að stela fatnaði úr fjórum verslunum í Kringlunni í Reykjavík í vor. Þá var hún í júnílok gripin með rúmt gramm af hassi, en lögreglumenn leituðu á stúlkunni. Stúlkan játaði brot sín fyrir dómi, en hún rauf með brotum sínum skilorð frá því í desember 2003. Stúlkan fékk aftur skilorðsbundinn dóm, að þessu sinni fellur refsing hennar niður haldi hún skilorð í tvö ár.

Forsetakosningar fara fram í Póllandi á sunnudaginn:

# Tusk heldur forskotinu

**PÓLLAND, AP** Samkvæmt niðurstöðum skoðanakannana sem birtar hafa verið í vikunni heldur Donald Tusk, leiðtogi frjálshyggjuflokksins Borgaravettvangs, allgóðu forskoti á keppinautinn Lech Kaczynski, borgarstjóra Varsjár, fyrir forsetakosningar sem fram fara í Póllandi á sunnudag.

Samkvæmt könnun PBS mælist Tusk með 37 prósenta fylgi en Kaczynski, frambjóðandi íhaldsflokksins Laga og réttlætis, með 33 prósent. Aðrar kannanir sýna forskot Tusks allt upp í ellefu prósent.

Tusk tjáði blaðamönnum á þriðjudag að hann vildi vinna kosningarnar til að „hindra að Lög og réttlæti fari með öll völd". Sá flokkur fékk lítið eitt meira fylgi en Borgaravettvangur Tusks í þingkosningunum í september. Flokkarnir tveir eru í stjórnarmyndunarviðræðum en forsætisráðherrann mun koma úr röðum Laga og réttlætis.

Vinni enginn frambjóðandi hreinan meirihluta á sunnudaginn verður kosið á milli tveggja efstu þann 23. október. Sá sem vinnur mun taka við af Alexander Kwasniewski sem verið hefur forseti í tvö kjörtímabil. **-aa**



**DONALD TUSK** Nýtur mests fylgis í könnunum.

Óheppinn brunavörður:

# Bitinn af kyrkislöngu

**NOREGUR** Maður nokkur tilkynnti um týnda kyrkislöngu í bænum Kongsberg í vikunni og var slökkvilið bæjarins gert út af örkinni til að leita að dýrinu.

Þegar slökkviliðsmennirnir fundu loks slönguna áttuðu þeir sig á því að þeir hefðu enga þekkingu á meðferð slíkra kvikinda. Þeir létu það þó ekki aftra sér frá því að hremma snákinn, sem snerist hins vegar til varnar og beit einn slökkviliðsmanninn heiftarlega.

Slöngunni var skilað til síns heima og slökkviliðsmaðurinn fékk stífkrampasprautu. ■

# 18 mánuðir og 3,3 milljónir

**Knattspyrnumaðurinn Scott Ramsay hlaut dóm í gær fyrir fyrir að bana danska hermanninum Flemming Tolstrup með einu hnefahöggi á veitingastað í Keflavík aðfaranótt 13. nóvember í fyrra.**

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi Ramsay í átján mánaða fangelsi, þar af fimmtán mánuði skilorðsbundna til þriggja ára, auk þess að greiða 3,3 milljónir í útfararkostnað, skaðabætur, sakarkostnað og lögmannskostnað.

Í aðalmeðferð málsins fyrir rétti sagði Ramsay, sem er þrítugur Skoti, afbrýðisemi og ölvun hafa valdið því að hann veitti Dananum höggið, en sá síðarnefndi hafði að sögn Ramsays áreitt konu Ramsays allt kvöldið. Ramsay og kona hans, sem er íslenskur ríkisborgari, höfðu farið út að skemmta sér með félögum hans úr knattspyrnudeild Keflavíkur og eiginkonum þeirra og var þetta í fyrsta sinn sem þau fóru út saman eftir fæðingu fatlaðs sonar þeirra sjö mánuðum fyrr. Tolstrup hóf að áreita konu Ramsays á einu veitingahúsi, svo parið flutti sig yfir á Traffic, en Daninn elti þau þangað og hélt áfram uppteknum hætti.

Ramsay sagðist hafa reiðst snögglega eftir að kunningjakona hans benti honum á athæfi Tolstrups. Hann snaraðist að Dananum og sló hann einu hnefahöggi á hægri kjálka.

„Ég varð svo reiður vegna þess að þessi maður vissi að ég var með konunni minni," sagði Ramsay niðurlútur við aðalmeðferð málsins. Hann virtist mjög miður sín yfir atburðinum og sagði lögreglu að hann hefði aldrei áður lagt hendur á nokkurn mann.




**SCOTT RAMSAY** Dómur féll í máli Scotts Ramsay í Héraðsdómi Reykjaness í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Eftir höggið yfirgaf Ramsay staðinn og hélt heim ásamt konu sinni. Hann sagðist hafa verið kominn í skó og verið á leið á lögreglustöðina til þess að gefa sig fram þegar lögreglan sótti hann.

Bæði Tolstrup og Ramsay voru undir áhrifum áfengis þetta kvöld. Tolstrup var í danska flughernum. **smk@frettabladid.is**





**UPPREISN ÆRU** Í gær aflétti Evrópusambandið fjögurra ára löngu sölubanni á nautasteikum á beini en því var upphaflega komið á árið 2001 þegar ótti manna við kúariðu var sem mestur. MYND/AP

Talningu atkvæða í afgönsku þingkosningunum lokið:

# Stríðsherrunum vegnaði vel

**KABÚL, AP** Talningu atkvæða í þingkosningunum í Afganistan sem fram fóru í síðasta mánuði er lokið. Stríðsherrar, kvenréttindakonur og talibanskur herforingi eru á meðal þeirra sem vegnaði vel.

Þótt rúmar tvær vikur séu liðnar frá afgönsku þingkosningunum lauk talningunni fyrst í þessari viku, ef frá eru talin atkvæði úr nokkrum kjörkössum sem grunur leikur á að átt hafi verið við.

Bráðabirgðaniðurstöður gefa hins vegar til kynna að stríðsherrar sem ráða fjölmörgum héruðum landsins hafi borið sigur úr býtum í sínum byggðum og koma þau tíðindi sjálfsagt fáum á óvart. Hins vegar hefur velgengni kvenna í kosningunum vakið athygli og ánægju enda voru þær afar kúgaðar á tímum talibanastjórnarinnar. Rétt eins og í Írak var fjórðungur þingsætanna eyrnamerktur konum.

Talibanar fengu sjálfir fá atkvæði, ef frá er talinn Abdul Saalam Rocketi, frá Zabul-héraði, en viðurnefni sitt fékk hann vegna hæfileika sinna með eldflaugavörpu.

Endanleg úrslit verða ekki kynnt fyrr en eftir tvær vikur, og þá í smáum skömmtum til að koma í veg fyrir ólgu í landinu. **-shg**



**ATKVÆÐIN TALIN** Kjörseðlarnir í þingkosningunum voru í stærra lagi enda var ekki kosið á milli flokka heldur einstakra frambjóðenda. MYND/AP

Fiskveiðiáætlun SÞ:

## Ræða vernd á hafsvæðum

**FISKVEIÐISTJÓRNUN** Vernd viðkvæmra hafsvæða á úthafinu verður meðal umræðuefna á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðann um fiskveiðiályktun. Viðræður hófust í New York í gær og standa næstu vikur.

Í Djúpinu, vefriti Sjávarútvegsráðuneytisins, sem kom út í fyrradag, kemur fram að Íslendingar hafi beitt sér fyrir því að þær fjalli um vernd viðkvæmra hafsvæða í þeim fiskveiðistjórnunarstofnunum sem Ísland á aðild að.

Fulltrúi Íslands á fundinum er Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins. **-sda**

## NOREGUR

**PYLSUÁTIÐ Á UNDANHALDI**
Norðmenn sporðrenna ókjörum af pylsum hvern einasta dag. Nú ber hins vegar svo við að sala á pylsum hefur dregist saman um tvö prósent á milli ára eftir sífellt aukna pylsuneyslu áranna þar á undan. Hollari kostir, svo sem ávextir, eru sagðir skýringin á samdrættinum.

**MJÓLKURÁ Í HÖFUÐBORGINNI**
Óhapp varð í Ósló fyrir helgi þegar vörubretti sem á voru dósir af hvítri málningu féll af palli vöruflutningabíls og hafnaði í ánni Aker. Áin varð drifhvít á augabragði en þar sem málningin var vatnsuppleysanleg fékk hún fljótlega sinn fyrri lit.

## STJÓRNMÁL

Vinstri græn fá nýja stjórn
Ný stjórn var kjörin í Reykjavíkurfélagi Vinstri - grænna á aðalfundi félagsins í fyrrakvöld. Þorleifur Gunnlaugsson er formaður félagsins og með honum í stjórn eru þau Auður Lilja Erlingsdóttir, Gérard Lemarquis, Guðlaug Teitsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Hrafnkell Tumi Kolbeinsson og Sigríður Kristinsdóttir.

Samningaviðræður tveggja kvikmynda- og framleiðslufyrirtækja:

# Saga film og Storm sameinast

**SAMEINING** Til stendur að Kvikmynda- og framleiðslufyrirtækin Saga film og Storm sameinist. Pétur Óli Gíslason, framkvæmdastjóri Storm, staðfestir að þessar viðræður séu á lokastigi og líklegt sé að skrifað verði undir samning í dag.

Kristján Grétarsson, framkvæmdastjóri Saga film, tekur í sama streng og Pétur. „Þetta er að ganga upp, vonandi í dag," segir Kristján. Hann segir að ekki verði gagngerar breytingar á framleiðslunni, áfram verði um blandaða vinnu að ræða. „Fyrirtækin hafa hvort um sig talsverða sérþekkingu fram að færa. Þeir hjá Storm hafa verið ötulir við framleiðslu á sjónvarpsefni og hafa sérþekkingu á svokallaðri viðburðaskipulagningu." Hann segir að áfram verði lögð áhersla á framleiðslu auglýsinga.

Ef til kemur munu fyrirtækin tvö sameinast að fullu og starfa undir sama þaki. **-saj**



**KVIKMYNDAGERÐ** Hluti af viðskiptum íslenskra framleiðslufyrirtækja felst í þjónustu við erlenda kvikmyndagerð.

Nýtt laxveiðimet:

## Sjö þúsund fleiri laxar í ár

**LAXVEIÐI** Fyrstu bráðabirgðatölur úr laxveiðiám benda til þess að stangveiðin hafi verið um 53.500 laxar. Það er um 7.600 löxum meiri veiði en var á árinu 2004 sem aftur er 52,4 prósentum meiri veiði en meðalveiði áranna 1974 til 2004.

Stangveiði á laxi sumarið 2005 er sú mesta sem skráð hefur verið úr stangveiði í íslenskum ám en fyrra met var 1978 þegar 52.679 laxar veiddust.

Hluti þeirra laxa sem sleppt er veiðist aftur og hækkar það veiðitölur margra áa. Hlutfall laxa sem sleppt er hefur farið hækkandi á undanförnum árum og var um sextán prósentum veiddra fiska sleppt á árinu 2004. Laxveiði jókst hlutfallslega mest á Vesturlandi en metveiði var þar í nokkrum veiðiám. ■





# VEGGFÓÐUR. tímarit

# Fyrsta prentun uppseld!

Fyrsta tölublað Veggfóðurs er uppselt hjá útgefanda og ný prentun er væntanleg.

Tímaritið Veggfóður þakkar frábærar viðtökur.

**Þú getur gerst áskrifandi á visir.is**

Síminn er 550 5000






## *Tilboð fyrir nýja áskrifendur*

FÁÐU ÞÉR **12 MÁNAÐA ÁSKRIFT** NÚNA Á AÐEINS **KR. 5.872** OG FÁÐU FALLEGA GJÖF AÐ AUKI.

*1*

Petal Essence Face Accents þriggja lita andlistfarði frá Aveda og Aveda box sem hentar afar vel undir. Gott til þess að hafa í veskinu eða skápnum.



*2*

Aquolina Bodymousse sem er jógúrtlína fyrir allar viðkvæmustu húðgerðir. Sú besta til að næra húðina og gera hana mjúka. Jógúrtlínan kemur í 3 baðtegundum sem hægt er að velja á milli: kirsuberja, Ananas og villiberja.



*3*

Zirh taska með snyrtivörum fyrir karlmenn. Tilvalið í ferðalagið eða helgarferðina.




VEGGFÓÐUR ER HLUTI AF SIRKUS HEIMINUM

SIRKUS

# það er tilboðshátíð

## verulegar v



nýtt saltkjöt

frábært verð!

**199** kr.kg.
Saltkjöt




holltog gott!

**25%** afsláttur
Goða blóðmör, lyfrarpylsa og svið




**99** kr.kg.
Kjúklingavængir

**299** kr.kg.
Kjúklingalæri




**2 fyrir 1**
Toppur 1,5l. Hreinn og sítrónu





nýtt íslenskt!

**99** kr.kg.
Nýtt íslenskt kínakál






lausfryst ber

frábært í sjeikinn!

**50%** afsláttur
Hindber 300gr., jarðarber 500gr., skógarber 300gr.

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is

Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda frá 6. til 9. okt. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# í Nettó verslunum

## erðlækkanir



frosið
**lambalæri**
af nýslátruðu

**799** kr.kg.
Lambalæri



**-599** kr.kg.
afsláttur

**50%** afsláttur
Hamborgarasteik, reyktur úrb. grísabógur
verð áður kr.kg. 1.198,-



**30%**
afsláttur

**30%**
Hálfúrbeinuð kjúklingalæri án skinns



**30%** afsláttur
Kjúklingaleggir í texaskryddi

**30%** afsláttur
Kjúklingalæri í hvítlaukskryddi



**295** kr.stk.
Wagner Stone Oven Pizzur



1ltr.

**98** kr.pk.
Dix uppþvottalögur 1l.



4ltr.

**299** kr.stk.
Booster taumýkir 4l.



3ltr.

**299** kr.pk.
Booster þvottaefni 3kg.

netto

## „ORÐRÉTT“

*Einmitt*

**„Ég er að gera mér þá hugmynd að nú hilli undir lokin á þessari rannsókn.“**

**Jón H.B. Snorrason saksóknari í Fréttablaðinu um lögreglurannsóknina á samráði olíufélaganna.**

*Þá vitum við það*

**„Ég er með mjög mjóar og grannar hásinar.“**

**Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri um eigin hásinar í Morgunblaðinu en hásin hægri fótar hennar skarst þegar hún missti kjötsax á hana á dögunum.**

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** GARÐAR THÓR CORTES ÓPERUSÖNGVARI

# *Syngur Rigoletto á norsku*

Garðar Thór Cortes óperusöngvari er staddur í Noregi um þessar mundir að syngja hlutverk hertogans í óperunni Rigoletto eftir Verdi. „Hún er sungin á norsku,“ segir Garðar, sem finnst það svolítið snúið. „Maður þarf að bera jeg og deg rétt fram svo það hljómi ekki eins og danska,“ segir hann kíminn.

Garðar ferðast töluvert um heiminn vegna starfs síns en er búsettur á Íslandi. „Það er auðvitað draumurinn,“ segir Garðar um það að geta verið óperusöngvari í fullu starfi á Íslandi. Hins vegar sé sá draumur fjarstæðukenndur enn sem komið er.

Garðari finnst leiðinlegt að vera að heiman en segist þó ekki geta kvartað núna þar sem hann verður eingöngu í burtu í fimm vikur. „Unnusta mín kom til Oslóar um daginn og það stytti dvölina alveg heilmikið,“ segir Garðar, sem ætlar að gefa út geisladisk í nóvember með klassískri popptónlist. Eftir það hefjast æfingar á Öskubusku sem verður sýnd í Íslensku óperunni í vetur. „Þá fæ ég að vera á Íslandi og ég er svo feginn,“ segir Garðar og finnst alger forréttindi að fá að koma heim í kvöldmat.

Garðar átti ekki mikið sumarfrí en gat þó slakað aðeins á í ágúst. Mestur frítími hans fer þó samt sem áður í að undirbúa næstu hlutverk. „Reyndar fórum við tvö til Parísar og þá náði ég að syngja ekki í fimm daga og það var ægilega mikill lúxus,“ segir hann hlæjandi.



## SJÓNARHÓLL

**BENSÍNSTYRKUR ÖRYRKJA FELLDUR NIÐUR**



### *Slæmt*

**EYDÍS ANNA BJÖRNSDÓTTIR**

„Allir niðurskurðir til öryrkja eru af hinu slæma,“ segir Eydís Anna Björnsdóttir fatahönnuður um þá fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að fella niður bensínstyrki til öryrkja. Kveðið er á um þann gjörning í fjárlagafrumvarpinu sem kynnt var á mánudag. Eydís Anna veit sem er að bætur öryrkja eru ekki háar og er þeirrar skoðunar að rétt sé að reyna að létta þeim lífið með fjárhagsaðstoð á borð við bensínstyrk. Hún vonar jafnframt að ríkisstjórnin hverfi frá þessari fyrirætlan sinni svo öryrkjar geti áfram notið bensínstyrkjarins.




# Ógurleg átök og gríðarleg gleði

**Einbeitingin skein úr andlitum þátttakenda í keppninni um titilinn Sterkasti fatlaði maður heims sem haldin var á dögunum. Íþróttafélag fatlaðra stóð að keppninni og fór hún nú fram í þriðja sinn.**

„Þetta gekk ótrúlega vel,“ segir Arnar Már Jónsson, aflraunamaður og þjálfari hjá Íþróttafélagi fatlaðra. Hann skipulagði mótið ásamt Magnúsi Ver Magnússyni, sem eitt sinn var sterkasti maður heims.

Keppendur tóku vel á því og náðu gríðarlega góðum árangri að sögn Arnars. Sem dæmi má nefna að Hörður Arnarsson, sigurvegari í flokki standandi, lyfti 120 kílóa steini upp á tunnu. Menn ættu ekki að reyna það heima hjá sér!



**ÞÚ SKALT UPP!** Átökin voru ógurleg þegar keppt var um titilinn Sterkasti fatlaði maður heims um helgina.

Sigurvegari í samanlögðu, það er í flokkum standandi og í hjólastólum, varð Finninn Pahvo Jauhojarvi og varði hann titil sinn frá í fyrra.

Að keppni lokinni gerðu menn sér glaðan dag á Fjörukránni, ræddu frammistöðuna og brýndu sig fyrir næsta mót sem haldið verður að ári.



**KOMA SVO** Steinarnir voru ekki teknir neinum vettlingatökum.



**HLAÐINN VERÐLAUNUM** Sigurvegararnir voru hlaðnir verðlaunum.



**ÁNÆGÐIR Í MÓTSLOK** Keppendur og aðstandendur voru himinlifandi að móti loknu.


Frosið slátur
SS fremstir fyrir bragðið
SS FROSIN LIFRARPYLSA
426 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 608kr.
SS FROSIN BLÓÐMÖR
398 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 568kr.
ES kartöflumús
Potato mash
Aardappelpuree
Potatismos, bas
Perunamuusihiutale
30% afsláttur við kassann
179 KR.
4x125g
Hálft kíló
KJARNAFÆÐI
Sveitabjúgu
KOFAREYKT
KOFAREYKT BJÚGU
299 kg KR.
Ekkert bruðl!
Tannkrem 75 ml
59 KR.
75 ml
Holta-kjúklingur
40% afsláttur við kassann
Ferskir blandaðir Holta kjúklingabitar
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
269 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 449kr.
ES pasta 500g
GNOCCI/500g
39 KR.
PENNE RIGATE
39 KR.
500g
Kofareykt eða saltað folaldakjöt
REYKT/SALTAÐ
389 kg KR.
35% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.
35% afsláttur við kassann
DÖNSK UPPSKRIFT
499 kg KR.
Heimilis PYLSUR
30% afsláttur við kassann
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
279 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 399kr.
Blandað lambasaltkjöt
93 KR.
300g
Smjörvi
FROSINN LAMBABÓGUR
599 kg KR.
2 LÍTRAR
149 KR.
Vanillu Ís
Súkkulaði Ís
BÓNUS
SYKURMINNSTA SÚKKULAÐI MORGUNKORNIÐ!
269 KR.
600g
48% MINNI SYKUR
Weetos
60% EXTRA FREE
HEILHVEITIHRINGIR MEÐ GÓÐU SÚKKULAÐIBRAGÐI
*48% minna sykurmagn en í Cocoa Puffs skv. innihaldslýsingu á Cocoa Puffs pökkum.
BÓNUS SKÚFFUKAKA
199 KR.
400g
BÓNUS SKÚFFUKAKA 400g FRÁ MYLLUNNI
Lakkrís karamellukaka
...fyrir góðan dag!
KS
Frosinn KS lambabógur
bonus.is
BÓNUS

## BÚFERLAFLUTNINGAR Á ÁRINU




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: TYRKLAND OG VIÐRÆÐUR VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ

# *Of margir fátækir múslimar*

Aðildarviðræður Tyrklands við Evrópusambandið áttu að hefjast á mánudag, en hófust ekki fyrr en á þriðjudag vegna andmæla stjórnvalda Austurríkis, sem vildu setja frekari skilyrði inn í samningsumboð Evrópusambandsins áður en viðræður hófust. Tilgangur þess að setja frekari skilyrði í samningsumboðið var að gera það erfiðara fyrir sambandið að semja við Tyrki.

Af hverju andstaða við inngöngu Tyrklands?
Það sem helst hefur verið tínt til gegn inngöngu Tyrklands í Evrópusambandið er í fyrsta lagi fjöldi Tyrkja, en þeir eru um 72 milljónir. Þótt Tyrkir gengju í Evrópusambandið yrðu Þjóðverjar enn fjölmennasta ríki þess. Tyrkland yrði hins vegar næstfjölmennasta ríkið. Samkvæmt mannfjöldaspám yrði Tyrkland þó enn fjölmennara en Þýskaland eftir einungis fimmtán ár. Því er spáð að þá verði Tyrkir komnir yfir áttatíu milljónir, en fjöldi Þjóðverja dragist eitthvað saman.

**Hvað annað en fjöldinn?**
Fjöldinn er í sjálfu sér ekki ógn við núverandi íbúa Evrópusambandsins ef ekki kæmi fleira til. Sérstaklega er litið til þess að Tyrkland sé of fátækt ríki, miðað við fólksfjölda. Nógu erfitt hafi verið fyrir sambandið að hafa fengið inn fyrir sínar raðir Pólland, sem bæði er fjölmennt og fátækt. Þegar Pólland gekk í sambandið spruttu upp miklar deilur um framtíð landbúnaðarþjóða sambandsins og krafa um endurskipulagningu, þar sem pólskir bændur myndu tæma þá sjóði á fáum árum. Ef færa ætti landbúnað í Anatólíu á sama stig og í sveitahéruðum Frakklands yrði það einnig mjög dýrt fyrir Evrópusambandið. Mikill þróunarmunur er innan Tyrklands, og er höfuðborgin Istanbul á allt öðru þróunarstigi en sveitir landsins.

**En trúarbrögðin?**
Þriðja atriðið sem Evrópubúar hafa tínt til sem ástæðu fyrir því að hefta inngang Tyrkja í Evrópusambandið er að meginhluti Tyrkja er súnnímúslimar. Samkvæmt stjórnarskrá Tyrklands er reyndar aðskilnaður ríkis og kirkju og er hvergi annars staðar í íslömsku ríki eins ströng skilin þarna á milli. Um það verður þó varla deilt, eftir deilur innan Evrópusambandsins um hlutverk kristni í stjórnarskrá, að það að Tyrkland skuli ekki vera kristið land skiptir máli.

## SPURT OG SVARAÐ

KYNLÍF UNGLINGA

# *Áhyggjurnar eðlilegar*

Áhyggjur foreldra og yfirvalda af breyttum viðhorfum unglinga til kynlífs fara sívaxandi og er landlæknisembættið að taka á málunum. Það hefur stofnað samvinnuhóp sem á að kynna unglingum gangkvæma virðingu í kynlífi því óttast er að unglingar líti á kynlíf sem skiptimynt.

**Telur þú áhyggjur foreldra of miklar?**

Nei, það er eðlilegt að hafa áhyggjur af því að einhverjir unglingar líti á kynlíf sem skiptimynt en við megum samt ekki ætla öllum það. Meirihlutinn lítur alls ekki á kynlíf sem skiptimynt. Hann ber mikla virðingu fyrir öðrum en stór hluti þeirra er ekki farinn að stunda kynlíf við sextán ára aldur. Þó er ákveðinn hópur sem vissulega ber að hafa áhyggjur af.

**Er samt rétt að kynna þeim hvernig beri að líta á kynlíf?**

Mín skoðun er sú að við eigum ekki að færa þeim upplýsingar um óeðlilega eða óæskilega hegðun án þess að spurningarnar hafi vaknað hjá þeim. Þá getum við verið að kveikja upp hugmyndir sem voru ekki til staðar. Ég óttast oft að það sem við að gera með of mikilli umræðu um neikvæða hegðun.


JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

**Telur þú að umræða um kynlífsvæðinguna ýti undir kynlíf meðal unglinga?**

Hún getur í það minnsta komið inn þeim hugmyndum að þetta sé ein leiðin til þa ð fá eitthvað í gegn.

# Fleiri verkefni og flókn

**Með fækkun sveitarfélaga og stækkun verða þau í meiri mæli í stakk búin til að taka við fleiri verkefnum frá ríkinu. Minni sveitarfélög starfa í byggðasamlögum til að geta sinnt lögbundnum verkefnum. Stór hluti ráðstöfunarfjár þeirra renna beint til byggðasamlaganna.**



Kosið verður um sextán sameiningartillögur í 61 sveitarfélagi á laugardag. 69.144 eru á kjörskrá en íbúar þessara sveitarfélaga eru um 96 þúsund. Ef allar sameiningartillögurnar verða samþykktar, sem verður þó að teljast ólíklegt, fækkar sveitarfélögunum í 46. Stærsta sveitarfélagið verður áfram Reykjavík en það minnsta Skorradalshreppur þar sem 64 búa. Skorradalshreppur hafnaði sameiningu sveitarfélaga í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar í apríl og aftur í byrjun júní.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir Ísland eina landið sem beitir svona lýðræðislegri aðferð við sameiningu. Í Svíþjóð og Danmörku fari sameining fram með lagaboði. „Þetta er ferli sembýður upp á lýðræðisleg vinnubrögð. Það eru íbúar sem taka þessa ákvörðun.“ Vilhjálmur segir tilganginn með sameiningu skýran. „Hann er í þeim tilgangi að styrkja og efla sveitarfélögin og sveitarstjórnarstigið. Það er verið að gera sveitarfélög hæfari til að takast á við núverandi verkefni og hugsanlega fleiri verkefni. Einnig mynda sameinuð sveitarfélög heildstætt atvinnu- og þjónustusvæði.“ Vilhjálmur segir þetta í annað sinn sem farið er í meiriháttar atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélaga. Sú fyrri var árið 1993, sem hafi haft sín áhrif. „Frá 1990 til dagsins í dag hafa sveitarfélögum fækkað úr 204 í 92, sem er allgóður árangur. Langflest sameiningarverkefni á undanförnum árum hafa tekist vel.“

Vilhjálmur segist ekki hafa áhyggjur af framtíð smærri sveitarfélaga, þar sem sameining verður ekki samþykkt, þrátt fyrir að verkefnum sveitarstjórna geti fjölgað. „Minni sveitarfélög hafa myndað byggðasamlög um rekstur, eins og samstarf um rekstur á grunnskólum. Þau munu leysa sín mál áfram með þeim hætti. Það er þeirra að ákveða hvernig því starfi verður háttað.“

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir sameiningarátakið nú komið vegna samþykktar á landsþingi sambandsins árið 2002, þar sem samþykkt var að unnið skyldi að eflingu og styrkingu sveitarfélaga með frjálsri sameiningu, í stað þess að sameina sveitarfélög með lögum.

Stærri sveitarfélög eru frekar í stakk búin að takast á við þær breytingar sem þegar hafa orðið, og fjölgun verkefna sem getur orðið. Það er ljóst að sveitarstjórnir í stærri sveitarfélögum eru tilbúnari til að taka við fleiri verkefnum og efla sveitarstjórnarstigið og til þess að slíkt sé hægt þurfa þau að stækka og eflast. „Sveitarstjórnir hér á landi fara með færri verkefni en á hinum Norðurlöndunum. Hér fara sveitarstjórnir með um 30 prósent af ráðstöfun hins opinbera, en ríkið fer með rétt um 70 prósent. Hlutfallið er gagnstætt á hinum Norðurlöndunum. Þar fara sveitarfélög með um 60-70 prósent af ráðstöfun hins opinbera.“

Þórður bendir á, líkt og Vilhjálmur, að minni sveitarfélög hafa brugðist við auknum lögbundnum skyldum gagnvart íbúum með því að stofna byggðasamlög og eiga í samvinnu um stærri verkefni. Hins vegar sé það svo að sveitarstjórnarmenn hafa bent á að aðkoma þeirra og ábyrgð sé minni í slíku samstarfi og stór hluti fjármagns þeirra sveitarfélaga fari beint til byggðasamlaganna.



FRÉTTASKÝRING
SVANBORG SIGMARSDÓTTIR
svanborg@frettabladid.is

ÝSUSPRENGJA Í DAG ÝSUFLÖK 499 kr kg

ÍSLENSKAR STÓRAR RÆKJUR AÐEINS 990 kr kg

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686



**GRÆÐGIN VARÐ HENNI AÐ FALLI** Þjóðgarðsverðir í Everglades-þjóðgarðinum urðu heldur en ekki hissa þegar þeir gengu fram á hræið af fjögurra metra langri búrmapítu. Slangan var svo gráðug að hún hafði reynt að gleypa þriggja metra langan krókódíl sem einnig hafðist við í garðinum. Krókódíllinn var þó of stór biti fyrir slönguna að kyngja og því lyktaði máltíðinni með dauða beggja skriðdýranna. MYND/AP

# ari stjórnsýsla



Sameining sjö sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum:

## Fjögur með en þrjú á móti

Nemendur Framhaldsskólans í Húsavík í samvinnu við Þekkingarsetur Þingeyinga gerðu viðhorfskönnun um sameiningu sjö sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum. Þar kom fram að meirihluti íbúa fjögurra sveitarfélaga er hlynntur sameiningu en á móti er meirihluti þriggja. Hlutfall óákveðinna, og þeirra sem vildu ekki gefa upp afstöðu sína, er stórt eða frá helmingi íbúa sveitarfélaganna og niður í fjórðung.

Meðal Húsavíkinga kom fram afgerandi vilji til sameiningar en af þeim sem tóku afstöðu sögðust 75 prósent vilja sameiningu. Íbúar Kelduneshrepps voru fylgjandi sameining, eða 65 prósent og 58 prósent í Raufarhafnarhreppi og 52 prósent í Öxarfjarðarhreppi.

Andstaðan við sameiningu var mest í Skútustaðahreppi, þar voru 76 prósent á móti. 68 prósent íbúa Aðaldælahrepps voru andsnúnir sameiningu og 62 prósent íbúa Tjörneshrepps voru andvígir.



**VIÐHORFSKÖNNUÐIR** Sigrún og Lísa voru á meðal þeirra nemenda í félagsfræði við Framhaldsskólann á Húsavík sem framkvæmdu könnunina.

Könnunin var framkvæmd dagana 19. til 22. september og úrtakið var tæplega 700 íbúar sveitarfélaganna sjö. - kk



## ÚTGJÖLDIN

> Afnotagjöld sjónvarps.
Árgjald miðað við verðlag í nóvember hvers árs.




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN: GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR ALÞINGISKONA**

## *Bestu kaupin hjá Hjálpræðishernum*



Ein bestu kaup lífs síns gerði Guðrún Ögmundsdóttir hjá hjálpræðishernum í Danmörku. Hún var námsmaður þar á árunum 1979 til 1985 og þá hafði hún eins og aðrir námsmenn lítið fé á milli handanna. „Þar gat maður keypt svo mikið af sniðugum hlutum fyrir lítinn pening," minnist Guðrún, sem keypti allt frá bollum til stórra húsgagna. Sumt af því sem hún fjárfesti í þá á hún enn í dag, þar á meðal flott gamalt borð. „Það hefði verið mjög dýrt ef það hefði verið á antiksölu," segir Guðrún, sem segir borðið enn í notkun í dag en er þó að hugsa um að halla því bráðum.

Guðrúnu eru engin ein verstu kaup minnisstæðari en önnur. „Það eru einhver flýtiútsölukaup, einhver panikkaup þegar maður heldur að mann vanti föt. Þá kaupir maður tóma vitleysu," segir Guðrún og hlær. „Það er mörg peysan sem hefur farið beint til Rauða krossins," bætir hún við.

„Maður kaupir oft einhverja bölvaða vitleysu," segir Guðrún, sem reynir nú orðið að flýta sér hægt á útsölum.

Hún þorir ekki að skjóta á hve miklum peningum hún hafi varið í útsöluföt sem hún fór aldrei í en segist þó viss um að þau góðu kaup sem hún hafi gert í gegnum tíðina vegi upp á móti þeim slæmu.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

■ *Felix Bergsson*

Felix Bergsson hvetur fólk til að hætta að borða hvít hrísgrjón og fara frekar að nota íslenskt bygg. Byggið þarf hins vegar að sjóða mjög lengi, allt að klukkutíma, til að það sé almennilegt. Felix mælir því með því að sjóða stóran pott af byggi og eiga síðan í kæli en það geymist hátt í viku.



„Síðan getur maður hitað það upp í örbylgjunni eða jafnvel smellt því á pönnu með smá olíu og basilikum," segir Felix, sem finnst byggið rosalega gott og það komi algerlega í staðinn fyrir hvít hrísgrjón. Byggið segir Felix að sé hægt að kaupa úti um allt en sjálfur kaupir hann það í Melabúðinni. Það var fjölskylduákvörðun að hætta að nota hveiti, sykur og hvít hrísgrjón sem þykja ekki holl.

■ **HVAÐ KOSTAR... BÓKASAFNSSKÍRTEINI**

## Ókeypis fyrir börn og unglinga

Fullgilt bókasafnsskírteini hjá Borgarbókasafni kostar 1.200 krónur og gildir í heilt ár. Börn og unglingar að átján ára aldri fá hins vegar skírteinin ókeypis. Allir geta fengið bókasafnsskírteini svo lengi sem þeir hafa íslenska kennitölu.



Yfirleitt eru bækur lánaðar til eins mánaðar. Ef bókunum er skilað of seint safnast dagsektir á þær. Það eru tíu krónur á dag fyrir hverja bók og níutíu krónur fyrir myndbönd. Þó er aldrei rukkað meira en 3.000 krónur, hvort sem einni eða fleiri bókum er skilað í einu. Undanfarin ár hefur verið hægt að skila bókum án sekta á einum sérstökum degi. Ekki er lengur föst dagsetning á honum en þó ekki ólíklegt að hann verði í ár og er þá auglýstur áður.

■ **VERSLUN OG ÞJÓNUSTA**

## Bónus innkallar remúlaði



Í ljós hefur komið að Bónus remúlaði með best fyrir dagsetninguna 09.01.06 eða fyrr inniheldur örveruna Bacillus cereus yfir viðmiðunarmörkum. Krydd sem notað hefur verið í framleiðsluna reyndist innihalda þessa örveru. Sölu vörunnar, sem eingöngu hefur fengist í verslunum Bónuss, hefur þegar verið hætt. Neytendur sem hafa keypt remúlaði með þessari dagsetningu geta skilað því til verslana Bónuss. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisfulltrúa hjá Reykjavíkurborg er þó ekki talið að varan geti verið hættuleg neytendum.

■ **VERSLUN OG ÞJÓNUSTA**

## Mikill verðmunur á myndavélum

Neytendasamtökin gerðu í ágúst markaðskönnun á stafrænum myndavélum á höfuðborgarsvæðinu. 115 gerðir af stafrænum myndavélum voru þá á markaðnum hjá 15 söluaðilum. Ódýrasta vélin kostði 9.900 krónur en sú dýrasta 179 þúsund krónur. Dýrasta vélin er Leica Digilux 2 sem hægt er að kaupa hjá Beco en ódýrustu vélarnar voru Kodak C 300 sem hægt er að kaupa hjá Expert og Hans Petersen og Olympus C-370 Z sem hægt var að fá í Hagkaupum, Fótoval og Sjónvarpsmiðstöðinni. Ábyrgðartími á flestum myndavélunum var tvö ár nema Olympus-vélum sem Bræðurnir Ormsson selja en á þeim er þriggja ára ábyrgðartími. Í Neytendablaðinu og á heimasíðu samtakanna á www.ns.is er einnig hægt að finna gæðakönnun á 34 gerðum af stafrænum myndavélum.

# Ofneysla vítamína getur verið skaðleg

**Umhverfisstofnun varar við of mikilli vítamínneyslu og hvetur fólk til að kynna sér næringargildi matvæla.**

Ofneysla vítamína getur verið skaðleg að sögn Jóhönnu E. Torfadóttur, sérfræðings á matvælasviði Umhverfisstofnunar, og varar hún sérstaklega við vítamínbættum drykkjum.

„Þegar fólk borðar venjuleg matvæli, sem hvorki vítamínum né steinefnum hefur verið bætt út í, fær það hæfilegt magn þessara efna. Ekki er hægt að borða það mikið af venjulegum mat að fólk fái of mikið af þeim," segir Jóhanna og bætir við að undantekningin frá þessari reglu sé lifur, sem er óvenjurík af A-vítamínum.

Það sem ber að gjalda varhug við er vítamínbættir drykkir. „Líkaminn verður ekki jafn saddur af drykkjum og af mat," segir Jóhanna. „Þannig getur fólk fengið miklu meira, og raunar of mikið, af vítamínum en honum er hollt." Af þeirri ástæðu óttast Umhverfisstofnun vítamínbætta drykki.

Fólk sem neytir fjölvítamína til viðbótar við vítamín- eða steinefnabættan mat getur átt á hættu að innbyrða of mikið af vítamínum. Jóhanna segir ástæðu fyrir þá sem svo er ástatt um að vara sig. „Það er auðvelt að fara langt yfir þau hættumörk sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur skilgreint og þeir sem neyta fæðubótarefna í ofanálag gætu verið í hættu."

*Jóhanna varar sérstaklega við* að börn neyti vítamín- og steinefnabættra matvæla í miklum mæli, sérstaklega þar sem flest þeirra taka lýsi og jafnvel barnavítamín.

Hún hvetur því fólk til að kynna sér innihald matvæla og kynna sér næringagildið. „Fólk verður hreinlega að leggja saman innihaldið til að gæta sín."

Margvíslegg hætta getur fylgt ofneyslu vítamína og má þar nefna fósturskaða og skemmdir á lifur.



**JÓHANNA E. TORFADÓTTIR** Varar við að börn neyti vítamín- og steinefnabættra matvæla í miklum mæli, sérstaklega þar sem flest þeirra taka lýsi og jafnvel barnavítamín.

Landsmenn huga að vetrardekkjunum:

# Harðkornadekkin eru horfin

Kuldakastið í lok september virðist hafa hleypt nokkru lífi í dekkjaviðskipti landsmanna en þá flykktist fjöldi fólks með bíla sína á dekkjaverkstæði til að skipta yfir í vetrardekkin.

Stefán Ásgrímsson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda segir þó að dekkjaskiptingar séu mjög svipaðar í ár og síðustu ár á höfuðborgarsvæðinu. Að öllum líkindum séu þær þó líflegri fyrir norðan þar sem veðrið hefur verið kaldara. Í sama streng tekur starfsmaður hjá Dekkjatorginu á Akureyri sem segir viðskiptin fara líflega af stað í haust. Þar sé mest selt af loftbóludekkjum en nagladekkin fylgi fast á hæla þeirra.

Vinsældir hinna mismunandi vetrardekkja virðast vera nokkurs konar trúarbrögð og eru nagladekkin til að mynda vinsælli hjá viðskiptavinum Dekkjalagersins á höfuðborgarsvæðinu. Stefán segir enga rannsókn til um hlutfall nagla-, loftbólu- og heilsársdekkja sem séu í umferð. Hins vegar virðist harðkornadekk vera horfin að mestu af markaði. Heilsársdekkin eiga alltaf nokkrum vinsældum að fagna, sérstaklega hjá jeppaeigendum.

„Vetrardekk hafa aldrei verið betri," segir Stefán og bendir á að ekki sé mikill munur á milli bestu og verstu dekkjanna. „Það kemur ekkert í staðinn fyrir nagladekk á ís," segir Stefán en bætir við að í öðru færi skipti þau engu máli og séu í raun verri á þurrum vegum og í bleytu.

Stefán segir langflesta skipta yfir á vetrardekk. Hins vegar séu hinir áberandi í umferðinni þegar reyni á enda hafi þeir þá truflandi áhrif á umferðina.



**VETRARDEKK** Ritstjóri FÍB blaðsins segir vetrardekk aldrei hafa verið betri.





Ódýrt fyrir alla!
Europris
18,- pr. pk.
NÚÐLUR
kjöt / kjúklinga / chilli - 65 gr.
1990,- pr. par.
STÍGVÉL - ZIG ZAG
dömu
HVERGI BETRA VERÐ!
Frá 19,- pr. stk.
Til 129,-
KERTI
mikið úrval!
79,- pr. pk.
SALERNISPAPPÍR
8 í pk.
Miljø-spar
2990,-
FRÆSARI
950 W - 8mm leggur
LÆKKAÐ VERÐ!
690,- pr. stk.
HERRASKYRTUR
st. S–XXL
LUXUS KAFFE
2 FYRIR 1
890,-
DVD MYNDIR
mikið úrval!
2990,-
STARTTÆKI M / LOFTPRESSU
12 V
79,- pr. pk.
KAFFI – FÍN- / GRÓFMALAÐ
250 gr.
Kaffipokar - 200 í pk. 99-
pr. stk.
2990,-
ULLARPEYSUR
st. S - XL
- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Austurvegi 69, Selfossi
OPIÐ 9 - 20
Lau. og Sun. Opið 10 - 18
150,- pr. par.
SOKKAR
barna / dömu / herra
Europris
Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl.
Vörur geta verið uppseldar.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Önnur ríki OECD eru villandi samanburður um aðhald í ríkisrekstri.

## Hátindur uppsveiflu nálgast

Forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, eyddi nokkru púðri í það í stefnuræðu sinni að lýsa furðu sinni á þeirri gagnrýni sem fram hefur komið að aðhaldsstig í fjármálum ríkisins sé ekki nægjanleg við núverandi kringumstæður í efnahagslífi þjóðarinnar.

„Það liggur fyrir að frá árinu 2003 hefur aðhaldsstig ríkisfjármála aukist meira hér en í nokkru öðru OECD-ríki,“ sagði Halldór í stefnuræðu sinni. Þetta er ekki veigamikill rökstuðningur fyrir gagnrýni á aðhaldið. Óhætt er að fullyrða að þörfin fyrir aðhald í ríkisrekstri sé hvergi meiri í nokkru öðru OECD-ríki en einmitt á Íslandi. Það ríki innan OECD sem kemst næst Íslandi er Bandaríkin, en þangað væri vafasamt að sækja sér fyrirmyndir í stjórn ríkisfjármála þessi misserin.

Gagnrýnin á ónógt aðhald ríkisins grundvallast einmitt á þeirri staðreynd að við erum að nálgast hátind núverandi uppsveiflu með tilheyrandi þenslu og vexti verðbólgu. Halldór vísaði einnig til þess að verðbólgu síðustu mánaða mætti rekja til hækkana á fasteignaverði og verði eldsneytis. Sú verðbólga sem Seðlabankinn brást við nú með vaxtahækkun er af öðrum toga. Þar birtast kunnuglegir draugar úr fortíðinni þar sem laun og

*Staðreyndin er sú að hér hefur ríkt værukær hagstjórn enda þótt þau vandamál í efnahagslífinu sem þjóðin glímir við séu lúxusvandamál, enn sem komið er.*

verðlag verða í aðalhlutverki. Ef vextir eiga ekki að hækka enn meira verða stjórnvöld að ganga í takt með Seðlabankanum.

Forsætisráðherra getur heldur ekki firrt sig ábyrgð af þeirri verðbólgu sem hækkandi fasteignaverð hefur skapað. Skattalækkunaráform í upphafi þensluskeiðs og aukin útlán Íbúðalánasjóðs samhliða aukinni útlánagetu bankanna höfðu fyrirsjáanlegar afleiðingar á fasteignamarkaðinn. Niðurstaðan er sú að verðbólga er umfram það sem gert var ráð fyrir í kjarasamningum og slíkt eykur verulega hættu á óstöðugu efnahagslífi á næstunni. Staðreyndin er sú að hér hefur ríkt værukær hagstjórn enda þótt þau vandamál í efnahagslífinu sem þjóðin glímir við séu lúxusvandamál, enn sem komið er.

Opnara hagkerfi og aukið frjálsræði í efnahagslífinu hefur skilað þjóðinni miklum ábata og greiðsla ríkissjóðs á skuldum er jákvæð þróun. Hér gæti ástandið verið mun verra. Halldór boðaði í gær í þinginu að vinnu við endurskoðun Íbúðalánasjóðs yrði hraðað. Sú yfirlýsing er fagnaðarefni í ljósi þenslunnar og mikilvægt að innkoma bankanna á fasteignalánamarkað verði nýtt til þess að endurskilgreina hlutverk sjóðsins.

Enda þótt það sé mótsagnakennt að fagna útgjöldum samhliða gagnrýni á ónógt aðhald verður ekki hjá því komist að fagna auknum útgjöldum til menntamála. Þar til grundvallar liggur sú bjargfasta sannfæring að samkeppnishæfni þjóðarinnar til lengri tíma liggi í vel menntuðu vinnuafli. Það ásamt frelsi í alþjóðaviðskiptum, lýðræðislegrar og mannúðlegrar samfélagsgerðar er líklegast til að skapa innihaldsríkt og öflugt samfélag til lengri tíma, jafnvel þótt stjórnvöld geri á hverjum tíma einhver hagstjórnarmistök.


IATA UFTAA AUTHORISED TRAINING CENTRE

**Alþjóðleg ferðamarkaðsfræði**



„Að geta sýnt fram á lokapróf í Alþjóðlegri ferðamarkaðsfræði frá jafn virtri stofnun sem IATA/UFTAA er, hlýtur að teljast gulltrygging fyrir atvinnu innan ferðaþjónustunnar hvar sem er í heiminum.“

*Sigurlaug Valdís Jóhannsdóttir, Allrahanda.*

Námsefnið kemur frá IATA/UFTAA og tekin eru próf í mars nk. og veitir því alþjóðlega viðurkenningu, en kennslan fer fram á íslensku.

**Námið hentar öllum þeim, sem áhuga hafa og vilja auka þekkingu sína á ferðaþjónustu.**

www.menntun.is

Ferðamálaskóli Íslands

**Bíldshöfða 18 • Sími 567 1466 • Opið frá kl. 8—22**


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eintóna ræður

Það voru fáar stjörnurnar sem stigu á svið í ræðustól Alþingis á þriðjudagskvöldið í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra. Halldór hóf lesturinn, og það fer honum betur karlinum að flytja ræður sem ekki eru skrifaðar. Það var ekki fyrr en Steingrímur J. hóf málflutning sinn að einhver hreyfing komst á blóðið. Hvað svo sem fólki finnst um innihald þess sem Steingrímur segir kann hann að flytja ræður þannig að á hann er hlustað. Stjarna kvöldsins er þó líklega Halldór Blöndal. Það var ekki fyrr en Halldór fór að tala að þingheimur hló.



### Hvað með Halldór?

Það vakti eftirtekt í ræðum sjálfstæðismanna hve lítið fór fyrir ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar. Geir H. Haarde hóf sína tölu á að minna landsmenn á hve mikið við eigum fráfarandi formanni, Davíð Oddsyni, að þakka; „Davíð Oddsson hefur ótvírætt verið fremsti stjórnmálaforingi Íslendinga á glæsilegasta framfaratímabili í sögu þjóðarinnar.“ Það voru ríkisstjórnir Davíðs sem talað var um. Svo var lengi vel eins og Geir væri búinn að gleyma því að hann er orðinn utanríkisráðherra, því lengst af talaði hann sem fjármálaráðherra um hina efnahagslegu undirstöðu þjóðfélagsins.

### Aftur Davíð

Ásta Möller, næsti ræðumaður sjálfstæðismanna, fann líka hjá sér ríka þörf til að rifja upp ríkisstjórnir Davíðs Oddssonar, án þess að minnast á að nú væri hennar flokkur í ríkisstjórn undir forsæti Halldórs Ásgrímssonar. Þriðji og síðasti ræðumaður sjálfstæðismanna, Halldór Blöndal, lét vera að minnast einungis á Davíð Oddsson sem sinn leiðtoga. Hann lét þó ekki vera að hnýta aðeins í framsóknarmenn. Öðruvísi er varla hægt að skilja þreytu hans á því að svo virtist sem sumir í öðrum flokkum væru að einoka þakkirnar fyrir að nú sé að rísa stóriðja á Austurlandi. Halldór þurfti aðeins að minna á að hann og hans flokkur hafi einnig aðeins komið að málinu.

**svanborg@frettabladid.is**



## Þannig eiga blöð að vera

Í DAG
FJÖLMIÐLAR



ÞORVALDUR GYLFASON

New York Times er gott blað og hefur meira að segja á að skipa sérstökum umboðsmanni lesenda, sem blaðið kallar public editor. Til hans geta áskrifendur leitað og aðrir lesendur, ef þeir telja blaðið hafa brugðizt skyldu sinni. Umboðsmanninum er ætlað að fylgjast með því, að fréttir blaðsins séu réttar, ritstjórar og aðrir blaðamenn fari rétt og kurteislega með staðreyndir og aðsent efni standist sömu kröfur. Umboðsmaðurinn gefur lesendum blaðsins með reglulegu millibili skýrslu um samskipti sín við lesendur.

Fyrir nokkru birti umboðsmaðurinn opinbera afsökunarbeiðni fyrir hönd blaðsins. Tilefnið var, að vonsvikinn lesandi í Massachusetts sakaði blaðið um að hafa brugðizt skyldu sinni með því að láta það hjá líða að fræða lesendur um þróun mála í New Orleans, vaxandi fátækt og vanrækta flóðgarða. Lesendur New York Times komu af fjöllum, þegar fréttir í kjölfar fellibylsins Katrínar færðu þeim heim sanninn um það, að 70% borgarbúa voru blökkumenn og fjórðungur íbúanna bjó undir fátæktarmörkum. Borgin hafði breytzt frá fyrri tíð, og langflestir lesendur blaðsins vissu það ekki. New York Times hafði mörg undangengin ár birt margar glaðlegar greinar um dynjandi djassinn í Franska hverfinu og matargerðina á veitingahúsum borgarinnar, en lýsingu á lífi fólksins í fátækrahverfunum var hvergi að finna nema aftarlega í örfáum línum, sem auðvelt var að missa af.

Blaðið hafði einnig fjallað um flóðgarðana við borgina og hættuna á því, að sjórinn myndi trúlega flæða yfir garðana í miklum fellibyl. En blaðið sagði lítið eða ekkert um þá vanrækslu á viðhaldi garðanna, sem gerði það að verkum, að þeir rofnuðu, svo að hörmungarnar af völdum fellibylsins urðu miklu meiri en ella. Fátæklingarnir í borginni gátu litla björg sér veitt, þegar fellibylurinn æddi yfir svæðið, enda þótt hann gerði boð á undan sér með löngum fyrirvara. Almannavarnir komu af fjöllum, eins og Guðmundur Andri Thorsson lýsti vel á þessum stað fyrir nokkru. New York Times hafði ekki heldur varað lesendur sína við hættunni, sem hlaut að fylgja því, að Bush forseti hafði trúað nokkrum einkavinum sínum fyrir yfirstjórn Almannavarna, mönnum, sem höfðu enga reynslu af almannavörnum eða neyðarhjálp í náttúruhamförum (heldur arabískum hestum!). Enda komu þeir af fjöllum, þegar fellibylurinn kom á land í Louisiana. Forstjórinn neyddist til að segja af sér nokkru síðar eftir þingnefndaryfirheyrslur.

*New York Times ætlaði samt ekki að villa um fyrir lesendum sínum. Blaðið hafði engan hag af því að halda ástandinu leyndu. Þögn blaðsins var óviljaverk.*

Og blaðið baðst afsökunar. Þetta kallar maður að kunna að skammast sín. New York Times ætlaði samt ekki að villa um fyrir lesendum sínum. Blaðið hafði engan hag af því að halda ástandinu leyndu. Þögn blaðsins var óviljaverk.

Himinn og haf skilja New York Times frá fjölmiðlum í einræðisríkjum og ýmsum öðrum löndum, þar sem lýðræðið gengur við staf. Höfuðhlutverk dagblaða og annarra fjölmiðla í einræðisríkjum er beinlínis að villa um fyrir fólki, ýmist með beinum lygum eða óbeint með því þegja um ýmis mál, sem geta komið sér illa fyrir yfirvöld (eða fyrir eigendur blaðanna, nema hvort tveggja sé). Þar er þagað um flugslys, af því að þau varpa rýrð á ríkisflugfélögin. Þar er þagað um spillingu og græðgi stjórnmálastéttarinnar og ýmsa sjálftöku forréttinda og fríðinda, svo að yfirstéttin getur þá farið sínu fram án aðhalds og eftirlits. Þar er þagað um mútumál og ýmis önnur lögbrot. Þar er þagað um innlagnir á bankareikninga í útlendum skálkaskjólum, enda þótt um augljóst misferli sé að ræða. Þar er aldrei krafizt opinberrar rannsóknar á einu eða neinu, sem gæti varpað skugga á valdastéttina eða aðra þá, sem fjölmiðlarnir hafa tekið að sér að hlífa. Þar er þagað um harðræði óeinkennisklæddra lögreglumanna gegn saklausum borgurum - ef ekki í fréttarými, þá í forustugreinum. Þar er þagað um lögreglustjóra, sem sæta kærum fyrir líkamsárásir. „Þau eru verst hin þöglu svik, að þegja við öllu röngu“ segir í þýðingu Bjarna Jónsonar frá Vogi á gömlu kvæði eftir norska skáldið Arne Garborg.

New York Times er ekki þannig blað. New York Times baðst afsökunar á að hafa brugðizt skyldu sinni með því að þegja - og það um þjóðfélagsvandamál, sem blaðið og eigendur þess höfðu engan hag af að breiða yfir. Þannig eiga blöð að vera.


MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Mest lesna viðskiptablaðið**



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**AEG** FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**Þvottadagar**

**ORMSSON**



NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ AEG

# EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

**AEG þvottavél**
**með íslensku stjórnborði**

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

• Taumagn: 6 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín. • Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: A+ • Þeytivinduafköst: A • Orkuflokkur: A • 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka • 3ja ára ábyrgð

**Kr. 90.000,-**

**AEG barkalaus þurrkari**
**með íslensku stjórnborði**

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

• Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
• Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
• Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
• Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
• Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
• Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað
• Stórt hurðarop - 33 sm

**Kr. 85.914,-**

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

**AEG** NÚ BJÓÐUM VIÐ PARIÐ Á KR. 159.000,- **AEG**




**Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á TILBOÐSVERÐI!**

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

**ORMSSON**

**LÁGMÚLA 8** · SÍMI 530 2800 **SMÁRALIND** · SÍMI 530 2900
**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

Nánari upplýsingar á www.ormsson.is

# Mikilvægi stóru sameiningarkosninganna



UMRÆÐAN
SAMEINING SVEITARFÉLAGA

GUNNAR SVAVARSSON

Laugardaginn 8. október nk. munu íbúar fjölmargra sveitarfélaga hér á landi ganga að kjörborðinu og taka afstöðu til þeirra tillagna sem fram komu í samþykktum breytingum á sveitarstjórnarlögum á Alþingi sl. vor. Með lagabreytingunni var tilteknum sveitarfélögum gert að hefja og undirbúa vinnu vegna sameiningarkosninga. Samstarfsnefndir innan sveitarfélaganna hafa nú starfað í eina fimm mánuði og á sl. vikum hafa staðið yfir markvissar kynningar um kosti og galla hugsanlegrar sameiningar.

Skoðaðar hafa verið hugsanlegar breytingar sem kunna að verða á fjölmörgum málasviðum s.s. fræðslu- og félagsþjónustu, stjórnsýslu og fjármálum auk fleiri þátta. Hefur einnig verið lögð áhersla á að kanna hvernig ýmsir þjónustuþættir kunni að breytast s.s. samgöngur, brunavarnir, sorphreinsun, heilsugæsla og auk fleiri þátta sem t.d. tengjast samtökum eða samningum um sérstök byggðasamlög.

Í þessari vinnu hefur sveitarstjórnarfólk, með aðstoð sérfræðinga, lagt sitt af mörkum að draga upp sem réttasta mynd af núverandi ástandi og framtíðarmynd nýrra sveitarfélaga. Allar þessar upplýsingar hafa verið aðgengilegar íbúum og með íbúafundum hefur síðan verið gefinn kostur á málefnalegri umræðu um verkefnin. Jafnframt hafa einstaka sveitarstjórnir ályktað nær samhljóða með eða á móti sameiningu.

**Tekjugrunnur sveitarfélaga**

Meginmarkmiðið með sameiningarkosningum er að efla byggð í landinu, mynda heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði en m.a. að styrkja tekjugrunn sveitarfélaganna í ljósi stærðarhagkvæmni. Ber hér að nefna að samkvæmt tillögum verður 2,4 milljörðum varið sérstaklega úr Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að styðja við endurskipulagningu verkefna í þeim sveitarfélögum sem kjósa að sameinast.

Hinsvegar verður einnig að nefna að ákveðin óvissa er um framtíð Jöfnunarsjóðsins og um leið tekjustofna sveitarfélaga. Það hefði verið kostur að sú tímabundna ráðstöfun sem endurspeglaði sig í tillögum tekjustofnanefndar, sem leiðir ekki nema að takmörkuðu leyti til varanlegrar styrkingar á tekjustofnum sveitarfélaga, hefði verið önnur.

Það var skýr afstaða landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sl. vor að jafnhliða flutningi nýrra verkefna frá ríki til sveitarfélaga þurfi að liggja fyrir samkomulag um fjármögnun verkefnanna og ná því markmiði sem stefnt var að, að treysta fastan tekjugrunn sveitarfélaga til framtíðar og um leið að leiðrétta þá tekjuskerðingu og útgjaldaaukningu sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir á umliðnum árum. Þessir óvissuþættir munu hafa mikið að segja um afstöðu íbúa í einstökum sveitarfélögum á kjördag.

**Mætum öll á kjörstað**

Með virku íbúalýðræði er gert ráð fyrir beinni aðild almennings að ákvörðunum um samfélag sitt. Í þessum kosningum ræður einfaldur meirihluti í hverju sveitarfélagi um hvort það sameinast öðrum. Lýðræðislegur réttur íbúanna er virtur og nú reynir á viljann til að breyta og efla sannfæringuna um að óbreytt skipan sé sú eina rétta. Mikilvægt er, hvernig svo sem niðurstaðan verður, að sveitarstjórnarfólk vill sækja fram og skapa öflugri sveitarfélög til hagsbóta fyrir íbúa á öllu landinu. Tökum þátt, mætum á kjörstað, lýsum skoðunum okkar og höfum bein áhrif á niðurstöðuna - okkar er valið.

*Höfundur er forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.*

# Óheiðarleiki og lýðskrum



UMRÆÐAN
HEIMDALLUR

DAGUR SNÆR SÆVARSSON
FORMAÐUR UNGRA VG Í REYKJAVÍK

Bolli Thoroddsen, formaður Heimdallar, svarar ásökunum undirritaðs um ólýðræðisleg vinnubrögð í morgunblaðinu á laugardag. Í grein hans reynir Bolli að réttlæta gjörðir sínar og sinna manna í kosningabaráttu til stjórnar Heimdallar í seinustu viku. Það skýtur skökku við að frambjóðandi, sem fyrir einu ári síðan lofaði umbótum í lýðræðismálum innan Heimdallar, skuli nú stunda þau vinnubrögð sem hann fordæmdi þá.

Eitt af því sem Bolli reynir að verja eru lygar og hræsni samherja sinna. Fyrir kosningarnar umræddu hringdu starfsmenn Bolla í stjórnarmenn UVG í Reykjavík og hvöttu þá til að kjósa hann á þeim forsendum að undirritaður, formaður UVG-R, styddi Bolla og kysi sjálfur. Í grein sinni reynir Bolli að fegra þessar gjörðir og segir að „sögusagnir hafi verið um að undirritaður ætlaði að nýta kosningarétt sinn í Heimdalli,“ því væri þetta að hluta réttlætanlegt en viðurkennir þó að aðeins of langt hafi verið gengið í hita leiksins. Þess ber þó að geta að erfiðara er að komast úr Heimdalli en í það félag, og er jafnvel hægt að ganga í það án þess að vita af því sjálfur.

Bolli virðist þó ekki sjá neina ástæðu til þess að biðjast afsökunar á þessu framferði sinna manna, sem hann vissulega ber ábyrgð á, enda þótt persónuleiki, mannorð og ekki síst trúverðugleiki undirritaðs hafi beðið hnekki. Stjórn UVG-R hefur þegar farið fram á formlega afsökunarbeiðni frá formanni Heimdallar, en ekkert hefur orðið úr því enn sem komið er, þrátt fyrir persónuleg loforð Bolla.

Bolli nefnir einnig í grein sinni að félögum í VG í Reykjavík hafi fjölgað um 100% í tengslum við prófkjörið um helgina og segir jafnframt ekkert óeðlilegt við það. Fyrst ber að nefna að félögum í VGR fjölgaði ekki um 100%, heldur vel á annað hundrað. Í annan stað var það ekki svo að frambjóðendur hringdu í einstaklinga í ábyrgðarstöðum annarra stjórnmálaflokka og báðu þá um stuðning, heldur er um að ræða fólk sem ýmist hefur verið tengt flokknum beint eða óbeint, eins og jafnréttissinnar og umhverfissinnar.

Í DV á föstudag er fjallað um þetta mál og er þar óvenjulegt sjónarhorn á málinu, þar sem blaðamaðurinn Símon Birgisson virðist snúa ásökununum á hendur Bolla í hvolf og telur umræðuna snúast um áfengi og skemmtanir. Þegar undirritaður ræddi við Símon var tekið skýrt fram að skemmtanir væru vissulega tíðar hjá ungum vinstri grænum, en ekki tíðkaðist að falbjóða trúverðugleika sinn. Ung vinstri græn bjóða oft upp á bjór og annað, þeim sem hafa aldur til, og er ekki verið að gagnrýna Bolla fyrir almennan gleðskap. Símon virðist því ekki hafa hlustað, hann misskilið eða hann sé svo slæmur blaðamaður að ekki þýði að ræða við hann.

Fleiri en Ung vinstri græn hafa gagnrýnt Bolla fyrir hræsni og lýðskrum. Félagar hans í SUS hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem lýst er yfir óánægju vegna vals á landsfundarfulltrúum Heimdallar á SUS þingi sem haldið var þessa helgi. Ekki er um að ræða nokkra svekkta félagsmenn, heldur skrifa undir fimmtíu einstaklingar sem gegnt hafa ábyrgðarstöðum innan Sjálfstæðisflokksins árum saman. Fyrirsögn yfirlýsingarinnar, sem birtist í Morgunblaðinu rétt aftan við svargrein Bolla, er „Bolli Thoroddsen hefur misnotað aðstöðu sína gróflega.“

Það er góð málefnaleg forsenda fyrir allri þeirri gagnrýni sem Bolli Thoroddsen hefur sætt undanfarna daga. Hræsnin og óheiðarleikinn virðist vera í fyrirrúmi og er starf Bolla í Heimdalli lítið annað en eiginhagsmunabarátta og framapot. Undirritaður ítrekar kröfu stjórnar UVG-R um formlega afsökunarbeiðni og hvetur Bolla jafnframt til að hugleiða þann möguleika að segja af sér sem formaður Heimdallar.

*Höfundur er formaður Ungra vinstri grænna í Reykjavík.*

AF NETINU

**GAMALDAGS STOFNANA-HUGMYNDAFRÆÐI**

Stefnumótun í málefnum eldri borgara [hefur] einkennst af gamaldags stofnanahugmyndafræði sem leiðir af sér það samfélagslegu viðhorf að eldri borgarar séu kvöð og ósjálfbjarga baggi á samfélaginu. Hugmyndafræðin og hugtökin eru fyrst og fremst afkvæmi opinberra áherslna sem má glöggt sjá á á orðalagi í lögum um málefni eldri borgara þegar þar sem m.a. er talað um „vistmenn“ á stofnunum í stað íbúa og „vasapeninga“ í stað að tala einfaldlega um ráðstöfunarfé. Afar mínir og ömmur unnu baki brotnu við að færa Ísland úr fátæklegu bændasamfélagi í framúrstefnulegt og framúrskarandi umhverfi þar sem þegnar landsins hafa tækifæri á menntun, starfi og öruggu fjölskyldulífi. Fyrir þetta ber okkur að virða þá sem eldri eru og það með virktum. Það er mín kynslóð, sú kynslóð sem nú lætur að sér kveða í samfélagslegri umræðu, sem getur lyft grettistaki í málaflokki eldri borgara. Til þess að tryggja að komið sé sem best til móts við þann stóra og ólíka hóp sem aldraðir eru tel ég lykilatriði að lögð verði áhersla á fjölbreytt framboð afþreyingar og ólíkar leiðir til að uppfylla þá þjónustu sem aldraðir ættu að eiga kost á.

Tryggjum öldruðum frelsi til að velja.

*Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir á tikin.is*




# Skólaþing á Seltjarnarnesi

ÁRNI EINARSSON
SKÓLAMÁL

Rekstur leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla eru stærstu verkefni íslenskra sveitarfélaga sem verja til þeirra meira en helmingi tekna sinna. Það er þeim því mikið keppikefli að vel takist til og starfið standist samanburð við það sem best þekkist. Skólastarf snertir auk þess á hverjum tíma, beint eða óbeint, nánast hverja einustu fjölskyldu í landinu með því að í þessum skólastigum er grunnur lagður að framtíð barna á mikilvægu þroskaskeiði ævi þeirra.

Ein af forsendum þess að vel takist til í starfi skólanna er að markmið séu skýr og mæti sem best og hlúi að mismunandi þörfum, áhugasviðum og getu allra nemenda. Um skólann þarf einnig að ríkja sátt í nærsamfélaginu og sátt innandyra í uppbyggilegu og áhugaverðu starfsumhverfi kennara og annarra starfsmanna skólanna, sem bera hitann og þungann af því mikilvæga starfi sem skólarnir sinna.

Skóli er hluti af síbreytilegu samfélagi sem hann verður að laga sig að og þarf því að vera í sífelldri endurskoðun og endurmati sem tekur til allra þátta hans, þar á meðal stefnumörkunar og innra starfs. Mikilvægt er að stefnumörkun í mennta- og skólamálum sé afrakstur frjórrar umræðu þar sem tekist er á um ólík sjónarmið. Með því að foreldrar, kennarar, nemendur og sérfræðingar í skólamálum taki þátt í umræðunni með stjórnmálamönnum sem eiga lokaorðið í ákvarðanatöku um skólahald er ekki aðeins verið að leitast við að starf skólanna taki mið af viðhorfum þessara aðila, heldur einnig að gera þá ábyrgari fyrir gæðum skólastarfsins.

Seltirningum, foreldrum skólabarna, kennurum, öðru starfsfólki skólanna og nemendum gefst tækifæri til þess að eiga hlutdeild í stefnumótun skólamála á Seltjarnarnesi með því að taka þátt í Skólaþingi á Seltjarnarnesi sem haldið verður miðvikudaginn 12. október nk. Þingið er hugsað sem vettvangur skoðanaskipta og hugmyndaþróunar um skólamál og skólastarf á Seltjarnarnesi. Afrakstur þingsins verður efniviður í mótun skóla- og menntastefnu sveitarfélagsins til framtíðar. Það er því mikilvægt að sem flestir sem láta sig skólamál varða sæki skólaþingið og taki virkan þátt í mótun skólastefnu Seltjarnarness.

*Höfundur situr í skólanefnd Seltjarnarness fyrir hönd Neslista.*


Redbox
gæða leikföng
á góðu verði
1.499 kr/stk
Segulteiknitafla með 5 segulstimplum.
1.799 kr/stk
Leikgrind með fimm leikföngum á slá.
1.799 kr/stk
Saxófónn með ljósa tökkum spilar 18 lög.
FYLGIR
1.499 kr/stk
Fiðla með ljósum spilar 18 lög.
FYLGIR
699 kr/stk
Barna sími með ljósum og spilar lög.
FYLGIR
799 kr/stk
Mjúk Rolly Polly veltidýr með bjöllu.
1.799 kr/stk
Gítar með ljósum spilar 18 lög.
FYLGIR
599 kr/stk
Bjalla með ljósum og músik.
FYLGIR
1.299 kr/stk
Dýr til að draga með ljósum og músik.
FYLGIR
799 kr/stk
Raðhringir 7 stk.
3.999 kr/stk
Sjóræningjaskip með 6 sjóræningjum, fallbyssu, fjársjóðskistu og bát.
3.499 kr/stk
Riddara kastali með 12 riddurum og fallbyssu.
799 kr/stk
Píanó og sílafónn.
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

# Ófrávíkjanleg tryggð

UMRÆÐAN
ÞORVALDI GYLFASYNI SVARAÐ



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
BLAÐAMAÐUR

Þorvaldur Gylfason prófessor skrifar grein í Fréttablaðið sl. fimmtudag þar sem hann segir að fólkið í landinu þurfi að vita hverjum Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari hafi svarið innmúraða og ófrávíkjanlega tryggð. Hér sé mikið í húfi.

„Hvernig getur nokkur maður setið deginum lengur á dómarastóli í Hæstarétti, ef „tryggð hans við ónefndan mann er innmúruð og ófrávíkjanleg“?“ spyr prófessorinn og vitnar í tölvubréf ritstjóra Morgunblaðsins.

Ég get reynt að upplýsa fólkið í landinu um það.

Jón Steinar Gunnlaugsson hefur fyrst og fremst verið trúr sannfæringu sinni og lífsskoðun. Þetta þekkja allir sem hafa fylgst með störfum Jóns Steinars og þátttöku í opinberri umræðu undanfarna áratugi. Þetta þekki ég af eigin reynslu þegar ég naut lögfræðiaðstoðar hans fyrir nokkrum árum.

Jón Steinar hefur sagt að lagareglur eigi ekki að fara í manngreinarálit og sömu reglur eigi að gilda um heiðursmenn og skúrka. Hann tekur því afstöðu til mála á grundvelli efnis þeirra en ekki geðþótta eða vilja annarra. Það er meðal þess sem gerir hann að góðum hæstaréttardómara.

Fráleitt er að halda því fram að Jón Steinar sé ekki sjálfstæður í dómastörfum sínum þrátt fyrir að þekkja Davíð Oddsson, sem margir segja að sé ónefndi maðurinn í bréfi ritstjórans. Öll höfum við bundist einhverjum tryggðarböndum á lífsleiðinni, Jón Steinar jafnt sem aðrir. En það gerir okkur ekki vanhæfa til að sinna vinnunni okkar. Dómarar fjalla ekki um mál sem tengist þeim á einhvern hátt.

Og þótt Jón Steinar þekki Davíð er hann ekki sammála honum í öllum málum. Hann hefur óhræddur talað um það opinberlega. Davíð talaði fyrir lögum á fjölmiðla, Jón Steinar á móti. Þeir voru ósammála um fæðingarorlofslögin og eins hvernig best væri að taka á fíkniefnavandanum svo dæmi séu tekin.

Líklega eru þeir samt oftar sammála enda sýnist mér þeir deila sömu lífsskoðun. Það breytir samt í engu hvernig Jón Steinar sinnir starfi sínu sem hæstaréttardómari. Að fenginni reynslu treysti ég því að hann fari þar eftir þeirri sannfæringu sinni að lagareglur eigi ekki að fara í manngreinarálit.

# *Aðhaldsaðgeðir á hreyfihömluðum*

Ríkisstjórnin hóf sem kunnugt er feril sinn á því að svíkja samning sinn við öryrkja frá því fyrir kosningar. Umsamdar kjarabætur voru vanefndar um hálfan milljarð. Sama haust þrengdi hún mjög möguleika fólks á styrkjum til bifreiðakaupa, með því að gera því að eiga bíla sína lengur. Um leið sóttu þó ráðherrarnir sérstaka aukafjárveitingu til að geta endurnýjað eigin bílaflota hraðar.



HELGI HJÖRVAR

Lítið aðhald hefur verið í ríkisfjármálum að öðru leyti, en taumlítil útgjaldaþensla á flestum sviðum. Í nýju fjárlagafrumvarpi er þó að finna tvo liði sem sparað er í og krefjast lagabreytinga. Annarsvegar áframhaldandi skerðing vaxtabóta, en hinsvegar niðurfelling bensínstyrks til hreyfihamlaðra! Hefði hann að óbreyttu orðið 720 milljónir króna, en sagt er að nota eigi 393 milljónir af því til að auka sk. tekjutryggingarauka um allt að rúmum 4 þúsund krónum á mánuði. Er það þó aðeins til að mæta að nokkru misgengi milli þróunar launa annarsvegar og grunnlífeyris, tekjutryggingar og tekjutryggingarauka lífeyrisþega og því í raun um hreinan niðurskurð að ræða. Að ekki sé minnst á hinar auknu skattaálögur sem stjórnin hefur lagt á lífeyrisþega með því að halda niðri persónuafslætti.

Fjármálaráðherra fer um og státar sig af ótrúlega sterkri stöðu ríkissjóðs. Ef svo er hversvegna eru mennn þá að spara 720 milljónir á hreyfihömluðum. Ekki er það af því að bensínskattarnir skili svo litlu í ár, þvert á móti. Upphaflega hugmyndin með bifreiðakaupum og bensínstyrkjum til hreyfihamlaðra var hugsjónin um eitt samfélag fyrir alla. Þeir voru ætlaðir hreyfihömluðum sem hvatning til þátttöku í atvinnulífi og samfélaginu almennt. Þann stuðning afnema þeir nú og undrast um leið að dragi úr atvinnuþátttöku fatlaða og bótaþegum fjölgi. Fyrir þessu er ekki pólitískur vilji á Íslandi og óskandi að Alþingi Íslendinga hafi þá sjálfsvirðingu að hafna aðförinni. Enda getur staða ríkissjóðs ekki verið sterk þurfi hann að taka af hreyfihömluðum það sem þá munar svo mjög um, en ríkissjóð litlu.

*Höfundur er alþingismaður Samfylkingar í Reykjavík.*






## Góðan dag

Í dag er fimmtudagur 6. október, 278. dagur ársins 2005.






Unnur María með allar sleifarnar sínar.

# Það er hægt að gera nær allt með sleif

*Unnur María Bergsveinsdóttir í Brúðarbandinu notar sleifar til ýmissa hluta.*

„Uppáhaldseldhúsáhaldið mitt er sleif," segir Unnur María Bergsveinsdóttir í Brúðarbandinu. „Það er hægt að gera allt með sleif. Það er hægt að nota hana til þess að hræra í pottunum og það er líka hægt að borða með henni. Svo er hægt að nota hana til þess að ógna kærastanum ef hann hagar sér ekki vel."

Unnur María segist nota sleif mjög mikið. Hún segist reyndar eiga margar sleifar sem allar komi sér vel og að engin þeirra sé í meira uppáhaldi en önnur. „Ég nota allar sleifarnar mínar mjög mikið," segir hún.

## Óvenjulegt eldhúsborð

MARGT NÝSTÁRLEGT BER FYRIR AUGU Á SÝNINGU DANMARKS DESIGN SKOLE Í BELLA CENTER Í KAUPMANNAHÖFN.

Um þessar mundir stendur yfir sýning nemenda í Danmarks Design Skole og er hún haldin í sýningarhöllinni Bella Center í Kaupmannahöfn. Eins og gefur að skilja hafa þessir ungu hönnuðir margir hverjir komið fram á sjónarsviðið með óvenjuleg húsgögn, svo ekki sé meira sagt. Sem dæmi má nefna þetta frábæra eldhúsborð sem fer ekki hefðbundnar leiðir hvað lag á borðplötu viðkemur. Sagt er að markmið margra hönnunarnemanna sé að hanna húsgögn sem eru ekki eins og húsgögnin sem foreldrar þeirra keyptu. Þetta frumlega borð er hannað af Kristian von Hornsleth. Nú er bara að vita hvort borðið verði komið í framleiðslu og á markað áður en langt um líður. Áreiðanlega gætu margir hugsað sér svona óvenjulegt borð í eldhúsið.



Þetta frumlega borð er hannað af Kristian von Hornsleth.

## LIGGUR Í LOFTINU

[ TÍSKA - HEIMILI - HEILSA ]

**Handbók** fyrir skólamötuneyti var að koma út hjá Lýðheilsustöð. Handbókin inniheldur leiðbeiningar fyrir starfsfólk mötuneyta um matseðlagerð, matreiðslu, hollustu, hreinlæti og innkaup.

**Listmunauppboð** verður haldið í Súlnasalnum á Hótel Sögu sunnudaginn 9. október. Verkin sem bjóða á upp verða til sýnis í Gallerí Fold á Rauðarárstíg frá föstudeginum 7. október og fram að uppboðinu.

**Kringlukast** hefst 13. október og stendur til 16. október. Verslanir í Kringlunni bjóða upp á vörur á 20-50% afslætti.

**Alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn** er næstkomandi mánudag og af því tilefni verður margt á döfinni næstkomandi laugardag. Þema dagsins er Andleg og líkamleg heilsa yfir æviskeiðið. Meðal þess sem verður á dagskrá er Geðhlaup og Geðsund í Nauthólsvík klukkan 11, gengið verður aftur á bak niður Laugaveginn og síðan verður hátíðadagskrá í Ráðhúsi Reykjavíkur. Nánari upplýsingar má finna á vef landlæknisembættisins www.landlaeknir.is.

**Samtök um líknandi meðferð á Íslandi** standa fyrir opnu húsi á fjórðu hæð í húsi Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð laugardaginn 8. október milli klukkan 13 og 15. Þar kynna líknarþjónusturnar á höfuðborgarsvæðinu starfsemi sína og heilbrigðisstarfsmenn verða á staðnum reiðubúnir að svara spurningum gesta.



*heimili@frettabladid.is*

## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir



Glæsilegir Bycast leðursófar



Brúnn Bycast leðursófi 3ja sæta kr. 110.800 • 2ja sæta kr. 106.900 • Stóll kr. 72.900

Hvítur Bycast leðursófi 3ja sæta kr. 105.900 • 2ja sæta kr. 95.200



LÍNAN HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

**Púðar** eru notalegir á veturna. Nú er rétti tíminn til að fylla sófann af púðum.



Mikið úrval af vönduðum og fallegum silkitrjám



Soldis
Silkitré og silkiblóm
Laugavegi 63 (Vitastígsmegin) sími 551 8040

Hreinlega...



...ótrúleg verð!!!!
Sturtuklefar og baðker í úrvali!
sturta.is
www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Símaþjónusta frá 10-19: 899-4567
Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi

ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN



Rc Hus Grensásvegi 22. Sími. 511 5550. Veffang. www.rchus.is



Úrval
af vönduðum
og fallegum
sængurfatnaði
Gæði, ending og góð þjónusta
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21 Sími 551 4050 Reykjavík

Tilboð
Föndurvörur – Glæsilegt úrval!
* Yfir 1000 gerðir af þrívíddar örkum kr. 125.-
* Yfir 250 gerðir af límmiðum kr. 95.-
* Frábært verð á öðrum föndurvörum – myndarömmum og Stenboden perlum
* Útskorin kort – yfir 50 gerðir frá kr. 25.- ofl. ofl.
NÝTT! EFNISKORT
Hvernig væri að breyta til og gera jólakortin með efniskortaaðferðinni okkar! Einfalt og fallegt!
Tilboðið gildir til Laugardags 8. okt. gegn framvísun á þessum afsláttarmiða.
www.fondurstofan.is
Síðumúla 15 • s. 553-1800
Opið virka daga 13 -18, laugard. 10 -14



KLIPPA ÚT



Gardínur á kappa með falllegum útsaumi í Z-brautum og gluggatjöldum.

# Dregið fyrir og frá

***Gardínur í eldhúsið.***

Eldhúsglugginn stendur yfirleitt við vaskinn þar sem gott er að standa, vaska upp og horfa út.

Látlausar gardínur í ljósum litum eru vinsælar núna í eldhúsið ásamt þykkum rimlagardínum. Málum er ekki eins hagað alls staðar og þykir sumum óþarfi að setja upp gardínur í eldhúsið. Nútíma eldhús eru stílhrein og þykja áberandi gardínur þá gjarnan skemma fyrir heildarútlitinu. Á veturna þegar húsin eru upplýst og myrkur er utandyra, er þó mjög auðvelt að sjá inn í eldhús hjá fólki og því skemmtilegra að hafa gardínur. Hefðbundnar gardínur á efri og neðri kappa eru sígildar, en ekki endilega það vinsælasta í dag. Ef notast er við þann stíl er reynt að hafa efnið látlaust með einföldu skrauti, en láta dúska og annað skraut eiga sig.

Flekar á brautum er nýjung sem náð hefur vinsældum og gjarnan notuð í eldhús. Þá eru gardínuflekar settir á brautir sem hægt er að draga til og jafnvel er hægt að blanda saman flekum með ólíku mynstri og litasamsetningum.

*kristineva@frettabladid.is*



Rimlagardínur eru sígildar og passa hvar sem er, og eiga sérstaklega vel við í eldhúsinu.



Gluggahlerar eru skemmtileg lausn í eldhúsið. Þessir fást hjá Gluggahlerar.is.



Smart gardínur sem láta lítið fyrir sér fara þegar dregið er frá. Fást í Z-brautir og gluggatjöld.



Rimlagardínur í tré geta verið fallegar í eldhúsglugga þar sem innréttingin er látlaus. Þessar fást í Z-brautir og gluggatjöld.

# Kaffið kemur þegar könnunni er hallað

***Stelton-kaffikönnur hafa notið ómældra vinsælda í áraraðir.***

Í raun var það danski hönnuðurinn Arne Jacobsen sem sáði fræi að velgengni fyrirtækisins Stelton í Danmörku með sinni frægu Cylinda-línu. Eftir að hann lést árið 1971 kom hönnuðurinn Erik Magnussen inn í myndina og fylgdi í fótspor Arne. Fyrsta sköpunarverk hans fyrir Stelton var einmitt stálhitakannan sem er með sama lagi og hlutirnir í Cylinder-línu Arne Jacobsen en enginn Stelton-hlutur hefur selst jafnvel og hitakannan fram til þessa. Hitakönnurnar eru ekki aðeins til í stáli heldur milli 10 og 20 öðrum litum.

Það verður að viðurkennast að þeir sem eignuðust fyrstu könnurnar eiga misgóðar minningar um þær vegna þess að tappinn átti til að detta úr þeim þegar hellt var í bollann. Þeir sem kaupa sér Stelton-könnu í dag munu aðeins eiga góðar minningar um hana þar sem þessum galla hefur fyrir löngu verið kippt í lag.



Stelton-kaffikönnurnar eru til í tveimur stærðum, hálfs og eins lítra. Þær fást í Epal og úr stáli kosta könnurnar 7.980 kr. og 10.670 kr. eftir því um hvora stærðina er að ræða. Í litum kosta könnurnar hins vegar 4.400 og 4.980 krónur eftir stærð og loks má nefna að til er svört kanna með mjög sérstakri áferð, hún kostar 6.600 krónur.

## Hönnun

### Ísskápar í anda sjötta áratugarins

SKÁPARNIR FRÁ SMEG ERU ÓTRÚLEGA FLOTTIR



Þeir eru kallaðir 50's ísskáparnir enda mjög í anda þess tímabils. Form skápanna og stíll hefur gert þá að klassískri hönnun enda verða þeir miðpunktur athyglinnar hvar sem þeir eru. Smeg-merkið er ítalskt sem og hönnunin. Skáparnir sjálfir eru framleiddir í verksmiðjum en lituð klæðningin er fest á skápinn af smiðum. Gæðin eru mikil, skáparnir eru með A orkunýtingu og hægt er stilla þá á annað hvort hægri eða vinstri opnun. Skáparnir koma í tíu litum. Enn fremur er hægt að velja um þrjár stærðir, litla skápa með innbyggðu frystihólfi, ísskápa með aðskildu frystihólfi fyrir ofan og miðjujafnaða skápa þar sem kælirinn er fyrir ofan og frystirinn



Haustlaufin lifa lengi í þessum púða sem saumaður er með krossaum. Pakkningin með stramma og garni kostar 2.335.



Sætur púði sem lífgar uppá sófann. Efnið í hann kostar 2.245.



Fagurlitir fuglar eru nýflognir inn um gluggann í hannyrðaverslunninni. Þeir eru saumaðir með ýmsum sporum. Myndin er í stærðinni 20X20. Strammi og garn kostar 4.650

# Útsaumur er inn!

***Hannyrðaverslunin Erla hefur fært sig um set við Snorrabrautina og býður fólk velkomið í bjartara húsnæði en áður.***

Þrátt fyrir hraðann í þjóðfélaginu þá eru hvers konar hannyrðir að ná hylli fólks aftur eftir nokkurra ára lægð. Verslunin Erla hefur lengi verið ein af þeim sem sér fólki fyrir handavinnuefni og hefur nú flutt sig í annað og bjartara húsnæði en hún hafði áður þótt hún haldi sig enn við Snorrabrautina. „Áður sá ég bara fætur og kannski töskur út um gluggana,“ segir María Sigurðardóttir kaupkona hlæjandi og bætir við: „Nú er ég miklu víðsýnni og fylgist betur með mannlífinu.“ Hún segir viðskiptavinina líka kunna vel að meta breytingarnar og það leynir sér heldur ekki á traffíkinni þá stund sem blaðamaður stoppar við. Spurð um eftirsóttustu vörurnar í búðinni bendir María strax á marglitan lopa sem hún raðar upp í stöpla við einn vegginn. En áteiknaðar strammamyndir, púðar, eldhúshandklæði og dúkar eru líka vinsæl vara og meðal þess sem heillar yngra sem eldra fólk nú á haustdögum. Þess má geta að hannyrðaverslunin Erla er með heimasíðu. Slóðin er einfaldlega www.erla.is.



Madonnan sómir sér vel á þilinu. Hún er saumuð með hálfu krossspori og í stærðinni 22X30 kostar hún 2.020.




















Fallegar yfirbreiðslur sem lífga upp á gamla sófa og vernda nýja.
Sófalist,
Síðumúla 20 (2.hæð)
Sími 553 0444
www.sofalist.is
sofalist@internet.is
Póstsendum

Sloppar og Handklæði Í miklu úrvali

Lene Bjerre
Lene Bjerre - Bæjarlind 6, Kópavogi. - Sími: 534 7470
Opið virka daga frá 10-18 - Laugardaga frá 10-16 - www.feim.is




MARMOLEUM® click
Nýtt á gólfið
Smelltu Marmoleum click á gólfið - það smellpassar


GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510 • kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.




Tvær könnur í pakka sem mynda eitt andlit. Pakkinn kostar 1.500 krónur.



Bakkarnir eru til í mörgum glaðlegum litum. Þeir kosta 1.250 krónur. Svo er sérstakt að bera fram drykki í svörtum glösum. Stykkið af þeim er á 550 krónur og desertskálar í stíl kosta 780.



Fondue-sett eru til bæði emeleruð og úr leir. Rauða settið er emelerað og kostar 4.400, hvíta settið er úr leir og kostar 2.900 kr.

# Það heitasta í Habitat

***Svört glös og svalar hillur eru meðal nýjunga hjá versluninni Habitat í Kópavogi.***

Alltaf er gaman að fylgjast með því nýjasta í búðum sem versla með vörur fyrir heimilið. Habitat í Askalind í Kópavogi hefur mikla breidd í vöruúrvali, enda fást þar húsgögn af ýmsum gerðum, vefnaðarvörur svo sem gardínur, púðar og handklæði, að ógleymdum borðbúnaði og smávöru af ýmsu tagi.

Það heitasta í Habitat þessa dagana eru litskrúðugir bakkar og könnur, svört glös og svartar desertskálar, ásamt risakertum sem geta staðið frítt og til eru í ýmsum litum. Þar eru líka ný húsgögn eins og sófar og sérkennilegar hillusamstæður sem hægt er að raða upp á ýmsan máta. Í eldhúsdeildinni er borðbúnaður í sterkum litum, fjólublár, blágrænn og rauður svo nokkuð sé nefnt og flottir fondue-pottar sem fara vel á borði.



Þessir litlu diskar fást með ýmsu munstri og kosta 900 krónur og könnurnar eru á 700 kr.



Nýju stellin eru til í ýmsum litum. Hér sést sýnishorn af þeim. Bollinn kostar 500 og lausi diskurinn 400 kr.



Emeleraðir hlutir sem minna á gamla tímann eru að koma aftur. Samanber þessi sigti sem kosta 1.250 kr.



Það er létt yfir þessum sófa sem er með áklæði úr ull og hör. Hann fæst líka í ljósum lit. Kostar 169.800 kr.


Nú fást TIVOLI útvörpin og hljómflutningstækin í DUKA
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322


SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.


## Hönnun

### Sígild sítrónupressa

SÍTRÓNUPRESSA HÖNNUÐARINS PHILIPPE STARCK ER SÍVINSÆLL OG FÁGAÐUR HLUTUR Í ELDHÚSIÐ.

Sítrónupressan Juicy Salif kom fyrst fram á sjónarsviðið 1990 og hefur öðlast miklar vinsældir enda þykjast þeir heppnir sem geta skartað henni í sínu eldhúsi. Hönnuður sítrónupressunnar er Philippe Starck sem eftir nám í París stofnaði fyrirtæki og framleiddi þar uppblásna hluti en hefur verið sjálfstætt starfandi hönnuður á sviði innréttinga og vöruhönnunar í þrjátíu ár. Sítrónupressuna góðu hannaði hann fyrir ítalska fyrirtækið Alessi. Flestar pressurnar eru framleiddar úr áli en 9.999 eintök voru gerð gullhúðuð með 24 karata gulli í tilefni 10 ára afmælis þessa merkishlutar árið 2000. Pressan er 11,5 cm há. Hún fæst í Mirale á Grensásvegi.



# Róandi að lesa í ruggustólnum frá pabba

***Hallsteinn Sigurðsson býr í stálgrindahúsi í Breiðholtinu og þar hefur hann heimilið og vinnustofuna undir sama þaki.***

„Ruggustóllinn er það hægindi sem ég sit oftast í þegar ég slappa af og læt fara vel um mig. Svo þykir mér líka gott að liggja í sófanum og lesa bók,“ segir Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari þegar hann er spurður hvert sé hans uppáhalds húsgagn. Hann hlær þegar hann bætir við. „Ég hljóma auðvitað eins og óheyrilegur letingi sem ég er nú sjálfsagt.“ Það er nóg að gera í listinni hjá Hallsteini. Hann er einn þeirra sem er með muni á sýningu í Hafnarborg, menningarmiðstöð Hafnarfjarðar og nú er hann farinn að huga að nýjum verkum til að sýna í Sigurjónssafni á næsta ári.

Húsið hans Hallsteins er stálgrindahús og tveir þriðju af því er vinnustofa en heimilið sem er á tveimur hæðum tekur einn þriðja. Hann segir föður sinn hafa verið betri en engan þegar smíði hússins stóð yfir á sínum tíma. „Pabbi vildi byrja klukkan sex á morgnana en ég sjö en svo sættumst við á milliveginn hálfsjö og oftast var verið að til tíu á kvöldin.“ Þess má geta að Sigurður faðir Hallsteins er bróðir Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara og Hallsteinn segir mikla vinnusemi hafa einkennt þá báða. Ekki lítur hann sjálfur út fyrir að vera neinn letingi þó hann kalli sig það. Hann er að keppast við að ganga frá litlum afsteypum þegar Fréttablaðið lítur við. „Þetta er nú bara mín leið til að vinna fyrir brauði mínu,“ segir hann eins og afsakandi og bætir við. „Það er margt annað sem mig langar meira til að gera.“



Hallsteinn slappar vel af í ruggustólnum sem er eitt þeirra húsgagna sem faðir hans smíðaði þegar hann var kominn á eftirlaun.



Margir fagrir munir verða til á vinnustofu Hallsteins.


Grípandi tímarit

Tryggðu þér eintak á næsta blaðsölustað




Leiðbeiningar um lagningu gólfefna, og val á lýsingu.

Hönnun sumarhúsa og innlit í falleg sumarhús.

Grænmeti, stafafura og lúpína.

Áskriftarsími 586 8005



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is

FM 989 BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

HÖFUM NÁNAST ALLT SEM ÞARF TIL DÝRAHALDS! BÚR, FÓÐUR, BÚNAÐ OG FYLGIHLUTI.
LEGGJUM SÉRSTAKA ÁHERSLU Á AÐ BJÓÐA HANDFÓÐRAÐA FUGLA, SKRAUTFISKA OG SJÁVARLÍFVERUR
Fuglar og fylgifiskar
GÆLUDÝRAUPPLÝSINGAR
VEFVERSLUN
RISASTÓRT SPJALLSVÆÐI
GALLERÍ FYRIR ÞÍNAR DÝRAMYNDIR
WWW.TJORVAR.IS
BLEIKARGRÓF 15 & HAFNARSTRÆTI 17, REYKJAVÍK
ÞVERHOLTI 9, MOSÓ - BORGARBRAUT 58-60, BORGARNESI
KAUPANGUR V/MÝRARVEG, AKUREYRI - EYRAVEGI 35, SELFOSSI

Keramik fyrir alla
Vinadagur



Vinirnir hittast og allir fá afslátt.
Langur fimmtudagur í dag.
Opið til kl. 23.
Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is



AMERÍSKIR GLUGGAHLERAR
glæsileg lausn
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA
www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756



Rafmagns-arnar



ELISSE
Verð 124.900
br. 105.5 cm.
h. 93.5 cm

Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is

DRYDEN
Verð 139.800
breidd 101.1 cm
hæð 108.8 cm

ICELANDAIR

Kominn í loftið

Nýr haustlisti Saga Boutique með miklu úrvali af nýjum vörum.

Tollfrjáls verslun skýjum ofar.

Náðu þér í eintak af nýjasta Saga Boutique á söluskrifstofum Icelandair, á ferðaskrifstofum eða um borð í flugvélum Icelandair.




SAGA BOUTIQUE
Tollfrjáls verslun skýjum ofar
Sími 5050 305
www.sagaboutique.is

AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS







**Heitur matur í hádeginu**
**Fjölbreyttir fiskréttir í boði**

Fiskbúðin Álfheimum
Álfheimum 4
553 8090

Fiskbúðin Reykjavíkurvegi
Reykjavíkurvegi 68
564 2783







FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Áshildur gengur um úti hálftíma á dag með hundinn og ferðast líka á tveimur jafnfjótum í og úr vinnu - alltaf með lóðin. Lóðin sjást á innfelldu myndinni

# Labbar rösklega með lóð á höndum og fótum

***Tónlistarmenn þurfa að liðka sig og huga að andlegri og líkamlegri heilsu. Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari hefur sinn hátt á því.***

„Ég reyni að ganga sem mest og fyrir mánuði fékk ég mér lóð sem ég hef bæði á fótum og höndum til að gera göngurnar að enn meiri áreynslu, segir Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari fjörlega þegar hún er beðin að lýsa því hvernig hún haldi sér í formi. Bæði kveðst hún ganga í og úr vinnu og einnig eiga hund sem reki hana út í göngutúra í öllum veðrum. En er það lífsnauðsyn fyrir tónlistarmann að vera vel á sig kominn líkamlega? „Já, yfirleitt eru tónlistarmenn í skrítnum og einhæfum stellingum í vinnunni. Svo herjar streitan stundum á þá líka og axlirnar geta orðið stífar, Því er þeim nauðsynlegt að hreyfa sig og vera meðvitaðir um líkamsstöður,“ svarar hún. Fastur vinnustaður Áshildar er Háskólabíó því þar æfir hún og spilar með Sinfóníuhljómsveitinni. Í fyrra kveðst hún hafa hjólað í vinnuna en nú finnist henni notkun þess ekki reyna nóg á og því hafi hún fengið sér 750 gramma ökla- og únliðalóð til að ganga með. „Af því ég er með börn og margt á minni könnu þá finnst mér ég ekki hafa tíma til að fara í líkamsrækt svo göngur með lóð eru mín aðferð. Ég er reyndar ekki búin að eiga lóðin nema í mánuð en ég er sannfærð um að þau gera mér gott. Ég get ekki hugsað mér að ganga við stafi og er ekki nógu dugleg að hlaupa,“ segir Áshildur og bætir við að lokum. „Svo finnst mér ekki sniðugt að koma hlaupandi í vinnuna löðursveitt með flautuna á bakinu.“

*gun@frettabladid.is*

# Þungur í skammdeginu

***Þegar skammdegið sígur yfir kenna því margir um slen og sinnuleysi. Sú röksemd er ekki fjarri lagi.***

Skammdegisþunglyndi fer að herja á fólk þegar nær dregur nóvember. Einkennin geta verið atorkuleysi, depurð, aukin svefnþörf og aukin þörf í sætindi. Þessi einkenni verða síðan minni þegar daginn tekur að lengja á ný.

Ástæða skammdegisþunglyndis felst í minnkandi birtu og lágs hitastigs eða óvenjulega litlu magni af heilaboðefninu serótónín. Algengara er að konur þjáist af skammdegisþunglyndi og sumar rannsóknir hafa sýnt fram á arfgengi sjúkdómsins. Á heimasíðu Félags ungs fólks með þunglyndi kemur fram að fleiri greinast með skammdegisþunglyndi eftir því sem norðar dregur í heiminum og minna sólarljóss gætir á veturna.



Læknismeðferðir við skammdegisþunglyndi eru ýmsar. Hægt er að styðjast við lyfjameðferðir sem auka serótónín-magn í heilanum og einnig er hægt að fá sérstaka lampa sem notaðir eru gegn skammdegisþunglyndi. Læknismeðferðir skulu alltaf vera í samráði við lækni eða fagaðila.



Dýralæknum þykir oftast vænt um sjúklinga sína. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Breskir dýralæknar undir miklu álagi

***Sjálfsvíg algengari meðal dýralækna en almennra borgara.***

Næstum fjórum sinnum fleiri dýralæknar fremja sjálfsmorð en venjulegir borgarar og helmingi fleiri en læknar og tannlæknar, samkvæmt breskri rannsókn. Talið er að hluta af ástæðunni megi rekja til þess starfa dýralæknanna að þurfa reglulega að drepa sjúklingana sína og þess að þurfa að veita eigendum dýranna sálgæslu við þær aðstæður. Margir dýralæknanna kvarta undan einangrun og æ fleiri þeirra misnota deyfilyf og svefnlyf sem þeir þurfa að nota í starfi.

Breska dýralæknasambandið hefur af þessu þungar áhyggjur og hyggst bjóða upp á stuðning.

# Von í baráttunni gegn brjóstakrabbameini

***Nýtt lyf aðgengilegt öllum.***

Breska ríkisstjórnin hefur ákveðið að allar konur sem greinast með brjóstakrabbamein verði framvegis prófaðar til að sjá hvort lyfið Herceptin geti gagnast í meðferð þeirra. Í dag er lyfið eingöngu notað þegar brjóstakrabbamein er langt gengið. Talið er að lyfið geti gagnast heilmikið til meðferðar á fyrstu stigum sjúkdómsins og að fimmta hver kona sem greinist með brjóstakrabbamein gæti notið góðs af því. Lyfið er gríðarlega dýrt í framleiðslu og þess vegna hefur ekki verið mögulegt að gefa það öllum sem greinast með sjúkdóminn, en ýmsir baráttuhópar gegn krabbameini hafa rekið mikinn áróður fyrir því að það sé aðgengilegt öllum sem gætu haft gagn af því og á kostnað ríkisins.



Þessar krabbameinsfrumur þurfa að vara sig þegar nýja lyfið kemur til sögunnar

Talið er að lyfið geti mögulega bjargað mörgum mannslífum. Lyfið hefur ekki verið rannsakað til hlítar og því munu prófanirnar ekki hefjast fyrr en á næsta ári.



# Hvernig er mataræðið?

***Okkur finnst við oft borða hollan og góðan mat en raunin getur verið önnur.***

Inni á vef Lýðheilsustöðvar má finna sjálfspróf um hvernig mataræðið þitt er. Prófið er einfalt. Spurningarnar eru 19 talsins. Spurt er um mjólkurneyslu, fisk og kjötneyslu, sælgætisát og hvernig maður skammtar sér á diskinn. Niðurtaðan telur í stigum og gefur þér upplýsingar um samtals fitu og samtals hollustuefni. Niðurstaðan gefur þér hugmynd um hvað vantar upp á í mataræðinu og vekur þig til umhugsunar um hvað mætti betur fara.

allt matur
Alla föstudaga

LYFJA
Við mælum blóðsykur
Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

allt bílar
Alla laugardaga

Árangur fer eftir gæðum
Hvaða Spirulina ert þú að taka?
29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega · GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans
Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.
LifeStream
Greinilegur árangur eftir nokkra daga inntöku
Aukið úthald, þrek og betri líðan



Vottað 100% lífrænt
Súrefnistæmdar umbúðir vernda næringarefnin.
Lifestream þörungarnir eru ómengaðir, ræktaðir í ferskvatni eftir ströngum gæðastaðli. ISO9001 · ISO14001
Fæst í öllum apótekum. maður lifandi Yggdrasill · Gulli Betri www.celsus.is



Súperform á fjórum vikum!
Hversu oft hefur þú reynt að komast í betra form, ná tökum á mataræðinu og byrja að hreyfa þig reglulega en ekkert breytist? Námskeiðið Súperform á 4 vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu eftir sumarið.
Ef þú vilt:
- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormónajafnvægi
- Andlega vellíðan
- Auka minnið og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði
Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina, hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.
- Fimm tímar í viku
- Brennsla og styrking
- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottunum að æfingu lokinni
- Protein-shake eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7:30
- Konur kl. 10:00, 16:30 eða 18:30
Nýtt námskeið hefst 10. október nk.
Skráning hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeiðið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.
NORDICASPA

**Hawaii-skyrtur**
eru ekki í tísku. Það er samt alltaf svolítið svalt að vera í þeim. Sérstaklega á Íslandi á veturna.



FAGMENNSKA Í 11 ÁR
FEGRUNAR TATTÚ
LEYNDARMÁL MARGRA FAGURRA KVENNA
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í S. 561 3060
SNYRTISTOFAN HELENA FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

Tískuverslunin Smart
Erum að taka upp helling af nýjum vörum
Grímsbæ við Bústaðarveg • Ármúla 15 • Hafnarstræti 106
600 Akureyri Sími 588 8050, 588 8488, 462 4010
Email: smartgina@simnet.is

Mikið úrval af Vajolet bolum
úr ull/silki og ull/bómull
CARO
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776
Opið virka daga
kl. 11:00-18:00
Opið laugardaga 11:00-14:00

FLEX
Flottir skór mikið úrval
Bankastræti 11
551 3930

Full búð af glæsilegum haustfatnaði
Frábær verð
CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848

HÁRSNYRTIVÖRUR FAGMANNSINS
osmo essence
FÁST Í LYF OG HEILSU, LYFJAVALI OG APÓTEKARANUM
Dreifing: essei

allt bílar
Alla laugardaga



Védís kann vel við sig innan um prjóna, lopa og prufur.

# Tónlistin og ullin tvinnast saman

***Íslensk ull og prjónaskapur hefur verið helsta viðfangsefni Védísar Jónsdóttur í fimmtán ár. Hún er höfundur allra uppskriftanna í nýrri prjónabók Ístex sem heitir einfaldlega Lopi.***

Eins og nærri má geta er allt fullt af prufum og prjónagarni heima hjá Védísi en geislaspilarinn er heldur ekki langt undan. „Ég hlusta oft á tónlist þegar ég er að búa eitthvað til og þá gjarnan á sama diskinn meðan ég er í sama verkefninu. Þá myndast eins og einhver þráður þó svo að hann rofni þegar verkið er fullmótað,“ segir hún brosandi. Segir til dæmis lagið Fönn, fönn, fönn hafa orðið kveikju að einni peysunni í nýju Ístexbókinni, ásamt stórum snjóflyksum fyrir utan gluggann. „Stundum finnst mér líka gott að hlusta á einhver stórbrotin klassísk verk til að lyfta mér upp úr smáatriðunum og horfa á heildina,“ segir hún brosandi.



Prjónapilsin eru komin í tísku og passa vel við gallajakka. Húfan er hlýleg og ekki má dúskana vanta á trefilinn.

Védís lærði almenna fatahönnun í Skolen for Brugskunst í Kaupmannahöfn sem nú heitir Danmarks Designskole. Þegar hún kom heim hóf hún að vinna fyrir Álafoss sem framleiddi prjónavoðir sem síðan voru sniðnar niður í flíkur. „Handprjónið er auðvitað öðruvísi því þar er maður að forma flíkina um leið og hún er prjónuð,“ segir Védís. Hennar vinna er þó fyrst og fremst að hanna flíkur og finna út stærðirnar og hún kveðst leggja sig fram við að hafa uppskriftirnar aðgengilegar. „Það eru svo margar ungar manneskjur að byrja að prjóna og flíkurnar í nýju bókinni eru flestar fljótlegar,“ segir hún.

Védís blandar líka litina í lopanum og kveðst fá hugmyndir að þeim úr öllum áttum. „Nýjungin hjá okkur núna eru samkembdir litir þannig að lopinn verður yrjóttur. Þá prófar maður sig áfram með einhver hlutföll af þessum og hinum litnum þar til náðst hefur það sem maður vill. Síðan er lopinn seldur í búðirnar,“ segir hún og nefnir Handprjónasambandið, Rammagerðina, Hagkaup og flestar hannyrðaverslanir. Nú er hún að útbúa nýtt litakort fyrir plötulopann. „Ég sagði bara þegar ég fékk það verkefni: „Guði sé lof að Sigur Rós er komin með nýjan disk,“,“ segir hönnuðurinn Védís hlæjandi að lokum.

*gun@frettabladid.is*



Nýi yrjótti lopinn er uppistaðan í þessari peysu með áttblaðarósunum.

# Tekur við af Kate Moss

***Rachel Weisz er nýtt andlit Burberry ilmvatnsins.***

Leikkonan Rachel Weisz hefur tekið við af Kate Moss sem andlit Burberry-ilmvatnsins. Hermt er að aðstandendur Burberrys hafi haft samband við leikkonuna eftir að þeir riftu öllum samningum við ofurfyrirsætuna Kate Moss. Þetta er einn af mörgum samingum sem Kate Moss missir í kjölfar þess að myndir af henni sniffandi kókaín birtust í breskum blöðum.

Rachel Weisz þykir ægifögur og aðdáendur hennar mega nú eiga von á því að sjá henni bregða fyrir í auglýsingum fyrir Burberry ilmvötn.



Rachel Weis er einna þekktust fyrir leik sinn í kvikmyndinni About a Boy.

MYND/GETTY

## Heather reið

NOKKRAR FRÆGAR OFURFYRIRSÆTUR HAFA TEKIÐ AÐ SÉR AÐ SÝNA LOÐFELDI Á TÍSKUSÝNINGUM ÞRÁTT FYRIR FYRRI YFIRLÝSINGAR UM AÐ GERA ÞAÐ EKKI.

Heather Mills McCartney, eiginkoma Pauls McCartney, er mikill dýraverndunarsinni. Nú hefur hún sakað ofurfyrirsæturnar Lindu Evangelista, Cindy Crawford og Naomi Campbell um að selja sálu sína í hendur loðfeldaframleiðenda. Heather varð ævareið þegar hún komst að því að fyrirsæturnar höfðu allar sýnt alvöru loðskinnsvörur á sýningarpöllunum eftir að hafa áður tekið þátt í herferðum gegn loðdýrarækt.
Heather starfaði áður sem fyrirsæta og í dag vinnur hún náið með PETA samtökunum sem berjast gegn misnotkun á dýrum.



## Úr háborg tískunnar
BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Heimaheklaðar hippatöskur

Hvert sem litið er svífur andi hippaáranna yfir tískunni í vetur, víð pils, útsaumaðar skyrtur og mussur með perluskreytingum eða pallíettum, aðeins meira í anda áttunda áratugarins. Ekki má heldur gleyma þjóðlegum slavneskum eða rússneskum stíl. Handtöskur og skartgripir fylgja að einhverju leyti sömu línum og ekki hægt að segja að það vanti liti fyrir þennan vetur, litagleðin er taumlaus. Töskurnar eru auðvitað misjafnar og sumar hverjar skartgripum líkastar. Njósnataska Fendi svo dæmi séu tekin fæst í vetur með perluútsaumi og kostar 2.600 evrur. Dior býður upp á „detective“-kvöldtösku hannaða af John Galliano úr satíni með flauelsblómum. Salvatore Ferragamo veðjar á hvíta ullartösku með leðuról sem gæti nú allt eins verið hekluð í Öræfasveit en er framleidd á Ítalíu og kostar 990 evrur. Antonio Marras, hönnuður tískuhúss Kenzo, velur bútasaum með alls kyns mynstri og litum fyrir sínar töskur. Miu Miu, lína sem er framleidd af Prada en fyrir yngra fólk en aðallínan, selur lítil hliðarveski úr leðri með silkiútsaumi á „aðeins“ 600 evrur.

Að undanförnu hefur svo stórverslunin Printemps á Haussmann-breiðgötunni boðið upp á nýjung þar sem hægt er að velja handtösku frá fimmtán hönnuðum (Paul og Joe, Vanessa Bruno, Antik Batik, Zadig og Voltaire...) og velja svo dúska, perlur, pallíettur eða það sem er allra heitast í dag, alls kyns lukkugripi, lyklakippur eða bangsa til að hengja á töskurnar eða sauma. Þannig persónugerir hver sína tösku.

Hugmyndaríkir hönnuðir hafa nú tekið upp á því að hanna fylgihluti sem hafa fleiri en eitt hlutverk, kannski til að réttlæta verðið. Til dæmis handtöskur sem hægt er að tvöfalda með einu handtaki og nota fyrir skjöl eða við innkaup (Longchamp, La main dans le sac) nokkuð sem er bæði þægilegt og um leið umhverfisvænt þar sem ekki þarf plastpoka undir innkaupinn. Næla getur verið beltissylgja. Leðurstígvél eru seld með þrenns konar kanínuskinni í mörgum litum sem má skipta um (Elizabeth Stuart). Þessi hugmynd hefur sömuleiðis skotið upp kollinum í innanhússtísku, lampaskermur getur verið blómapottur, púðum er raðað saman í dýnu þegar einhver gistir og ungbarnapúði úr dúni breytist í sæng þegar barnið stækkar.

Tískan fer í hringi og það væri kannski ráð fyrir ykkur að skreppa til Fríðu frænku eða í heimsókn til ömmu og sjá hvort ekki sé hægt að grafa upp gamlar frænkutöskur sem eru í anda hátískunnar í vetur áður en fjárfest er í tösku á tvöhundruðþúsund krónur.

*bergthor.bjarnason.wanadoo.fr*

# Nakinn api við Bankastræti

***Sara María Eyþórsdóttir verslar með sína hönnun og annarra í skemmtilegu húsnæði á annarri hæð.***

Í Nakta apanum sem er til húsa á annarri hæð í Bankastræti 14 með yndislegt útsýni yfir aðallífæð miðborgarinnar er seldur fatnaður eftir Söru sjálfa og nokkra aðra íslenska og erlenda unghönnuði.



Peysur og bolir kr. 8.900 og 4.500.



Sara í górillustólnum sínum sem hún smíðaði sjálf.

Hönnun Söru samanstendur aðallega af áþrykktum hettupeysum og bolum en flíkurnar vinnur hún í samvinnu við grafísku hönnuðina Ólaf Orra Guðmundsson og Þorleif Kamban. Þríeykið leggur ríka áherslu á sjálfsprottin vinnubrögð og húmor og leikgleði einkenna hönnunina.

Það kennir líka ýmissa annarra grasa hjá henni Söru, ljósakrónur, listaverkabækur, hattar, myndavélar, skartgripir og geisladiskar eru á víð og dreif um búðina og allt er til sölu. Geisladiskurinn Beatmakin Troopa er í spilaranum og hljómar vel inni í frekar hráu en litríku húsnæðinu sem reyndar er í smá upplyftingu þessa dagana þar sem verið er að rýma til fyrir nýrri hárgreiðslustofu sem opnar um miðjan næsta mánuð.

Gleðin er allaf við völd í Nakta apanum en nú þegar hafa Sara og strákarnir haldið þrjú gleðiteiti með litríkum kokteilum og dillandi kóngamúsík svo það má gera ráð fyrir skemmtilegu partíi þegar Kolbrún vinkona Söru opnar hárgreiðslustofuna eftir rúmar tvær vikur.



(Litríkur kjóll á herðatré) Impasse de la Defense kr. 37.000.


allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga







SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póstkröfu

10% ÓÞÆGINDA-AFSLÁTTUR



Svona er nú umhorfs hjá okkur á Laugaveginum um þessar mundir en verður nú bara tímabundið.
Þar til framkvæmdunum við götuna líkur munum við bjóða sérstakan 10% óþægindaafslátt af öllum vörum okkar í verslunum Galleri Sautján, Sautján Jeans, Evu og GS Skóm á Laugavegi.

Verið velkomin
Starfsfólk

ALLT FULLT AF NÝJUM HAUSTVÖRUM

galleri sautján s. 512 1717
sautján jeans s. 512 1710
gs skór s. 512 1714
eva s. 512 1715

Laugavegi 89-91 www.ntc.is




# Vorið er komið í París

*Tískuvikan í París stendur nú sem hæst og heimsþekktir hönnuðir keppast við að kynna vor- og sumartískuna.*

Tískuvikunni í Mílanó er lokið og athygli tískupressunnar hefur færst yfir til Parísar. Þar hefur vor- og sumartískan fyrir næsta árið verið sýnd undanfarna daga við góðar undirtektir. Frægustu hönnuðir heims hafa sýnt hönnun sína og inn á milli hafa ungir og ferskir hönnuðir fengið að spreyta sig. Hátíðinni er hvergi nærri lokið en um 100 tískuviðburðir eru á dagskrá. Mörg þekktustu tískuhúsin hafa þegar haldið sínar sýningar, til dæmis Dior og Jean Paul Gaultier, en beðið er með tilhlökkun eftir sýningum annarra sem eru á dagskrá síðar í vikunni. Margar sýningarnar fara fram í þekktustu og fallegustu byggingum Parísar til dæmis í Grand Palais sem var nýlega opnað á ný eftir 12 ára endurbætur.

Sýningarnar í París eru síðasta stoppið á mánaðarlöngum tískutúr sem hófst með tískuvikunni í New York í september. Þaðan færðist fókusinn til Lundúna, þá til Milanó og loks til Parísar.


John Galliano hneykslaði suma með gagnsæjum, húðlitum fatnaði á tískusýningu Christian Dior.


Skemmtileg hönnun eftir japanska hönnuðinn Yohji Yamamoto sem vakti mikla athygli.








Paco Rabanne sýndi kvenlegan og glæsilegan fatnað.








Vivienne Westwood sýndi flippuð föt sem minntu mörg hver á pönktímabilið. Þessi fallegi kjóll er hins vegar frekar hógvær.





Vorum að taka upp nýjar vörur. ATH höfum opnað aftur á laugardögum frá 11-14. Opið frá 10-18 virka daga. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.



**Sportlegu Heilsuskórnir**
Vinsælu Heilsuskórnir komnir aftur, 8 litir, einnig í gull og silfri, stærðir 35-43, verð 3.990 kr. La Vida Laugavegi 51, Töff Föt Húsavík, Okkar á milli Egilsstöðum, Heimahornið Stykkishólmi, Nína Akranesi.

## Ýmislegt

**Gámar til sölu**
2 einangraðir gámar, 40 og 20 feta til sölu, í þokkalegu ástandi. Sanngjarnt verð. Uppl. í síma 820 0051.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

## Garðyrkja

**Túnþökur**
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
**Túnverk ehf. Sími 892 3666**
**Gylfi Jónsson**

**Túnþökur.**
Úrvals túnþökur til sölu. Frí heimkeyrsla. Túnþökusala ÞG Ehf. S. 891 8891.

**Túnþökusala Oddsteins**
Túnþökur til sölu, frí heimkeyrsla. Steini. S. 663 6666 & 663 7666.

## Málarar

Viðgerðir og málningaþjónusta, utanhúss og innan. Uppl. í s. 869 3934. Viðhald og Málning ehf.

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

## Meindýraeyðing




Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

G.S. flutningar ehf. Getum bætt við okkur öllum tegundum flutninga. 10 ára reynsla. Upplýsingar gefur Stefán í s. 821 1966.

Hasso Ísland. Ertu að flytja? Höfum til leigu ýmsar stærðir af sendibílum sem henta þér, á verðum sem koma á óvart. Síminn er 555 3330 Hasso Ísland

## Húsaviðhald










**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

Getum bætt við okkur verkefnum í flísalögnum, parketlögnum, málningu og öðrum viðhaldsverkum. Uppl. í síma 824 7587.

**Glerjun og gluggaviðgerðir !**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun og trésmíðavinnu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 894 0031.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, glerja. Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Parketlagnir/slípun, gluggar/hurðir/innréttingar. S. 896 9819. Parket og Smíðar.

## Stífluþjónusta







## Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir. Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Er tölvan biluð? Komum á staðinn og lagfærum. Viðurkenndir af Microsoft og CompTia. 24/7 Tölvuþjónusta S. 823 2470.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Dulspeki-heilun

Huglæknir! Verð í Reykjavík með einkatíma á næstunni. Uppl og pantanir í s. 894 1323 eftir kl. 9, fyrir 8. okt. Þorgerður Jónsdóttir Teigi Eyjafjarðarsveit (Gerða).

## Spádómar







**Alspá 908-6440**
Draumar, skyggni. Fyrirb. Fyrri líf. Finn týnda muni. 10-22. Y.Carlsson.

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Örlagalínan**
**908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Hanna 908 6040**
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

Spádómar og huglæg hjálp alla daga hjá Daddý í s. 846 6364. Alltaf þegar þér hentar.

## Rafvirkjun







## Viðgerðir

Loftnetsuppsetningar og -viðgerðir. Innanhúsviðgerðir og nýlagnir. Vönduð vinna. Loftnetsþjónustan Signal. S. 898 6709. Lítil bið.

# HEILSA

## Heilsuvörur







Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Herbalife. Innri og ytri næring. 20 kg. farin frábært útlit, gleðiningur með septemberpöntun. Sesselja. S. 659 5819 & birtad@simnet.is.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

**Heilunarsetrið**
Dvergshöfða 27. Símar: 567 7888 og 868 3894. heilunarsetrid.is

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Næs Connection
**Hæðarsmára 4**

Dúnúlpur, hettukápur
**Laxdal Laugavegi**

Tískuvöruverslunin
**Næs Connection**

Ný bensínstöð
**Atlantsolíu í Skeifunni.**

Símarafhlöður.
**Rafborg.**

Hamborgarabúllan.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Allt fyrir baðherbergið.
**Egill Árnason Ármúla.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

Nuddpottar á tilboðsverði.
**Egill Árnason Ámúla**

Næs Connection
**Hæðarsmára 4**

Dúnúlpur, hettukápur
**Laxdal Laugavegi**

Tískuvöruverslunin
**Næs Connection**

Ný bensínstöð
**Atlantsolíu í Skeifunni.**

Símarafhlöður.
**Rafborg.**

Hamborgarabúllan.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Allt fyrir baðherbergið.
**Egill Árnason Ármúla.**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

Nuddpottar á tilboðsverði.
**Egill Árnason Ámúla**

**Edda 2005**

Edduverðlaunin verða veitt í sjöunda sinn sunnudaginn 13. nóvember. Skilafrestur vegna innsendingu efnis rennur út föstudaginn 7. október kl. 17:00. Verkum skal skilað til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Túngötu 14, 101 Reykjavík.
**Edda 2005**

Ókeypis lyfjaskömmtun og fríar heimsendingar.
**Lyfjaver, Apótekið Suðurlandsbraut.**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Nikótínlyf á heildsöluverði.
**Lyfjaver apótekið Suðurlandsbraut.**

Er rafgeymirinn slappur? Frí rafgeymamæling.
**Gúmmívinnustofan Skipholti.**

Fjölbreytt úrval.
**Gler_í_gegn.**

Gerðu sjálfur þitt gæðavín.
**Áman.**

Gaman, Gaman.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Glæsilegt flísaúrval.
**Egill Árnason Ármúla.**

Yfir hundrað tegundir af parketi.
**Egill Árnason Ármúla.**

Vinnuskór.
**Dynjandi.**

**Næs Connection.**

Dúnúlpur, Hettukápur.
**Laxdal..Laugavegi.**

Opið til átta virka daga og til sex um helgar.
**Ikea.**

Rafhlöður.
**Rafborg.**

Hafnarfjörður, Hafnarfjörður.
**Hamborgarabúlla-Tómasar.**

Hamborgarar rokka feitt.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

Ringo innihurðir, nýr sýningarsalur.
**Egill Árnason Ármúla.**

Rýmingarsala.
**Húsgagnaverslunin il_Tucano Tryggvagötu.**

Heilsársdekk.
**Gúmmívinnustofan Skipholti.**

Kjúklingapíta.
**Pítan Skipholti.**

Hjólbarðaskipti.
**Gúmmívinnustofan Skipholti_35**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**533-4200.**

GP-alkaline.
**Rafborg.**

Víngerðarnámskeiðin eru að byrja.
**Áman.**

Glerlist.is
**Gler_í_gegn**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Tískuvöruverslunin Næs Conneection.

Allt til víngerðar.
**Áman.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

## Vantar þig góða vinnu?

Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Geturðu unnið fullt starf í vaktavinnu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir!

Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.

**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

## Ýmis störf í boði

í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir! **Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

## Leikskólinn Blásalir, Árbæ.

Vantar starfsfólk í skilastöðu seinni part dags. **Upplýsingar gefur Margrét leikskólastjóri í síma 557 5720 & 695 9796.**

## Pylsuvagninn í Laugardalnum

Pylsuvagninn í Laugardalnum óskar eftir þjónustuliprum starfskrafti, kvöld og helgar vaktir. **Uppl. í s. 864 9862**

MAX1 BÍLAVAKTIN

Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1, Bildshöfða Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga fyrir 11. október í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.

## Sölumaður

Óskast til starfa í byggingarvöru verslun í vesturbæ Reykjavíkur. **Upplýsingar í síma 660 3193.**

## Pítan Skipholti

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðarstarf. Einnig vantar á kvöld og helgarvaktir. **Umsóknareyðublöð á staðnum og einnig á www.pitan.is**

## VGH Mosfellsbæ ehf

Vörubílstjóri óskast. Einnig vinnuvélamaður. **Upplýsingar í s. 896 2279.**

## Ræsting Grafarvogur

Vantar fólk í ræstingu á vel fyrir hádegi virka daga. **S. 533 6020 og raestir@raestir.is**

## Ræsting Grafarvogur

Vantar fólk í ræstingu á vel fyrir hádegi virka daga. **S. 533 6020 og raestir@raestir.is**

## Ræsting Hafnarfjörður

Vantar fólk í ræstingu virka daga kl. 16 **Uppl. í s. 533 6020, raestir@raestir.is**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Vantar góðan gröfumann með full réttindi og mikla reynslu. Góð laun í boði. Uppl. í s.895 9812

## Dekkjaverkstæði

Óskum eftir rösku fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó tímabundið. Framtíðarstarf möguleiki. Uppl. í s. 660 0560

## Skalli Hraunbæ

óskar eftir að ráða röska starfskrafta í kvöld, helgar og dagvinnu. Uppl. í s. 567 2880.

## Símadömur óskast!

Finnst þér gaman að tala við karlmenn í síma? Rauða Torgið leitar samstarfs við spennandi símadömur. Allar uppl. á www.raudatorgid.is (atvinna í boði) eða í s. 899 7987 á daginn. Skráning í s. 552 3349.

Úthringjari. Óskum eftir að ráða vana úhringjara í framsækið fyrirtæki. Hlutastarf, unnið að mestu seinni hluta dags og á kvöldin. Árangurstengd laun. Uppl. í síma 896 5142.

## Valhúsaskóli

Óskum eftir að ráða skólaliða. Uppl. veitir Þröstur Leifsson í s. 822 9125.

Óskum eftir bílstjórum, vélamönnum, verkamönnum og viðgerðamanni fyrir austan fjall. Uppl. í s. 862 0727.

## Sjómenn!!

Vana háseta vantar á bát með beitningarvél. Uppl. í s. 852 2086 & 861 7655.

Hársnyrtir óskast hálfan daginn eftir hádegi. Uppl. í s. 552 1144

## Ræstingar

Vantar duglegt fólk í ræstingar. 100% dagvinna. Uppl. s. 824 1455.

Okkur vantar góðan starfskraft í eldhús, ef þú ert dugleg/ur og hefur áhuga á skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá eða sú sem við erum að leita að. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. gefa Jón í s. 690 1074 og Signý í s. 695 0786 eða á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300.

## Kaffi Conditori

Okkur vantar starfsmann í afgreiðslu í fullt starf/hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband í síma 664 7411, Maríanna.

Byggingaverkamenn á Akranesi. Húsbygg óskar eftir að ráða öfluga starfsmenn í hópinn vegna framkvæmda á miðbæjarreit Akranesi. Upplýsingar gefur Lárus í síma 893 8360 www.husbyggehf.is

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Erum starfrækt á stórhöfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar í síma 525 0900 og á www.smfr.is

## Atvinna óskast

2 smiðir óska eftir að taka að sér ýmis smáverk. Uppl. í síma 698 7068, Haukur.

28 ára kk. óskar eftir atvinnu. er með meirapróf og meðmæli. Fyrir nánari uppl. hafið samb. í s. 694 3480.

Get tekið að mér heimilisþrif eða þrif á sameignum. Uppl. í síma 896 4890.

Hörkuduglegur 21 árs maður óskar eftir vinnu við einhverskonar trésmíði, er ólærður en nokkuð vanur trésmíði. S. 866 2655.

26 ára maður óskar eftir vinnu, vann seinast við parketlagnir. Sími 616 6921.

# Aðalfundur

Boðað er til aðalfundar í Framsóknarfélagi Reykjavíkurkjördæmis-suður fimmtudaginn 13.10.05 kl. 20.00, að Hverfisgötu 33.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins. Sjá nánar á www.hrifla.is.

Þeir félagar, sem gefa kost á sér til setu á kjördæmisþingi, eru vinsamlega beðnir um að tilkynna það Sigrúnu Jónsdóttur í síma 692-4694 eða á netfang einar@framsokn.is

**Vakin er athygli á að framboð til setu á kjördæmisþingi þurfa að berast stjórn félagsins í síðasta lagi 3 dögum fyrir aðalfund.**

**Stjórn FR-suður**

## ATVINNA

**HEGGUR ehf**

innréttingar

Vantar vana og laghenta menn á verkstæði.

Við innréttinga smíðar og sprautun.

uppl. Sæmundur s: 893 1424

TILKYNNINGAR

## Ertu einmanna?

Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Einkamál

XXX DVD

BESTA VERÐIÐ

DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498

birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

## FASTEIGNIR

# ÞINGHOLT

Sími 590 9500

Borgartún 20, 105 Reykjavík

Sveinn Guðmundsson hdl., lögg. fast.



| Þorarinn Kópsson | Kjartan Kópsson | Sigríður Sigmundsdóttir | Þorbjörn Þ. Pálsson |
|---|---|---|---|
| Framkv.stjóri | Sölumaður | Sölumaður | Sölumaður |

**OPIÐ VIRKA DAGA 9.00-17.00, SÍMAVAKT UM HELGAR**




# Atvinnuhúsnæði - Smiðjuvegur

Höfum fengið til sölu 3090 fm. verslunar, skrifstofu og lagerhúsnæði við Smiðjuveg í Kópavogi. Frábær staðsetning og fjárfesting. Miðja margskonar viðskipta.

Verð...kr.495 millj.

Allar nánari upplýsingar veittar hjá Þingholt ehf Borgartúni 20 sími 590-9500

**www.thingholt.is • thingholt@thingholt.is**

# Sýslumaðurinn í Keflavík



Hjá Sýslumanninum í Keflavík er laust starf löglærðs fulltrúa. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf frá og með 1.nóvember 2005 eða eftir samkomulagi. Í umsókninni þurfa að koma fram upplýsingar um menntun og fyrri störf. Afrit prófskírteina skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublöðum, en óskast sendar Sýslumanninum í Keflavík, Vatnsnesvegi 33, 230 Keflavík.

- **Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu**
- **Umsóknarfrestur er til 15 . október 2005**
- **Reyklaus vinnustaður**

Nánari upplýsingar veita Jón Eysteinsson, sýslumaður í síma 420-2428 eða Ásgeir Eiríksson, staðgengill sýslumanns í s. 420-2436.

**Sýslumaðurinn í Keflavík 21. september 2005**
**Jón Eysteinsson,**
**sýslumaður**

## Leikskólarnir
# Fossakot og Korpukot

**Óskum eftir deildarstjóra, leikskólakennurum og leiðbeinendum sem fyrst til starfa.**

Skemmtileg vinnuaðstaða í vel búnum leikskólum þar sem unnið er með mikilvægasta fólki í heimi.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu í síma 577-1900 eða sendi tölvupóst á skrifstofa@alla.is

**Fossakot**
Fossaleyni

**Korpukot**
Fossaleyni 12

karon

# Karon heildverslun óskar eftir starfskrafti við ýmis tilfallandi störf.

**Vinnutími að jafnaði 9:00 til 14:00. Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum og hafa bíl til umráða. Umsóknir með mynd sendist fyrir 7.oktober á dogg@karon.is www.karon.is**

STYRKTARFÉLAG VANGEFINNA 23-3 1958

## Styrktarfélag vangefinna
# Dagvistunin Lyngás

óskar eftir starfsmanni í eldhús. Um er að ræða 85-90% starf í dagvinnu. Matreitt er fyrir um 50 manns. Lyngás er sérhæft dagheimili, staðsett í Safamýri 5 og er opið frá 8.00-16.30 á virkum dögum. Þangað sækja börn og unglingar á aldrinum 1-18 ára þjónustu.

Staðan er laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi. Allar nánari upplýsingar veita Birna Björnsdóttir og Hrefna Þórarinsdóttir í síma 553-8228 alla virka daga.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Eflingar. Hægt er að nálgast upplýsingar um Styrktarfélagið á heimasíðu þess http://www.styrktarfelag.is



GRUND
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI
Stofnað 1922

# Starfsfólk á næturvaktir

Starfsfólk óskast í aðhlynningu á næturvaktir. Einnig óskum við eftir starfsmönnum á morgun- og kvöldvaktir í aðhlynningu. Starfshlutfall samkvæmt samkomulagi.

Áhugasamir eru velkomnir í heimsókn, en geta einnig kynnt sér starfsemi Grundar á heimasíðu Grundar sem er www.grund.is þar sem jafnframt er hægt að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-6100 virka daga.

**Eignamiðlun Suðurnesja**
Sigurður V. Ragnarsson,
löggiltur fasteignasali

**Víkurbraut 46**
**Grindavík**
**Sími 426 7711**
**www.es.is**

**Hafnargötu 20,**
**230 Reykjanesbæ**
**Sími 421-1700**

## HEIÐARGIL 2, KEFLAVÍK



Sérlega vandað og glæsilegt einbýlishús á mjög góðum stað. Húsið, sem er teiknað af Kjartani Sveinssyni, skiptist þannig að á efri hæð eru 3 svefnherbergi, stofa, borðstofa, hol, eldhús og tvö baðherbergi. Á neðri hæð eru tvö herbergi, stórt hol, geymsla og baðherbergi auk 40 ferm. bílskúrs. Í eldhúsi er ný innrétting, mjög glæsileg, baðherbergi eru þrjú. Öll baðherbergi í húsinu voru tekin í gegn og endurnýjuð fyrir fjórum árum. Á gólfum í herbergjum og stofu er parket en flísar á forstofu, eldhúsi og holi á neðri hæð hússins. Sér inngangur er á neðri hæð og innangengt er í bílskúr. Fataskápar eru í forstofu og öllum svefnherbergjum. Stór afgirtur sólpallur með heitum potti. Lóð er ræktuð og mjög gróin. Glæsilegt útsýni yfir bæinn og Faxaflóann.

Verð 46.000.000.-

## VALLARGATA 6, KEFLAVÍK



Þetta er einbýlishús á tveimur hæðum, sem skiptist í stofu, sjónvarpshol og 5 rúmgóð svefnherbergi. Í eldhúsi er innrétting spónlögð, sérlega vönduð, granít á milli skápa, á borðplötum og á gólfum. Á baði er innrétting, veggir og gólf klætt með marmara, nuddbaðkar, á nh er einnig baðherbergi með sturtu. Þvottaherbergi er rúmgott með innréttingu, einnig er herbergi inn af þvottaherbergi. Skápar eru í forstofu, holi og hjónaherbergi. Sérlega vönduð og skemmtileg eign, hannað af Finni Fróðasyni arkitekt. Húsið var allt endurbyggt 1991 en þá var ma. húsið einangrað og klætt að utan, skipt um alla glugga og gler og útihurðar, einnig var skipt um allar lagnir. Þá var húsið einnig innréttað að innan, á gólfum í stofum og herbergjum er parket. Innkeyrsla er hellulögð með snjóbræðslukerfi. Lóðin er girt og grasilögð. Svalir í suðvestur. Bílskúrinn var byggður 2002 og er 66 fm. Húsið er á eignalóð.

Verð 38.000.000.-

## LYNGMÓI 18, NJARÐVÍK



Mjög glæsilegt einbýlishús á einni hæð, innst í botnlangagötu. Húsið skiptist í samliggjandi stofur, þrjú góð svefnherbergi, eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús og stóran bílskúr. Í eldhúsi er innrétting, flísar á gólfi, ofn, helluborð og vifta. Fataskápar eru í hjónaherbergi og öðru barnaherbergi. Hurðir eru hvítlakkaðar. Á baði er innrétting, flísar á gólfi, baðkar og sturta. Mjög snyrtileg og skemmtileg eign á góðum stað. Lóð er girt og ræktuð og góður sólpallur með heitum potti. Bílskúr er tæpir 50 fermetrar.

Verð 31.500.000.-Sta

## BLIKABRAUT 1, KEFLAVÍK



Mjög skemmtilegt og vel staðsett parhús á frábærum stað, sem skiptist í stofu, borðstofu, hol, 2 baðherbergi, þvottaherbergi og 5 svefnherbergi. Bílskúr (28 ferm.) er fullgerður og undir honum er stórt (ca. 25 ferm.) herbergi. Innihurðir eru spónlagðar. Parket á stofu, plastparket á öllum herbergjum. Í baðherb. eru veggir og gólf flísalagt, baðkar. Nýjir skápar eru í 3 barnaherb, spónlagðir. Einnig er skápur í hjónaherb. og í forstofu á neðri hæð. Í eldhúsi er ný innrétting - mjög falleg, nýr Siemens ofn og helluborð, flísar á gólfi. Nýtt járn er á þaki bæði á íbúðarhúsi og bílskúr. Forhitari er á hitaveitukerfi. Pallur er á lóð. Lóð er grasilögð og girt. Svalir í suð-vestur. Mjög skemmtileg og rúmgóð eign. Frábær staður.

Verð 23.000.000.-

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

# Áhugaverð störf í boði

Menntasvið

## STÖRF Í LEIKSKÓLA REYKJAVÍKURBORGAR

**Vilt þú taka þátt í framþróun í leikskólastarfi**

Leikskólinn Laufskálar er fjögurra deilda leikskóli sem er staðsettur í Laufrima 9. Hugmyndafræðin sem er lögð til grundvallar uppeldisstarfinu er John Dewvey og Reggío, þar sem lagt er upp úr opnum efnivið og skapandi hugsun.
Nú í haust var byrjað að þróa nýtt námsefni um tilfinningaleikni þar sem áhersla er lögð á að hlusta á barnið og virða tilfinningar þess.
**Óskað er eftir leikskólakennurum í sterkan starfsmannhóp til að þróa með okkur starfið.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi
- Jákvæðni og áhugasemi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra háskólamenntun eða reynslu á sviði uppeldis og kennslu.

Upplýsingar um starfið veitir Halldóra Pétursdóttir leikskólastjóri í síma 587-1140. *laufskalar@leikskolar.is.* Störfin eru laus til umsóknar.

Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411-7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað er hægt að fá í leikskólanum eða á heimasíðunni www.leikskolar.is

## STARF Í GRUNNSKÓLA REYKJAVÍKURBORGAR

**Aðstoðarskólastjóri Álftamýrarskóla**

**Laus er staða aðstoðarskólastjóra við Álftamýrarskóla frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2006.**
Álftamýrarskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 10. bekk. Nemendur í skólanum eru rúmlega 340.
**Í Álftamýrarskóla er m.a. stefnt að því**

- að góður og jákvæður andi ríki milli nemenda og starfsfólks.
- að efla einstaklingsmiðað nám með áherslu á fjölbreytt námstækifæri
- að auka ábyrgð nemenda á eigin námi og námsumhverfi
- að efla foreldrasamstarf
- að kennarar vinni saman, bæði við undirbúning kennslu og við þróun skólastarfsins.

**Leitað er að umsækjendum sem hafa:**

- Kennaramenntun og kennslureynslu, einkum á unglingastigi
- Stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnað í starfi og áhuga á skólaþróun framhaldsmenntun, t.d. á sviði stjórnunar

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið.

Upplýsingar um starfið gefa Steinunn Ármannsdóttir, skólastjóri Álftamýrarskóla, símar 570 8100 og 664 8110, netfang: *steinunn@alfto.is*, Brynhildur Ólafsdóttir 570 8100 og 664 8111, netfang *brynhildur@alfto.is*. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000.
Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf auk annarra gagna sem málið varðar. Umsóknarfrestur er til 24.okt. 2005. Umsóknir sendist í Álftamýrarskóla Reykjavík. Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

Frekari upplýsingar um Álftamýrarskóla er að finna á heimasíðu skólans http://www.alftamyrarskoli.is

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

## OPIÐ HÚS AÐ HRÍSRIMA 3, ÍBÚÐ 201
### í dag, fimmtudag milli kl. 17 og 17.30




Gullfalleg 101,3 fm 3 herbergja íbúð ásamt 24,9fm stæði í bílgeymslu, samtals 126,2fm á skemmtilegum stað í Grafarvoginum. Sérlega skemmtileg ALNO eldhúsinnrétting, innb. uppþv.vél og ísskápur fylgja.
Stutt í alla þjónustu. Íbúðin er laus til afhendingar.
**Verð kr. 21,9 millj.** Verið velkomin

Frekari upplýsingar gefur Steinunn í síma 862-2969

X HÚS
FASTEIGNASALA
Opið mánudaga til föstudaga 08:30 til 17:00
Skeifunni 19, 108 Reykjavík, sími: 533-1060, fax: 533-1069, www.xhus.is, xhus@xhus.is

**Höfum traustan kaupanda af góðu 240-320 fm einbýlishúsi á einni hæð, staðsett á höfuðborgasvæðinu. Húsið má ekki vera eldra en 10 ára.**



**Ferkari upplýsingar gefur Valdimar Tryggvason s: 897-9929.**

**Skeifan 19 • 108 Reykjavík • Sími 533 1060 • Fax 533 1069 • www.xhus.is • xhus@xhus.is**

X HÚS
Jón Magnússon
Hrl. lögg. fasteigna og skipasali
FASTEIGNASALA
Opið mánudaga til föstudaga 08:30 til 17:00
Skeifunni 19, 108 Reykjavík, sími: 533-1060, fax: 533-1069, www.xhus.is, xhus@xhus.is

**Nökkvavogur 16 Opið hús í dag milli kl 17-19.**




Aðalhæð ásamt góðum bílskúr. Mjög falleg 94fm hæð ásamt 32 fm bílskúr í fallegu húsi í lokuðum botnlanga á þessum frábæra stað. Stofa og borðstofa. Fjögur herbergi. Góður garður. Allt umhverfi mjög snyrtilegt, hellulögð innkeyrsla. Stutt í skóla og framhaldsskóla. **LAUS STRAX.**
**Verð 25,5 millj.**

**Skeifan 19 • 108 Reykjavík • Sími 533 1060 • Fax 533 1069 • www.xhus.is • xhus@xhus.is**

RE/MAX®



RE/MAX MJÓDD

# Eyjabakki 18
109 Reykjavík
Opið hús **fimmtudag 6. okt** kl. 17:30-18:00

**Verð: 17.900.000**
Stærð: 103,3 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1970
Brunabótamat: 12,8 millj.

Vel skipulögð og rúmgóð 4ra herbergja íbúð á efstu hæð sem stórri sérgeymslu í kjallara. 3 svefnherbergi, eitt með fataherbergi innaf, björt stofa með parketi og útgengt á svalir. Eldhús með innréttingu á 2 veggjum, parket á gólfi og borðkrókur við glugga. **LAUS STRAX**


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

# Suðurhólar 4
111Reykjavík
Opið hús **fimmtudag 6. okt** kl. 18:00-18:30

**Verð: 17.500.000**
Stærð: 106 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 12,2 millj.

4ja herbergja íbúð á 4 hæð með frábæru útsýni, 3 svefnherbergi, rúmgott hol með góðum skáp. Eldhús er með vandaðari eikarinnréttingu og borðkrók, Stofa með parketi og útgengt á góðar svalir. Baðherbergi mjög rúmgott og flísalagt gólf. Vel skipulögð eign á góðum stað í Breiðholti þar sem mjög stutt er í skóla. **LAUS STRAX**


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

# Bergstaðastræti 48
101 Reykjavík
Opið hús **fimmtudag 6. okt.** kl. 18:00 -18:30

**Verð: 21.500.000**
Stærð: 85,5 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1940
Brunabótamat: 10,3 millj.

Stórglæsileg íbúð á 2 hæðum sem hefur verið öll endurnýjuð. Efri hæð: Forstofa, svefnherbergi, flísalagt baðherbergi með mjög stórum sturtuklefa, eldhús og stofa er opið rými, gengið niður stiga í stórt herbergi sem er nýtt sem svefnherbergi og vinnurými í dag. Glæsileg eign á frábærum stað í miðbænum. **LAUS STRAX**


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

# Rjúpufell 46
111 Reykjavík
Opið hús **fimmtudag 6. okt** kl. 18:30-19:00

**Verð: 18.900.000**
Stærð: 98 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 14,3 millj.
Bílskúr: 22 fm

4ra herbergja íbúð á efstu hæð með yfirbyggðum svölum í klæddu húsi. Rúmgott eldhús með góðu skápaplássi, þvottahús innan íbúðar. Stofa með parketi. Flísalagt baðherbergi með sturtuklefa. 2 svefnherbergi (áður 3, lítið mál að breyta aftur). Bílskúr með vatni og opnara. Gott leiksvæði fyrir börnin við húsið. **LAUS STRAX**


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

# Skaftahlíð 42
105 Reykjavík
Opið hús **fimmtudag 6. okt.** kl. 19:00-19:30

**Verð: 19.900.000**
Stærð: 92,9 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1956
Brunabótamat: 10,2 millj.

3ja herbergja íbúð á neðstu hæð með sérinngangi, á þessum eftirsótta stað.Forstofa flísalögð, eldhúsið er snyrtilegt með hvítri innréttingu, Stofa parketlögð með 3 djúpum og fallegum gluggum. 2 herbergi mjög rúmgóð.Gróinn stór garður og mjög stutt er í skóla og leikskóla. Falleg eign á besta stað í bænum.


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

# Framnesvegur 65
107 Reykjavík
Opið hús **fimmtudag 6. okt.** kl. 19:00 -19:30

**Verð: 15.900.000**
Stærð: 79,4 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1959
Brunabótamat: 8,6 millj.

3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði. 2 svefnherbergi bæði með plastparketi og annað með skáp, stofa með plastparketi. Eldhús með flísum á gólfi og eldri innréttingu, tengi fyrir þvottavél, geymsla innan íbúðar. Samkvæmt eiganda má hafa hund í íbúðinni. **LAUS STRAX**


Jónas Örn Jónasson hdl. lögg.fasteignasali 520 9550

Hafdís Sölufulltrúi 895 6107 hafdis@remax.is

Ásdís Ósk Sölufulltrúi 863 0402 asdis@remax.is

**www.remax.is**

# Mötuneytin í skólum eru bylting



UMRÆÐAN
SKÓLAMÖTU-
NEYTI

STEFÁN JÓN HAFSTEIN
FORMAÐUR MENNTAMÁLARÁÐS REYKJAV.

Á fyrsta framboðsfundi mínum fyrir síðustu borgarstjórnarkosninga sögðu Björn Bjarnason og Guðrún Ebba Ólafsdóttir fyrir D-lista að mun betra væri að senda bakkamat í skólana en hafa mötuneyti. Því höfnuðu fundarmenn og Reykjavíkurlistinn fékk umboð til þess í kosningum að setja mötuneytiseldhús í alla grunnskóla. Ég hef heyrt kennara segja að fyrsta stundin eftir mat sé nú jafn góð til náms og fyrsta stundin að morgni til þegar börnin mæta óþreytt. Þetta eina sannfærir mig um að kostnaðurinn sem nemur mörg hundruð milljónum muni skila sér í betri námsafköstum.

Við ákváðum einnig að láta fara fram úttekt á eldhúsunum þegar langt var komið með að innleiða þau í skólum. Í skýrslu um málið kom fram að margra bóta var þörf og því var starfsfólki okkar falið að fylgja eftir tillögum sem fram komu. Í samtölum við skólastjóra, kennara og foreldra hefur komið fram að þar sem best tekst til eru skólaeldhúsin góð viðbót við skólamenninguna, og hafa komið fram óskir um að hver skóli hafi nokkuð sjálfstæði um það hvernig haldið er á málum. Á heimasíðum skólanna á að vera hægt að sjá matseðil hverju sinni og því auðvelt fyrir forráðamenn barna að fylgjast með. Í könnun sem ég gerði sjálfur hjá nokkrum skólum kemur í ljós að framboðið er fjölbreytt, mikið af „venjulegum heimilismat“ en vissulega er erfitt að ráða í næringargildi hverrar máltíðar og hversu vel eða illa hún er samsett af ferskmeti eða mikið unnum verksmiðjumat. Sem leikmaður myndi ég setja spurningarmerki við „pylsur með öllu“ í hádeginu, og veit ekki með „ýsunagga“ í samanburði við nýja ýsu. Með fullbúnum mötuneytum á auðvitað að bjóða upp á ferskmeti að lang stærstum hluta. Menntasvið borgarinnar hefur verið í samskiptum við Lýðheilsustöð, en þar er nú unnin úttekt á stöðu þessara mála og verður hún höfð til hliðsjónar við frekari stefnumótun, svo sem hvort þörf er á að endurskoða núverandi handbók um skólamötuneyti og hvernig beri að fylgja málum eftir í samræmi við niðurstöður.

Ég hef fylgst með umræðu Breta um ruslmat í skólum og get fullyrt að við erum ekki í neinum slíkum vandræðum sem þeir. En við þurfum örugglega að bæta úr ýmsum þáttum. Því hef ég áhuga á að skólamötuneytin fái öll þá aðstoð sem þörf er á og viðmið til að fara eftir, en eftir sem áður verði sá bragur hafður á í hverjum skóla sem starfsfólk og forráðamenn barna koma sér saman um. Samtímis þessu hef ég sem borgarfulltrúi rekið mjög á eftir því að innkaup á grunnamat verði boðin út svo að mötuneytin hafi kost á að kaupa inn fyrir lægsta mögulega verð hverju sinni. Ég hvet forráðamenn barna til að kynna sér vel matarmenninguna í skóla sínum, og skólastjórnendur til að hafa fullt samráð við foreldraráðin um þessi mál. Við höfum stigið stórt skref fram á við með því að bjóða upp á hollan mat í skólum á vinnudegi barnanna og eigum að nýta það til fullnustu.

# Hafnarfjörður – stærri



UMRÆÐAN
SAMEININGAR-
KOSNINGAR

MAGNÚS ÓLAFSSON
SJÁLFSTÆÐISFLOKKI

Á laugardaginn, 8. október, ganga Hafnfirðingar að kjörborðinu og kjósa um sameiningu Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps. Sameining sveitarfélaga er nauðsynleg, ef litið er á hagræðingu slíkrar aðgerðar. En það er ekki nóg að sameinast, ef bæjarbúar njóta ekki góðs af því. Bæjarbúar eiga rétt á því að slík sameining verði þeim til góða með lækkun fasteignaskatta og annarra skyldra greiðslna til bæjarfélagsins. Eftir því sem bæjarbúar verða fleiri, þá hlýtur það að skila sér í bæjarsjóð.

Þessi sameining er mjög skynsamleg og gefur bænum mikla möguleika landfræðilega séð. Það ætti að opnast gífurlegir möguleikar á fjölgun byggingarlóða fyrir nýja íbúa og fyrirtæki.

Hafnarfjörður er fallegur bær og það er nauðsynlegt að stækka hann. Vatnsleysuströndin er ósnortin og seiðandi og ef rétt er haldið á málum í bænum í framtíðinni og sameiningin verður að veruleika, sér maður fyrir sér að hér verði fallegasta bæjarstæði landsins og mjög mikil eftirspurn eftir búsetu hér.

Þetta er vonandi bara byrjunin á meiri sameiningu nálægra bæjarfélaga. Það á fyrst og fremst að hugsa um bæjarbúa og hvað þeim er fyrir bestu og láta þá sjálfa taka ákvarðanir með kosningu eins og þessari. Þeir eiga jú þennan bæ.

Kæru Hafnfirðingar, mætum á kjörstað 8. október og bjóðum íbúa Vatnsleysustrandarhrepps velkomna til Hafnarfjarðar.

Skráðu þig núna!
Viltu auka möguleikana?
Námskeið til aukinna ökuréttinda
Næstu námskeið
Reykjavík - 10. október
Suðurnes - 20. október
Leigubifreið · Vörubifreið · Hópbifreið
Ath! Nú greiða verkalýðsfélög allt að 40.000 kr. af námskeiði.
ÖKUSKÓLI S.G.
SÍMI 567 9094
AUKIN ÖKURÉTTINDI
LEIGUBIFREIÐ · VÖRUBIFREIÐ · HÓPBIFREIÐ
Skráning í 567 9094, 692 4124 og 822 2908

# Þingið ræður

GUÐNI TH. JÓHANNESSON
SKRIFAR UM SÖGU ÞINGRÆÐIS

Mér þykir það að vissu leyti leitt að þurfa að halda áfram gagnrýni á ráðningu Þorsteins Pálssonar til að rita sögu þingræðis á Íslandi. Það er leitt vegna þess að þegar ég hef leitað á náðir Þorsteins vegna rannsókna á nýliðinni sögu og spurt hann um atvik frá stjórnmálaferlinum, þá hefur hann ævinlega tekið manni vel - enda er hann mjög viðkunnanlegur maður sem kom víða við sögu. Það er líka leitt vegna þess að maður hefur viljað trúa þeim orðum ráðamanna að þeir vilji efla rannsóknir og nýsköpun á öllum fræðasviðum, og ég sjálfur hef ekki yfir neinu að kvarta í þeim efnum.

Svör Sólveigar Pétursdóttur þingforseta við gagnrýni stjórnar Sagnfræðingafélags Íslands á þá ákvörðun forsætisnefndar þingsins að fá Þorstein Pálsson til verksins eru hins vegar þess eðlis að nauðsynlegt er að útskýra nánar í hverju gagnrýnin er fólgin. Í frétt á fréttavefnum Vísi 4. október s.l. er haft eftir Sólveigu að ritun á sögu þingræðis sé ekki á verksviði einnar fræðigreinar „og krefst ekki síður þekkingar í lögfræði og stjórnmálafræði en sagnfræði. Því hafi Þorsteinn, sem sé menntaður lögfræðingur og með sérkunnáttu í stjórnskipunarrétti, orðið fyrir valinu“.

Það er vissulega rétt hjá þingforseta að saga þingræðis snýst um meira en sagnfræði. Við í stjórn Sagnfræðingafélagsins gátum hins vegar ekki verið að álykta fyrir hönd stjórnmálafræðinga, svo dæmi sé tekið, þótt þeir muni ekki koma nálægt ritun þessarar sögu á nokkurn formlegan hátt, og mætti það vera áhyggjuefni fyrir þá fræðastétt. Okkur finnst það ekkert skárra að sagnfræðingar séu sniðgengnir að stjórnmálafræðingar og stjórnlagafræðingar séu það líka.

Það mat Sólveigar Pétursdóttur að Þorsteinn Pálsson búi yfir „sérkunnáttu í stjórnskipunarrétti“ er líka rangt, nema hún eigi við langan stjórnmálaferil hans, sendiherrastörf og setu í stjórnarskrárnefnd. Hvergi annars staðar sér þessarar kunnáttu stað. Við, sem þurfum að sækja um styrki til fræðastarfa í samkeppnissjóðum, verðum að tíunda fyrri afrek á fræðasviðinu til að eiga von um jákvæðar undirtektir. Við leit í landskerfi bókasafna, Gegni (www.gegnir.is), finnst ekki ein einasta heimild um það að Þorsteinn Pálsson hafi látið að sér kveða í rannsóknum á stjórnskipunarrétti, nema tínd séu til nokkur hátíðarávörp í ráðherraembætti.

Þorsteinn Pálsson getur örugglega skrifað lipran texta, sökkt sér í rannsóknir á sögu þingræðis og reynt eftir bestu getu að láta áralanga þátttöku í forystusveit eins stjórnmálaflokks ekki hafa áhrif á mat sitt og ályktanir. En það er ekki mergur málsins heldur hitt að forsætisnefnd Alþingis er að senda skýr skilaboð til þeirra, sem hafa ákveðið af einlægum áhuga að reyna að gera rannsóknir á sögu og samtíð að ævistarfi sínu. Og munurinn á orðum og efndum ráðamanna er sláandi þessa dagana. Í stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi sagði: „Við eigum að líta á útgjöld til menntamála sem fjárfestingu í framtíðinni og rétt eins og aðrir fjárfestar viljum við tryggja að fjárfestingin skili sem mestum árangri“. Utanríkisráðherra tók í sama streng en fjárfestingin skilar ekki árangri ef hún er ekki nýtt. Orðin eru fögur en efndirnar þær að þegar máli skiptir þykja ráðamönnum á Alþingi lagapróf frá 1974 og skálaræður í ráðherratíð þyngri á metum en áralangt framhaldsnám og viðamiklar rannsóknir. Það sem meira er, það þarf ekki einu sinni að meta það.

*Höfundur er formaður Sagnfræðingafélags Íslands*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



Miele
Miele fer betur með þvottinn
Miele W405 þvottavél
Verð áður kr. 128.428
Tilboð: kr. 89.900
Miele T233C þurrkari barkalaus
Verð áður kr. 115.400
Tilboð: kr. 80.781
Miele T223 þurrkari f. útblástur
Verð áður kr. 98.800
Tilboð kr. 69.160
Miele þvottavélar og þurrkarar á einstöku tilboðsverði
30% afsláttur
Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele þvottavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.
Miele W405 þvottavélar ásamt Miele T233C og Miele T223 þurrkurum fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.
GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum
LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri
Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.
EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is
vilborga@centrum.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.489 **-0,71%**

**Fjöldi viðskipta:** 283
**Velta:** 2.210 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic Fashions** | +2,45% | **Marel** | -2,29% |
| **Atorka Group** | +0,87% | **Flaga** | -2,04% |
| **SÍF** | +0,68% | **Straumur** | -1,87% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** **Actavis** 40,10 -0,70% ... **Bakkavör** 42,30 +0,50% ... **FL Group** 14,15 -1,10% ... **Flaga** 3,37 -2,00% ... **HB Grandi** 9,20 +0,00% ... **Íslandsbanki** 14,55 -1,00% ... **Jarðboranir** 20,50 -0,50% ... KB banki 580,00 -0,90% ... **Kögun** 54,60 -0,40% ... **Landsbankinn** 21,60 +0,00% ... **Marel** 64,00 -2,30% ... SÍF 4,47 +0,70% ... **Straumur** 13,10 -1,90% ... **Össur** 85,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Viðræður hefjast

Hugsanlega fer að styttast í fréttir af viðræðum FL Group og Sterling. Fulltrúar félaganna munu eiga sinn fyrsta fund í dag þar sem farið verður yfir málin. Hannes Smárason og Pálmi Haraldsson hafa ekki náð að funda enn sem komið er, en lögfræðingar á þeirra vegum hafa rætt saman.



Eftir því sem heyrst hefur hafa enn sem komið er ekki verið nefndar neinar tölur varðandi kaupin og Sterling-menn munu ekki opna bækur sínar fyrr en einhverjar verðhugmyndir eru á borðinu. Komandi viðræður virðast ekki trufla framrás félagsins sem hefur nú tekið ákvörðun um að bæta Helsinki á lista norrænna höfuðborga sem félagið flýgur frá til fjölda áfangastaða.

### Grein fyrir gott taugakerfi

Íslensku flugfélögin eru í miklum sóknarhug og uppbygging greinarinnar gríðarlega mikil. Sterling, FL Group og Avion eru öll í sóknarhug á sama tíma og hátt olíuverð dregur máttinn úr stórum flugfélögum, fyrir utan kostnað sem fylgir hertum öryggiskröfum í Bandaríkjunum. Þannig tilkynnti flugfélagið Delta að dregið yrði úr framboði í innanlandsflugi í Bandaríkjunum. Delta er í greiðslustöðvun og sér ekki fyrir endann á vandræðum félagsins. Delta er þó ekki bara í vörn, heldur hyggst auka flug til Mexíkó samhliða.

Á sama tíma virðist sókn Íslendinganna ganga vel í þessari áhættusömu atvinnugrein þar sem menn geta bæði hagnast mikið og tapað miklu á skömmum tíma. Grein sem gerir kröfur um sterkan fjárhag, gott taugakerfi og hraustan maga.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

> Úrvalsvísitalan lækkaði í gær þriðja daginn í röð og fór niður fyrir 4.500 stig á tíma. Bankar og fjárfestingarfélög leiddu lækkanir gærdagsins.

**Landsbankinn** tilkynnti í gær að hann væri kominn með yfir fimm prósenta hlut í **Íslandsbanka** en áður átti bankinn 3,5 prósenta hlut. Markaðsvirði hlutarins er um ellefu milljarðar króna. **Landsbankinn** er nú fjórði stærsti hluthafinn í **Íslandsbanka**.

Greiningardeild **KB banka** telur líklegt að dregið hafi úr spennu á fasteignamarkaði. „Þær miklu hækkanir sem hafa verið á fasteignaverði undanfarið ár eru ekki óeðlilegar í ljósi þess að fjármagnskostnaður hefur lækkað um 30% á þessu tímabili og fjármagnsskömmtun til íbúðakaupa hefur verið afnumin,“ segir í Efnahagsfregnum **KB banka**.

# Sigurjón Sighvatsson kaupir VG Investment

### Íslandsbanki fjármagnar kaup á félaginu.

Sigurjón Sighvatsson hefur keypt danska fasteignafélagið VG Investment samkvæmt frétt danska viðskiptablaðsins Børsen. Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Sigurjón væri í lokaviðræðum um kaup á dönsku fasteignafélagi en þá var óljóst hvaða fasteignafélag væri um að ræða. Kaupverðið er samkvæmt Børsen ekki minna en tæpir sjö milljarðar íslenskra króna og segir Sigurjón í samtali við Vejle Folks Amtsblad að hann sjái danskan fasteignamarkað fara vaxandi ekki síst þegar efnahagurinn í Þýskalandi tekur við sér á nýjan leik. „Þetta eru okkar fyrstu kaup í Danmörku en við höfum áhuga á að kaupa meira,“ segir Sigurjón í samtali við blaðið.

Það er fasteignafélag Sigurjóns, Heimiliskaup ehf., sem fjárfestir í félaginu en auk Sigurjóns koma Íslandsbanki í Lúxemborg og hér heima að fjárfestingunni sem fjármögnunaraðilar.



**SIGURJÓN SIGHVATSSON** Ætlar sér frekari landvinninga á dönskum fasteignamarkaði.

Baugur Group hefur þegar fest kaup á danska fasteignafélaginu Keops en áætla má að frá því að Baugur keypti hlut sinn í Keops um mitt sumar hafi verðmæti hans aukist um tvo milljarða íslenskra króna. Gengi Keops hækkaði mjög við opnun markaða í Kaupmannahöfn í gær og náði á tíma 22 en gengi félagsins var 3,9 í byrjun ársins. **- hb**

# Gott sumar fyrir ferðaþjónustuna

### Gistinóttum fjölgar um níu prósent í ágúst.

Gistnóttum fjölgaði um níu prósent í ágúst miðað við sama mánuð í fyrra. Alls voru gistinætur í ágúst samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands 151.070 en voru 138.250 í sama mánuði í fyrra. Gistnóttum í ágúst hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 1999 og hafa aldrei verið fleiri en í ár.

Mest hlutfallsleg aukning var á Suðurnesjum, Vestfjörðum og á Vesturlandi. Hótel Stykkishólmur stækkaði hótel sitt um 50 herbergi í um 80 herbergi í sumar og má meðal annars rekja aukninguna á Vesturlandi til þess. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um 15 prósent á milli ára.

Framboð á gistirými hefur stóraukist á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum en nokkur ný hótel hafa risið í miðbæ Reykjavíkur. Auk þess stefnir Grand Hótel nú að því að stækka þannig að hótelið verið stærst allra hótela á landinu og með 316 herbergi strax á næsta ári.



**RADISSON SAS HÓTEL SAGA** Ágústmánuður var góður fyrir hótelin á landinu en aukningin var um 15 prósent á höfuðborgarsvæðinu frá sama tíma í fyrra.

Í Morgunkorni Íslandsbanka er bent á að svo virðist sem sumarið hafi í heild verið nokkuð hagstætt fyrir ferðaþjónustuna sé litið til fjölda ferðamanna og fjölda gistinátta. **- hb**

# Forsendur tilboðs brostnar

### Tíu prósent hluthafa í Skandia ganga ekki að yfirtökutilboði.



**JIM SUTCLIFFE, FORSTJÓRI OLD MUTUAL** Verður ekki að ósk sinni að níutíu prósent eigenda Skandia gangi að yfirtökutilboði frá Old Mutual.

Tíu prósent hluthafa í Skandia hafa hafnað yfirtökutilboði Old Mutal eftir að Handelsbanken bættist í hóp þeirra hluthafa sem segja nei. „Við höfum ákveðið að fara eftir áliti stjórnarinnar en einnig finnst okkur að verðið sé of lágt,“ segir Johan Lagerström, talsmaður Handelsbanken, í viðtali við Dagens Industri.

Þar með er ljóst að Jim Sutcliffe, forstjóra Old Mutual, verður ekki að ósk sinni en hann kvaðst þess fullviss um að níutíu prósent eigenda Skandia myndu samþykkja tilboðið. Forsendur yfirtökutilboðsins virðast því vera brostnar, enda setti Old Mutual það sem skilyrði að níu prósent eigenda gengi að því, en fastlega er búist við því að þau viðmið verði lækkuð.

Ýmislegt bendir til þess að meirihluti hluthafa Skandia – allt að sextíu af hundraði – fylgi Old Mutual að málum eins og Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki og fjárfestahópar tengdir honum. **- eþa**

# Launakostnaður hækki

### Lítið bólar á launaskriði ennþá en það mun væntanlega breytast.

Í ágúst hafði kaupmáttur launa aukist um 2,9 prósent á tólf mánaða tímabili. Laun höfðu hækkað á sama tíma um 6,7 prósent en vísitala neysluverðs um 3,7 prósent.

„Launabreytingar umfram samningsbundnar hækkanir hafa verið óverulegar, jafnvel í greinum þar sem umframeftirspurn hefur verið töluverð undangengið ár, svo sem í byggingar- og mannvirkjagerð. Skýrist það fyrst og fremst af því að umframeftirspurn eftir vinnuafli hefur verið mætt með innflutningi þess,“ segir í Peningamálum Seðlabanka Íslands.

Þar segir jafnframt að töluverð umframeftirspurn eftir vinnuafli virðist vera að myndast í þjónustugreinum, bæði á almennum markaði og hjá hinu opinbera. Launaþrýstings gæti því farið að gæta þar á næstu mánuðum verði henni ekki mætt með innflutningi vinnuafls. Einnig sé líklegt að endurskoðun kjarasamninga feli í sér aukinn launakostnað.

Spáir Seðlabankinn að launakostnaður á framleidda einingu aukist um rúmlega fjögur prósent á þessu og næsta ári. Þetta séu töluvert meiri hækkanir en geti samrýmst 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði bankans til lengri tíma. **- bg**



**EFTIRSÓTTIR LAUNAMENN** Seðlabankinn spáir því að launakostnaður hækki um rúmlega fjögur prósent á hverja framleidda einingu á þessu og næsta ári.


# Lífeyrissjóður lækna
## haustfundur 2005

**Stjórn Lífeyrissjóðs lækna boðar til upplýsinga- og kynningarfundar í kvöld kl. 20.**

**Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel við Sigtún.**

**Boðið verður upp á kaffi og veitingar.**

**Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.**

*Stjórn sjóðsins*

**Dagskrá**

1. Fréttir af afkomu sjóðsins.
2. Kynning á tillögum um sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins.
3. Önnur mál.

Upplýsingasíðu um sameiningarmálin er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.llaekna.is.

**Opið hús frá kl. 17.15 fyrir þá sem vilja nánari upplýsingar**

Frá kl. 17.15 verða ráðgjafar í Gullteigi Grand Hótel Reykjavík til þess að veita sjóðfélögum upplýsingar um sameiningartillögurnar. Auk þess eru þeir reiðubúnir að fara yfir:

- hvernig áunnin réttindi einstakra sjóðfélaga flytjast milli lífeyrissjóða.
- hvernig framtíðarréttindi þeirra byggjast upp í Lífeyrissjóði lækna eða í sameinuðum lífeyrissjóði.
- valkosti til að tryggja hag maka vegna breyttra reglna um makalífeyri.

Sjóðfélagar sem vilja fara yfir eigin mál með ráðgjöfum eru beðnir um að hafa með sér skilríki. Við hvetjum sjóðfélaga sem hafa spurningar um sameiningarmálin og hvaða áhrif þau hafa á réttindi þeirra til að nýta sér þetta tækifæri.

LÍFEYRISSJÓÐUR LÆKNA

Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími 440 4960, ll@llaekna.is, www.llaekna.is

# Óljóst með Carnegie



HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON

Samkvæmt fréttamiðlinu mergermarket.com, sem sérhæfir sig í umfjöllun um yfirtökur og samruna fyrirtækja, mun Landsbankinn ákveða sig innan tólf mánaða hvort reynt verði að taka sænska fjárfestingarbankann Carnegie yfir. Er þetta haft eftir nafnlausum heimildarmanni innan Landsbankans.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum hefur ekkert verið ákveðið í þessum efnum. Stefnan sé óbreytt og ekki hafi verið rætt sérstaklega við stjórnendur Carnegie um samruna félaganna.

Landsbankinn á ríflega tuttugu prósenta hlut í Carnegie. Lengi hefur verið skrifað um áhuga Landsbankamanna á að kaupa félagið en það hefur ekki fengist staðfest. Er bent á að það sé ekki auðsótt mál, meðal annars vegna þess hversu sterk ítök stjórnendur hafa á fyrirtækinu.

Í frétt mergermarket.com er haft eftir heimildarmanni innan Carnegie að ávinningur af samruna þessara félaga sé óljós. Þetta sé ekki forgangsmál. - bg

# Símafyrirtækin vöruð við

## Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins íhugar að setja reglugerð um reikigjöld.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur nú varað farsímafyrirtæki Evrópu við því að lækki þau ekki svokölluð reikigjöld innan sex mánaða muni stjórnvöld grípa inn í með reglugerð. Reikigjöld leggjast á þegar hringt er á milli farsímakerfa en framkvæmdastjórnin hefur um tíma gert athugasemdir við að reikigjöldin séu enn mjög há og að þrátt fyrir að framfarir hafi orðið á farsímamarkaðnum endurspegli þau ekki virka samkeppni símafyrirtækjanna.

Póst- og fjarskiptastofnun Íslands íhugaði um tíma að setja sérstakar kvaðir á Símann og Og Vodafone þar sem bæði fyrirtækin hafa talsverðan markaðsstyrk í gegnum rekstur eigin farsímanets. Stofnunin hefur einnig bent á að hægt væri að auka farsímanotkun töluvert með því að lækka gjald fyrir símtöl á milli farsímaneta en þrátt fyrir mikla farsímaeign Íslendinga eyða þeir talsvert minni tíma í símanum en íbúar margra nágrannalanda okkar. - hhs



**FÁNI EVRÓPUSAMBANDSINS** Lækki farsímafyrirtæki ekki reikigjöld innan sex mánaða mun Evrópusambandið grípa inn í.

# Tilboð í danska Símann

Hópur breskra og bandarískra fjárfesta hefur gert tilboð í danska símfyrirtækið TDC sem áður var í eigu danska ríkisins. Samkvæmt frétt Wall Street Journal er um að ræða hóp fjögurra sjóða og fyrirtækja sem hafa sent tilboð til stjórnar TDC en stjórnin er sögð vera að skoða tilboð hópsins auk annars tilboðs sem barst stjórninni fyrr á þessu ári.

Verðmæti danska félagsins er samkvæmt síðara tilboðinu um 740 milljarðar íslenskra króna en til samanburðar var Landssími Íslands seldur á 66,7 milljarða króna á þessu ári. - hb

**DANSKI SÍMINN** TDC var áður í eigu danska ríkisins en er nú skráð í Kauphöllina í Kaupmannahöfn.

# Sun og Google í samstarf

## Bréf í Sun Microsystems hækkuðu um sex prósent við tilkynninguna.

Leitarvélarisinn Google og netfyrirtækið Sun Microsystems hafa ákveðið að hefja samstarf sín á milli. Ýmsar getgátur eru uppi um hvað vakir fyrir fyrirtækjunum en samkvæmt heimildum vefsíðu CNN stefna þau að því að auka veg hugbúnaðar sem sóttur er á netið. Google Earth er dæmi um þessa gerð hugbúnaðar en það forrit gerir fólki kleift að skoða gervihnattamyndir af jörðinni af mikilli nákvæmni.

Sameinuð fyrirtækin tvö gætu ógnað veldi Microsoft sem er þeirra sameiginlegi samkeppnisaðili. Þau vona að samstarfið verði til þess að auka veg stýrikerfa eins og OpenOffice.org sem byggist á forritunarmálinu Java. Microsoft hefur í dag styrka stöðu með Windows-stýrikerfinu en minnkandi notkun á hugbúnaði á hefðbundinn hátt gæti breytt því.

Markaðurinn metur samstarfið sem svo að það komi sér betur fyrir Sun Microsystems enda hækkuðu hlutabréf í fyrirtækinu um sjö prósent fljótlega eftir opnun markaða en lítil hreyfing varð á hlutabréfum í Google. - hhs

**GOOGLE STOPPAR EKKI** Hefur hafið samstarf við Sun Microsystems sem talið er geta ógnað veldi Microsoft.

# Áttu við Eimskip

Eimskip hefur sent frá sér tilkynningu vegna umræðu um að félagið sé það félag sem vísað var til í afkomuviðvörun Nýherja á mánudag. Þar kom fram að vegna ágreinings við viðskiptavin yrði rekstur Nýherja í járnum á þriðja ársfjórðungi.

Eimskip segir að 1. september 2004 hafi Eimskip samið við Nýherja um innleiðingu á SAP-upplýsingakerfi. Afhending kerfisins sé áætluð 31. október næstkomandi, níu mánuðum eftir umsamin tíma.



# Verðtryggð skuldabréf vinsæl

Fyrirtæki hafa gefið út verðtryggð skuldabréf fyrir rúma 100 milljarða króna það sem af er þessu ári. Íbúðalánasjóður hefur gefið út verðtryggð skuldabréf fyrir um fjörutíu milljarða króna og ríkissjóður fyrir sjö milljarða króna. Þetta kemur fram í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins.

Þar segir að erlendir langtímavextir séu með því lægsta sem þekkst hafi í áratugi og það hafi átt sinn þátt í að innlendir langtímavextir hafi farið lækkandi. Viðbrögð markaðarins hafi verið á þann veg að gefa út mikið af verðtryggðum skuldabréfum á þessu ári.





**BETTE DAVIS (1908-1989)**
lést þennan dag.

*„Allir hafa hjarta, nema sumir.“*

***Bette Davis var heimsfræg bandarísk leikkona. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna ellefu sinnum og hlaut þau tvisvar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 6. OKTÓBER 1979

## *Páfi heimsækir Hvíta húsið í fyrsta sinn*

Á þessum degi árið 1979 varð Jóhannes Páll páfi II fyrstur páfa til að stíga fæti inn í Hvíta húsið í Washington. Fundur hins 39. forseta og 264. rómverska páfa vakti nokkra athygli en í 200 ára sögu Bandaríkjanna höfðu fáir stjórnmálamenn viljað láta bendla sig við kaþólsku kirkjuna opinberlega.

Um 40 þúsund manns komu saman til að berja páfann augum þegar hann hélt messu fyrir um þúsund presta við dómkirkju St. Matthews áður en hann hélt til Hvíta hússins þar sem hann dvaldi síðasta daginn af ferðalagi sínu um sex bandarískar borgir. Carter forseti ávarpaði páfann á móðurmáli hans, pólsku. Þá biðluðu þeir til heimsins um kjarnorkuafvopnun og aukna hjálp til þróunarlanda. Athöfnin fór friðsamlega fram en hálfum tíma fyrir heimsókn páfa var maður handtekinn sem hafði í fórum sínum þrjár byssur og hníf.

Páfinn hitti Carter forseta á ný ári síðar og það ár bauð hann Elísabetu Englandsdrottningu velkomna í Vatíkanið. Árið 1998 hafði Jóhannes Páll páfi annar heimsótt yfir hundrað lönd og farið hringinn í kringum hnöttinn 27 sinnum. Páfinn lést 2. apríl árið 2005.



**JÓHANNES PÁLL PÁFI ANNAR OG JIMMY CARTER**

## MERKISATUBÐIR

1659 Hollenskt kaupskip sekkur við Flatey á Breiðafirði.
1847 Bókin Jane Eyre eftir Charlotte Brontë er gefin út.
1895 Samkomuhús Hjálpræðishersins er vígt. Það var gamli spítalinn við Aðalstræti í Reykjavík.
1961 Háskólabíó er vígt á hátíðarsamkomu vegna hálfrar aldar afmælis Háskóla Íslands.
1981 Egypski forsetinn Anwar Sadat er ráðinn af dögum.
1993 Flogið er í fyrsta sinn í gegnum gatið á Dyrhólaey, Flugstjóri var Arngrímur Jóhannsson en Árni Johnsen var með í för.
2000 Slobodan Milosevic foreti Júgóslavíu segir af sér.



✝

*Ástkær eiginkona mín,*

**Hallfríður Guðrún Sigurðardóttir**
fyrrum húsfreyja að Uppsölum Svarfaðardal,

sem lést þann 30. september verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 8. október kl. 13.30.
Jarðsett verður í Vallakirkjugarði.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Þorsteinn Kristjánsson**



✝

*Sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, fósturfaðir og afi,*

**Kristján Mikkaelsson**
Flekkudal, Kjós,

verður jarðsunginn frá Reynivallakirkju í Kjós laugardaginn 8. október og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Guðný G. Ívarsdóttir**
**Elías Kristjánsson Sigríður Lárusdóttir**
**Gunnar Kristjánsson Sigríður Birna Ólafsdóttir**
**Ásrún Kristjánsdóttir Jónas Dalberg Karlsson**
**Þorsteinn Kristjánsson**
**Jóhannes Björnsson**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Guðmundur Bjarnason**
vélstjóri, Háaleitisbraut 79, Reykjavík,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 28. september. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 7. október kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**María Jónsdóttir**
**Jón E.B. Guðmundsson**
**Stefán Ó. Guðmundsson Svanhvít Jónasdóttir**
**Larissa Jónsdóttir**
**María Stefánsdóttir Hákon Stefánsson**
**Elísabet Stefánsdóttir**
**Fanney, Anna Elísabet og Stefán Orri langafabörn**



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnbjörn Jónsson**
Hraunvangi 7, Hafnarfirði,

andaðist á sjúkradeild Hrafnistu Hafnarfirði sunnudaginn 2. október. Jarðarförin auglýst síðar.

**Kristín Gróa Gunnbjörnsdóttir Ingimar Kristjánsson**
**Sigfús Brynjar Gunnbjörnsson Anna Björk Brandsdóttir**
**Jón Valdimar Gunnbjörnsson Ragna Jóna Helgadóttir**
**Sólbjörg Gunnbjörnsdóttir Rósinkar Snævar Ólafsson**
**Kristbjörg Gunnbjörnsdóttir Heimir Lárus Hjartarson**
**Guðjón Heiðar Gunnbjörnsson Elínborg Sigvaldadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## BORGAR ÞÓR EINARSSON KJÖRINN FORMAÐUR SUS:

# Margt fráhrindandi við stjórnmál



**FORMAÐUR SUS** Borgar Þór á stóra fjölskyldu og fór með hana í sína fyrstu utanlandsferð í sumar til Króatíu.

„Ég taldi að það þyrfti að gera breytingar á sambandinu,“ segir Borgar Þór Einarsson, sem var kjörinn formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna síðustu helgi. Borgar er gamalreyndur innan SUS. „Það eru tólf ár síðan ég fór á mitt fyrsta SUS-þing,“ segir Borgar, sem var formaður í Félagi ungra sjálfstæðismanna á Akranesi fyrir ellefu árum og hefur verið viðloðandi SUS síðan.

Hann vill leggja áherslu á að SUS vinni fyrir félögin um landið en líti ekki á þau sem stoðdeildir. Þessu vill hann ná fram með því að fela einstökum félögum meiri ábyrgð og stærri verkefni. „Ég vil byggja félögin upp þannig að við séum með nærveru úti um allt land,“ segir Borgar, sem er bjartsýnn á að koma öllu í verk á þeim tveimur árum sem hann gegnir formennsku. „Ég vil koma sambandinu strax í það stand að það verði ómissandi fyrir flokkinn í næstu kosningum,“ segir Borgar, sem vinnur sem lögfræðingur hjá Landsbankanum.

Á þinginu sem haldið var í Stykkishólmi um helgina var Borgar einn í formlegu framboði en allir aðrir félagar voru kjörgengir. Það vakti nokkra athygli að hálfsystir Borgars fékk 18 prósent atkvæða. „Þetta var svartur húmor hjá mínum andstæðingum innan hreyfingarinnar,“ útskýrir Borgar, sem fannst ekki sérstaklega vel fram komið við yngri systur sína sem var að mæta á sitt fyrsta SUS-þing og vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið.

Pólitíkin er áhugamál Borgars númer eitt, tvö og þrjú. Auk þess hefur hann mjög gaman af að veiða og stundar laxveiði eins og hægt er. Borgar á stóra fjölskyldu, konu og þrjú börn. „Ég reyni eins og ég get að vera með þeim þó það gefist lítill tími,“ segir Borgar, sem var mikið að heiman í sumar að undirbúa framboð sitt innan SUS. Hann gaf sér þó tíma til að fara með fjölskylduna í sína fyrstu utanlandsferð til Króatíu. „Það var mikið ævintýri fyrir krakkana en þau tvö yngri höfðu aldrei komið í flugvél,“ segir Borgar, sem skemmti sér mjög vel.

Borgar viðurkennir að það sé eitthvað við stjórnmál sem togi í hann, sérstaklega þörfin fyrir að hafa áhrif á hvernig hlutirnir séu í kringum hann. Hann hefur þó ekki gert upp við sig hvort hann muni vinna við pólítík í framtíðinni. „Þó það sé margt spennandi við stjórnmál er líka margt fráhrindandi,“ segir Borgar, sem finnst stjórnmálamenn afsala sér stórum hluta af sínu einkalífi sem enginn geti gert nema vera með hlutina á hreinu gagnvart sínum nánustu.

## ANDLÁT

**Halldór Jónsson** frá Mannskaðahóli andaðist á sjúkrahúsi Sauðárkróks laugardaginn 1. október.

**Gunnbjörn Jónsson,** Hraunvangi 7, Hafnarfirði, andaðist á sjúkradeild Hrafnistu Hafnarfirði sunnudaginn 2. október.

**Erlendur Lárusson,** fyrrverandi forstöðumaður Vátryggingaeftirlitsins, Krosshömrum 11, Reykjavík, andaðist á heimili sínu mánudaginn 3. október.

**Ester Jósavinsdóttir,** fyrrum bóndi og húsfreyja á Másstöðum í Skíðadal, Ægisgötu 25, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 4. október.

**Jóhanna Margrét Þorsteinsdóttir** ljósmóðir, áður til heimilis á Baldursgötu 12, Reykjavík, lést á heimili sínu, Dalbraut 27, þriðjudaginn 4. október.

## AFMÆLI



**Kolfinna Baldvinsdóttir** sagnfræðingur er 35 ára.

## JARÐARFARIR

13.00 Minningarathöfn um Erling Vigfússon, óperusöngvara, verður haldin í Grafarvogskirkju.
14.00 Sigurður Björn Ingólfsson frá Suðurvöllum, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**






# CLINIQUE

## GÓÐ GJÖF





Árverkni um brjóstakrabbamein.

### Kaupaukinn þinn frá Clinique er í Hagkaupum!

Ef þú kaupir tvo hluti eða fleiri frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

- Rinse-Off Eye Makeup Solvent 30 ml
- Repairwear Intensive Eye Cream 5 ml
- Eye Shadow Trio – augnskuggar
- Colour Surge Bare Brilliance varalitur
- Colour True Shampoo 50 ml
- Happy Perfume Spray 4 ml

*Gildir á meðan birgðir endast.




Gildir til 9. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

Fæst í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa.

## Heyrst hefur ...

... að knattspyrnukonan Andrea Olga Færseth muni brátt greina frá því hvar hún ætli að spila á næstu leiktíð. Það mun vera með hennar gamla félagi KR en Helena Ólafsdóttir, fyrrum landsliðsþjálfari, er nýtekin við liðinu og hún ætlar sér stóra hluti með KR-liðið næsta sumar og er jafn velvon á fleiri stórum bitum.

**sport**

sport@frettabladid.is

DAGUR SIGURÐSSON: ENN AÐ SPILA Á FULLU MEÐ BREGENZ Í AUSTURRÍKI

# Dagur farinn að huga að heimferð



Dagur Sigurðsson, fyrrverandi fyrirliði íslenska landsliðsins í handbolta, hefur verið að gera það gott sem spilandi þjálfari austurríska félagsins Bregenz en lið félagsins er komið í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu annað árið í röð.

Eftir tíu ár í atvinnumennsku segist Dagur ekki geta neitað því að það sé freistandi að fara að koma heim til Íslands. „Fjölskyldan er mjög ánægð hér í Austurríki en við erum nú samt farin að huga að því koma heim. Við höfum búið lengi erlendis og ætlum okkur að flytja heim á réttum tíma. Tvær dætur mínar eru komnar á skólaaldur og þess vegna meðal annars viljum við fara að flytja heim til Íslands.“

Dagur verður þó áfram spilandi þjálfari hjá Bregenz út þetta tímabil en hann er með samning við félagið til ársins 2007 en í honum er uppsagnarákvæði sem hugsanlegt er að Dagur nýti sér.

Það er ekki ákveðið hvað Dagur fer að gera þegar hann kemur heim. „Ég veit ekki hvað ég fer að gera. Mér finnst nú líklegt að ég haldi áfram í viðskiptunum en ég hef alltaf aðeins komið nálægt þeim. Svo kannski held ég áfram í handboltanum og spila með Val í DHL-deildinni annars veit ég það ekki. Ég er nú bara ekkert búinn að leiða hugann mikið að því hvað ég tek mér fyrir hendur.“

Bregenz komst í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu og er þar í riðli með stórliðunum Magdeburg, franska liðinu Montpellier og Medvedi frá Rússlandi. Dagur gerir sér ekki miklar vonir um að ná í mörg stig gegn þessum liðum en vonast til þess að geta strítt þeim á heimavelli. „Það er ekki raunhæft að stefna að því að vinna þessi lið en vonandi tekst okkur að standa í þeim á heimavelli. Við náðum ágætum úrslitum á móti Magdeburg á síðustu leiktíð þannig að við vitum hvað við getum.“

## > Við hrósum ...

... Örnu Sif Pálsdóttur, leikmanni kvennaliðs HK í handknattleik, fyrir vasklega framgöngu gegn Íslandsmeisturum Hauka í gær. Svo vasklega gekk stúlkan fram að sjálf Harpa Melsted kveinkaði sér undan henni og má nú mikið til að sú stúlka kveinki sér.

## > Við hrósum ...

.... körfuknattleiksdeild Grindavíkur fyrir að bjóða upp á árskort á sanngjörnu verði eða 5.000 kr. Það er til mikillar fyrirmyndar hjá félaginu og vonandi skilar þetta góða útspil félagsins sér í fínni mætingu á leiki liðsins í vetur.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *SS-bikarkeppnin:*

| | |
|---|---|
| VALUR 2 - STJARNAN | 17–27 |

Ekki bárust upplýsingar um markaskorara í leiknum.

| | |
|---|---|
| FH 2 - AFTURELDING | 29–22 |

Ekki bárust upplýsingar um markaskorara í leiknum.

| | |
|---|---|
| KR - FYLKIR | 16–31 (9–8) |

**Mörk KR:** Páll Þórólfsson 4, Guðmundur Albertsson 4, Hörður Gylfason 2, Davíð B. Gíslason 2, Hafsteinn Guðmundsson 1, Daði Hafþórsson 1, Anton Gylfi Pálsson 1 (fékk rautt þegar 20 mín. lifðu leiks), Ágúst Þór Jóhannsson 1.
**Mörk Fylkis:** Pétur Þorláksson 7, Arnar Sæþórsson 6, Ásbjörn Stefánsson 6, Heimir Örn Árnason 5.

| | |
|---|---|
| HAUKAR 2 - SELFOSS | 19–25 |

Ekki bárust upplýsingar um markaskorara í leiknum.

| | |
|---|---|
| ÍBV 2 - FH | 28–43 |

Ekki bárust upplýsingar um markaskorara í leiknum.

### *DHL-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR - HK | 43–32 (22-16) |

**Mörk Hauka:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 13/5, Ramune Pekarskyte 8/2, Guðbjörg Guðmannsdóttir 7, Harpa Melsted 4, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Martha Hermannsdóttir 3/2, Erna Þráinsdóttir 2, Tinna Barkardóttir 2, Áslaug Þorgeirsdóttir 1.
**Varin skot:** Helga Torfadóttir 9, Kristina Metuzeviciute 7.
**Mörk HK:** Arna Sif Pálsdóttir 13/5, Aukse Vysniauskaité 10/1, Hjördís Rafnsdóttir 5, Auður Jónsdóttir 3, Rut Jónsdóttir 3.
**Varin skot:** Kolbrún Ragnarsdóttir 3, Tinna Viðarsdóttir 6.

### *Þýska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| MAGDEBURG - WILHELMSH. | 45–22 |

**Arnór Atlason** skoraði 7 mörk fyrir Magdeburg og **Sigfús Sigurðsson** 3.
**Gylfi Gylfason** skoraði 4 mörk fyrir Wilhelmshavener.

| | |
|---|---|
| FLENSBURG–GÖPPINGEN | 31–24 |

**Jaliesky Garcia Padron** skoraði 2 mörk fyrir Göppingen og **Andrius Stelmokas** 4.

### *Spænska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| CANGAS - CIUDAD REAL | 22–29 |

**Ólafur Stefánsson** var ekki á markalista Ciudad í leiknum.




# Við verðum einhvern tímann á toppnum

**Nýliðar HK skoruðu 32 mörk á Íslandsmeistarana á Ásvöllum en urðu samt að sætta sig við fyrsta tap vetrarins. Haukar eru með fullt hús og nýttu sér hraðaupphlaupin og sóknarleikinn til þess að vinna ellefu marka sigur á nýliðunum.**

**HANDBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka urðu fyrstir til að vinna nýliða HK í vetur en Haukakonur unnu ellefu marka sigur í leik liðanna í DHL-deild kvenna á Ásvöllum í gær, 43-32. HK-liðið hafði í fullu tré við Hauka í sóknarleiknum en gekk illa að eiga við þær í vörninni auk þess sem Haukar skoruðu 17 marka sinna úr hraðaupphlaupum. Haukar höfðu sex mörk yfir í hálfleik, 22-16, og höfðu nokkuð góð tök á leiknum allan tímann þó svo að HK-liðið hafi aldrei gefist upp.

Arna Sif Pálsdóttir vakti mikla athygli hjá hinu unga HK–liði en þessi sautján ára stóri og sterki línumaður skoraði 13 mörk í gær. Hún var þó ekki alveg nóg ánægð með leik sinn í leikslok. „Auðvitað var þetta erfitt því þær eru náttúrlega miklu reynslumeiri en við. Við vorum búnar að æfa vörnina mikið fyrir leikinn en við verðum bara gera betur þar næst.“



**MARKADROTTNINGAR TAKAST Á** Haukastúlkan Hanna G. Stefánsdóttir, sem skoraði 13 mörk í gær, reynir hér að stöðva Aukse Vysniauskaité, leikmann HK sem skoraði tíu mörk og gaf tíu stoðsendingar í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GAMLA VARNARBÚNTIÐ ENGU GLEYMT** Geir Sveinsson, fyrrum landsliðsfyrirliði, sýndi gamalkunna takta í Höllinni í gær þegar Hraðlestin mætti Stjörnunni í SS-bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Gátum ekki stöðvað þær

Sóknin var kannski allt í lagi hjá mér og vítin góð en varnarleikurinn minn var ekki nægilega góður. Þetta var flott að fá að spila við svona sterkt lið, við vissum að þær væru fljótar fram en við gátum bara ekki stoppað þær meira. Við verðum einhvern á toppnum,“ sagði Arna Sif ákveðin á svip og greinilegt að hún og aðrar stelpur í HK-liðinu ætla sé langt.

Aukšé Vysniauskaité er samt burðarásinn í HK-liðinu en þessi snjalli leikstjórnandi var með 10 mörk og 10 stoðsendingar í gær.

Hanna Guðrún Stefánsdóttir var búinn að skora 10 mörk í hálfleik en endaði með 13 mörk eins og Arna Sif. Hanna Guðrún er ánægð með byrjun Hauka í vetur. „Við byrjuðum aldrei að spila vörn í þessum leik og áttum í miklum erfiðleikum með miðjumanninn sem er mjög góður líkt og allt þetta HK-lið. Við náðum samt að fá nokkur hraðaupphlaup og það bjargaði deginum í dag,“ sagði Hanna sem skoraði 6 af 13 mörkum sínum úr hraðaupphlaupum og gerði fleiri slík mörk en allt HK-liðið til samans.

„Við ætlum okkur að vera á toppnum eins og hvert annað lið í deildinni. Við erum að bæta okkur með hverjum leiknum og mér finnst við vera betri í dag en við vorum í fyrra. Þetta er hörkulið sem HK er með, það er gaman að horfa á þær, þær eru mjög sprækar og snöggar og verða örugglega með mjög gott lið í framtíðinni,“ sagði Hanna. ooj@frettabladid.is

Hannes Sigurðsson kallaður inn í landsliðshópinn í stað Heiðars Helgusonar:

# Landsliðið í hremmingum á leið til Póllands

**FÓTBOLTI** Landsliðsframherjinn Heiðar Helguson, leikmaður Fulham, boðaði forföll af persónulegum ástæðum í vináttulandsleikinn gegn Pólverjum annað kvöld en hann verður hins vegar með gegn Svíum á miðvikudaginn. Hannes Þ. Sigurðsson, leikmaður Stoke, var kallaður inn í hópinn í hans stað. Hannes á tvo A-landsleiki að baki, gegn Ítalíu og Möltu. Hannes leikur með U21 árs landsliði Íslands á þriðjudaginn gegn Svíum.

Með brotthvarfi Heiðars vantar hvorki fleiri né færri en átta leikmenn, af ýmsum ástæðum, í landsliðshóp Íslands gegn Pólverjum. Þeir eru Árni Gautur Arason, Hermann Hreiðarsson, Ólafur Örn Bjarnason, Pétur Marteinsson, Eiður Smári Guðjohnsen, Hjálmar Jónsson, Gunnar Heiðar Þorvaldsson og Heiðar. Þá gefa tveir leikmenn ekki kost á sér í landsliðið, Ívar Ingimarsson og Jóhannes Karl Guðjónsson.

Íslenska landsliðið lenti í miklum hremmingum á leið sinn til Póllands í gær. Landsliðið átti að fljúga frá Kaupmannahöfn í gærmorgun til Varsjá en ferðin var fyrirvaralaust felld niður. Þá þurfti að leita leiða til að koma hópnum til Varsjá og það tókst með því að senda nokkra í gegnum Osló og aðra í gegnum Berlín. Að sögn Ásgeirs Sigurvinssonar landsliðsþjálfara þurfti að fella niður æfingu í gær af þessum sökum en þess í stað verða tvær æfingar í dag í stað einnar.

„Það verður gaman fyrir þessa ungu stráka að spreyta sig gegn þessu gríðarlega sterka pólska liði sem er komið langleiðina á HM næsta sumar. Við erum allir af vilja gerðir að leyfa mönnum að stimpla sig inn í landsliðið gegn Póllandi og ef þannig ber undir fá nýliðar tækifæri eins og til dæmis Daði [Lárusson markvörður],“ sagði Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari. - þg

# DAXARA KERRUR

## FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

**Daxara 147**
Verð áður 84.100
**Nú aðeins 69.900**




- TUV - viðurkennt (gæðavottað). Algerlega galvaníseraðar og þar með ryðfríar, þ.m.t. öxullinn.
- Sjálfstæð fjöðrun og höggdeyfar (demparar).
- Stansaðar hliðar, sem eykur styrk og styrkt aurbretti.
- Krókatengi með festi-öryggi (rautt = af, grænt = á). Læsanleg krókatengi, (fyrir læstan cylender).
- Öryggiskeðja í beisli.
- Innfeld afturljós.
- Geymast upp á endann, sparar geymslupláss.
- Sturtubúnaður

**Opnunartími:**
**virka daga frá 8 - 18**
**laugardaga frá 10 - 14**

Vaxtalausar léttgreiðslur til allt að 6 mánaða

**Allar kerrurnar seljast með litlum útlitsgöllum**
**Sendum um allt land**

EVRÓ ELLINGSEN

GRANDAGARÐI 2 • REYKJAVÍK • SÍMI 580-8500 • SÍMI 533-1414

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

3 4 5 **6** 7 8 9

Fimmtudagur

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og svo aftur klukkan 17.40.
- 16.25 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 16.40 **Formúlukvöld** á RÚV.
- 17.40 **Olíssport** á Sýn.
- 18.10 **Forsetabikarinn í golfi** á Sýn.
- 20.00 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 21.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.30 **Strandblak** á Sýn.

Markakóngur Evrópu:

## Markastífla hjá Forlan

**FÓTBOLTI** Ekkert gengur hjá markakóngi Evrópu, Diego Forlan, þessa dagana. Eftir að hafa gert 25 deildarmörk í fyrra hefur honum gengið allt í óhag á þessari leiktíð og nú eru liðnar 645 mínútur frá því hann skoraði síðast.

Forlan hefur leikið gegn Sevilla, Cadiz, Celta Vigo, Espanyol og Athletic Bilbao í spænsku deildinni án þess að skora. Einnig hefur hann leikið gegn Lille og sínu gamla félagi Manchester United í Meistaradeild Evrópu án þess að gera mark. Forlan, sem er frá Úrúgvæ, þarf nú að sanna fyrir knattspyrnuáhugamönnum að leiktímabilið í fyrra hafi ekki einungis verið byrjendaheppni í spænska boltanum. **- hjö**









Stjórn meistaraflokks kvenna hjá Breiðabliki réð nýjan þjálfara í gær:

# Guðmundur tekur við af Úlfari

**FÓTBOLTI** Guðmundur Magnússon hefur verið ráðinn þjálfari Íslands- og bikarmeistara Breiðabliks í knattspyrnu kvenna. Úlfar Hinriksson, sem á dögunum var kosinn þjálfari ársins á lokahófi Knattspyrnusambands Íslands, hætti störfum hjá Breiðabliki fyrir skömmu og hefur Guðmundur nú verið ráðinn í hans stað.

„Það leggst vel í mig að fara í meistaraflokksþjálfun hjá Breiðabliki. Ég hef starfað sem þjálfari yngriflokka hjá Breiðabliki undanfarin ár og þá sérstaklega kvennaflokkanna. Ég þekki því ágætlega til þeirra leikmanna sem eru í hópnum núna."

Athygli vekur að Guðmundur verður með tvo aðstoðarþjálfara, Guðlaugu Jónsdóttur sem jafnframt verður leikmaður liðsins áfram, og Björn Björnsson en hann mun líka þjálfa 2. flokk kvenna. „Mér líst vel á þetta þjálfarateymi og er viss um samstarf okkar mun ganga vel. Við munum stjórna þessu í sameiningu. Ég held að það sé nauðsynlegt að við séum nokkur sem komum að liðinu þar sem markmiðin eru háleit og það mun mikið mæða á mannskapnum," sagði Guðmundur.

Guðmundur Hreiðarsson mun áfram sjá um markvarðaþjálfun hjá liðinu. Benedikt Guðmundsson, sem situr í stjórn meistaraflokksráðs, segir algjöra einingu hafa ríkt um að fá Guðmund til starfa. „Við þekkjum vel til starfa Guðmundar hjá Breiðabliki, þar sem hann hefur náð glæsilegum árangri með þá flokka sem hann hefur þjálfað. Að auki fannst okkur mikilvægt að ráða mann sem þekkir leikmannahópinn og félagið vel og það gerir Guðmundur svo sannarlega. Við gerum okkur vonir um að ná góðum árangri með þetta þjálfarateymi við stjórnvölinn." **- mh**

# Verðmiði Gunnars Heiðars er 250 milljónir króna

**ÍBV fær tíu prósent af upphæðinni ef Gunnar Heiðar verður seldur í annað lið. Everton og fleiri stórlið í Evrópu fylgjast með Eyjapeyjanum sem gæti reynst sannkallaður gullkálfur fyrir Halmstad.**

**FÓTBOLTI** Verðmiði Gunnars Heiðars Þorvaldssonar, framherja Halmstad, sem slegið hefur í gegn í sænsku úrvalsdeildinni, er á bilinu 125 til 250 milljónir íslenskra króna. Þetta kemur fram í sænska blaðinu Aftonbladet í gær. Þá datt Halmstad í fjárhagslegan lukkupott í drættinum í riðlakeppni Evrópukeppni félagsliða en sé tekið mið af sjónvarps- og auglýsingatekjum eru tekjur félagsins áætlaður um 350 milljónir króna.

Markið glæsilega sem Gunnar Heiðar skoraði fyrir Halmstad gegn Djurgården á mánudaginn hefur sannarlega verið gulls ígildi eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Gunnar Heiðar, sem er markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar og hefur skorað alls 20 mörk fyrir Halmstad á leiktíðinni, er farinn að vekja athygli enskra úrvalsdeildarliða og Skysports greindi frá því í gær að Everton fylgdist grannt með gangi mála. Hann á aðeins eitt ár eftir af samningi sínum við Halmstad og því bendir flest til þess að hann verði seldur þegar janúarglugginn opnast.



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** Gríðarlega eftirsóttur þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR SVANSSON

Halmstad keypti Gunnar Heiðar af ÍBV á 5 til 7 milljónir króna í fyrrahaust en upphæðin hækkar eftir fjölda leikja. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fær ÍBV 10 prósent af söluverðinu þegar Gunnar Heiðar verður seldur frá Halmstad. ÍBV gæti því heldur betur dottið í lukkupottinn.

Halmstad átti markakónginn í sænsku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð og seldi hann til Ajax fyrir 400 milljónir króna. Sænskir fjölmiðlar fullyrða að sjö félög í efstu deildum Evrópu fylgist grannt með Eyjapeyjanum. Auk enskra liða eru frönsk, hollensk og þýsk lið með hann undir smásjá.

Halmstad dróst með Herthu Berlín, Lens, Sampdoria og Steaua Búkarest í riðli í Evrópukeppni félagsliða. Búist er við að Halmstad geti selt sjónvarpsréttinn fyrir dágóðar upphæðir. Halmstad er lítið félag á sænskan mælikvarða og Evrópukeppnin er því gullnáma og Gunnar Heiðar sannkallaður gullkálfur.

**thorsteinngunn@frettabladid.is**

Íslenska U19 ára landsliðið tapaði fyrir Króatíu í dramatískum leik:

# Hundfúll að komast ekki áfram

**FÓTBOLTI** „Ég fer ekki leynt með að ég er hundfúll með að koma þessu stórefnilega liði ekki í milliriðil," sagði Guðni Kjartansson, þjálfari U19 ára landsliðs Íslands í knattspyrnu sem tapaði fyrir Króatíu 3-2 í undankeppni Evrópumóts landsliða þegar liðin mættust í Sarajevo í Bosníu í gær og er þar með úr leik.

Bjarni Þór Viðarsson, leikmaður Everton, kom Íslandi yfir í fyrri hálfleik. Króatar náðu forystunni með tveimur mörkum um miðjan seinni hálfleik. Arnór Smárason, leikmaður Heerenveen, jafnaði metin skömmu fyrir leikslok en Króatar skoruðu sigurmarkið á lokamínútu leiksins. Ísland og Bosnía/Hersegóvína eru án stiga eftir tvær umferðir í riðlinum en liðin mætast á morgun.

„Við hefðum getað spilað upp á jafntefli en við urðum að vinna og pressuðum þá stíft í lokin en fengum á okkur mark þar sem vörnin var fámenn. Leikurinn var annars þrælskemmtilegur og mér fannst okkar strákar vera sterkari í leiknum þrátt fyrir tapið. En þetta er efnilegt lið og sjö leikmenn eru á yngra ári og verða því aftur með næsta sumar," sagði Guðni. **- þg**

## ÚR SPORTINU

Borðtenniskappinn **Guðmundur Stephensen** var í eldlínunni með félagi sínu í Svíþjóð, Malmö FF, um helgina þegar það keppti í liðakeppni við Gröstorp. Malmö þurfti að sætta sig við að vinna tvo leiki en Gröstorp vann fimm leiki. **Guðmundur** stóð sig ágætlega í þessari viðureign og vann einn leik, 3-1, en tapaði svo öðrum með sama mun. **Guðmundur** er nú í sæti númer 213 á heimslistanum.



Gamla Tottenham-hetjan **Gary Mabbutt**, vonast til þess að **Sol Campbell** fái tækifæri með enska landsliðinu þegar það mætir Pólverjum og Austurríkismönnum í mikilvægum leikjum í undankeppni heimsmeistaramótsins. **Mabbutt** þekkir vel til Campbell en hann lék með honum til skamms tíma þegar hann var að stíga sín fyrstu skref með Tottenham Hotspur. „**Sol Campbell** hefur verið frábær í síðustu leikjum og virðist vera eibeittari nú heldur en oft áður. Það vantaði leiðtoga eins og **Campbell** í lið Arsenal og hann hefur svo sannarlega sýnt hversu góður hann er þegar hann er í góðu formi. **John Terry** er líklega besti enski varnarmaðurinn í ensku úrvalsdeildinni nú um stundir en mér finnst **Sol Campbell** koma þar á eftir."



**Sören Åkeby** var í gær leystur undan samningi hjá liði **Helga Sigurðssonar** í Danmörku, AGF. **Åkeby**, sem er Svíi, er einna af virtustu knattspyrnuþjálfurum Svíþjóðar en hann var kosinn þjálfari ársins í heimalandi sínu árið 2000 þegar hann gerði Djurgården að sænskum meistara í knattspyrnu. Sænska félagið þarf nú aðeins að vinna einn leik til viðbótar til þess að tryggja sér sænska meistaratitilinn í knattspyrnu en með liðinu leika íslensku landsliðsmennirnir **Sölvi Geir Ottesen** og **Kári Árnason**. **Åkeby** mun að öllum líkindum taka við liði Malmö FF í janúar.

Argentíski tennismaðurinn **Mariano Puerta** féll á lyfjaprófi í annað sinn á ferlinum að því er franska blaðið LíEquipe fullyrðir. **Puerta** neitar þessum fréttum en reynist þær á rökum reistar á **Puerta** yfir höfði sér lífstíðarbann. Lyfjaprófið var tekið þegar **Puerta** lék til úrslita á Opna franska meistaramótinu fyrr á árinu.

Lögreglan rannsakar meinta nauðgun á hótelherbergi í Lundúnum um helgina þar sem leikmaður í ensku úrvalsdeildinni ásamt félaga sínum er sakaður um að nauðga tveimur stúlkum. Scotland Yard lögreglan vinnur að rannsókn málsins og staðfestir rannsóknina en enskir fjölmiðlar fullyrða að knattspyrnumaðurinn sem um ræðir sé einn af efnilegri leikmönnum Manchester United.



Kapalfyrirtækið NTL ætlar að bjóða mun ódýrari áskrift að enska boltanum en áður hefur þekkst eftir einokun Skysports rofin eins og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vill þegar næsta útboð fer fram fyrir árin 2007 til 2010. Evrópusambandið hefur farið fram á að Ensku úrvalsdeildarsamtökin skipti sjónvarpspakkanum upp þannig að ein sjónvarpsstöð geti í mesta lagi fengið einkarétt á helminginn af leikjunum. NTL ætlar að bjóða áskrift á 10 pund á mánuði eða 1.100 krónur.




HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER



# Sama hvernig það lítur út

fáðu kaupaukann beint í veskið



FÁÐU BEINT Í VESKIÐ

## 50.000 KR. BENSÍNINNEIGN FRÍ ÁBYRGÐAR- OG KASKÓTRYGGING*



**Bensínkort með 50 þúsund króna inneign og frí ábyrgðar- og kaskótrygging* fylgir nú öllum nýjum bílum frá B&L.** Ef þú ert í bílahugleiðingum, fáðu þér nýjan og glæsilegan Hyundai, Renault, Land Rover eða BMW með kaupauka sem þú færð beint í veskið, **að verðmæti allt að 140 þúsund krónur.** Komdu við hjá okkur. **Við erum með bílinn handa þér.**

*Frí ábyrgðar- og kaskótrygging í 1 ár. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



VÖRÐUR ÍSLANDSTRYGGING

LÝSING

B&L Með bílinn handa þér



HYUNDAI hefur gæðin



RENAULT



BMW



LAND-ROVER GO BEYOND™

B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL 12 TIL 16.

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444

Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230 • Álaugarey Höfn sími 478 1577







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 5 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 8 | 7 |
| 5 | 3 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 9 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 |
| 9 | 8 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 5 | 2 |
| 1 | 9 | 7 | 3 | 2 | 5 | 4 | 6 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 9 | 8 | 5 | | | | |
| | 1 | | | | | | 9 | |
| 7 | | | 6 | | 2 | 3 | | 4 |
| | | 3 | | 7 | 9 | | 8 | 2 |
| | | 5 | | | | 6 | | |
| 8 | 2 | | 1 | 3 | | 7 | | |
| 6 | | 2 | 7 | | 3 | | | 5 |
| | 4 | | | | | | 2 | |
| | | | | 1 | 4 | 9 | | 3 |

## STUÐ MILLI STRÍÐA — Hvíti stormsveipurinn

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR REYNIR AÐ VELJA GÓLFÞVOTTAEFNI**



Ég minnist þess sem barn hvað Ajax, hvíti stormsveipurinn, olli miklum straumhvörfum í heimilisþrifum. Grænsápan sem mamma hafði alltaf notað varð á svipstundu brjálæðislega gamaldags, því Ajax leysti málin. Þvílíkt og annað eins. Ég horfði spennt á auglýsingarnar um hvíta stormsveipinn og trúði á mátt hans og megin.

Hann boðaði ekki aðeins hreinni gólf, heldur boðaði hann einnig frelsi þar sem dögum einokunar var lokið. Og í dag er ekki bara hægt að velja hvítt Ajax, heldur Ajax í öllum regnbogans litum og ótal annarra litríkra ilmandi brúsa. Í stað þess að svífa um á marglitu skýi í hamingju minni yfir öllu þessu úrvali fyllist ég valkvíða.

Ég stend frammi fyrir öllum brúsunum og reyni í örvæntingu minni að finna hárrétta efnið fyrir mín gólf, því auðvitað á maður ekki að nota hvað sem er á hvaða gólf sem er. Það vita allir. Svo þegar maður er búinn að finna rétta efnið þarf maður að velja rétta ilminn. Vil ég að heimili mitt ilmi eins og bleikt blóm eða sítróna? Ekki má gleyma umhverfinu, því sum þessara efna eru allsekki góð fyrir umhverfið, og hvíti stormsveipurinn var kannski ekki eins góður og maður taldi í fyrstu. Helst þarf ég að finna brúsa með rétta efninu fyrir gólfið, rétta ilminum sem hentar mínu heimili og laus við öll þau efni sem skaða umhverfið. Þetta er ekkert smá verk og tekur óralangan tíma.

Málið ætti að sjálfsögðu að vera einfaldara þegar ég fer í næsta skipti og kaupi brúsann, því ég næ bara í sama. En nei. Þá er hætt að selja hann og eitthvað annað nýtt og ótrúlega spennandi galdraefni er komið á markaðinn. Almáttugur, hvað úrval getur lagt þungar byrgðar á herðar manns. Kannski grænsápan hafi ekki svo slæmur kostur eftir allt saman.

## myndasögur

### pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Pottþétt í tíu ár

Tíu ár eru liðin síðan fyrsta Pottþétt-platan kom út hér á landi en það var í september 1995 þegar Pottþétt 1 kom út.

Í tilefni afmælisins hefur mörgum af vinsælustu lögum þessara tíu ára verið safnað saman á eina þrefalda Pottþétt-plötu sem nefnist einfaldlega Pottþétt 10 ára 1995-2005. Er þetta 75. Pottþétt-platan í röðinni og kemur hún í búðir á mánudag.

Pottþétt var í byrjun samvinnuverkefni milli Skífunnar og Spors en fyrir þann tíma höfðu bæði fyrirtækin gefið út safnplöturaðir í sitt hvoru lagi og þá undir nöfnum eins og „Heyrðu“, „Grimm dúndur,“ Grimm sjúkheit,“ „Reif í sundur,“ „Reif í tætlur,“ „Reif í skóna“ og Trans dans.“

Þess má geta að heildarsalan á þessum 74 Pottþétt-plötum sem hafa komið út er um 300.000 eintök. Salan á plötunum í dag er afar góð og síðan þeim var fækkað í þrjár á ári 2003 hefur meðaltalssalan verið 5.000 eintök, sem er gullsala hér á landi.

Pottþétt jól, sem kom út fyrir jólin 1996, er sú plata er enn þann dag í dag söluhæsta Pottþétt- platan fyrr og síðar en platan seldist í 25.000 eintökum.




**POTTÞÉTT**
Nýjasta Pottþétt-platan nefnist Pottþétt 10 ára 1995-2005. Er hún sú 75. í röðinni.

# Fjórða plata Sugababes

Fjórða plata stúlknasveitarinnar Sugababes, Taller in More Ways, kemur út í næstu viku. Fyrsta smáskífulag plötunnar, Push the Button, kom út í síðutu viku og fór beint í efsta sætið í Bretlandi.

Þekktir lagahöfundar og upptökustjórar aðstoða Sugababes á nýju plötunni og er eftirvæntingin mikil eftir útkomunni. Sugababes hélt vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll á síðasta ári og nýtur mikilla vinsælda bæði hér á landi sem annars staðar.



**SUGABABES** Stúlknasveitin Sugababes er að gefa út sína fjórðu plötu.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Breski leikarinn Ricky Gervais úr þáttunum The Office mun senn birtast í aukahlutverki í bandarísku gamanþáttunum Arrested Development. Gervais hafði lýst yfir áhuga á að koma fram í þáttunum en framleiðendurnir neituðu að borga fyrir hann ferðakostnað. Þeim snerist hugur eftir að aðalleikarar þáttarins buðust til að greiða ferðakostnað Gervais sjálfir. Vonir standa til að hann geti leikið í þættinum á þessu ári en frægðarsól Gervais fer rísandi í Bandaríkjunum og vinnur hann meðal annars að handriti að þætti um Simpson-fjölskylduna. Arrested Development hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda í Bandaríkjunum, en þættirnir eru á dagskrá Stöðvar 2 á föstudögum.



**STAR TREK**
Dr. Spock er ein af aðalpersónunum í Star Trek-þáttunum sem nutu mikilla vinsælda hér á árum áður.

## 450 þúsund áhorfendur á viku

Kvikmynd í fullri lengd þar sem gert er grín að Star Trek-þáttunum vinsælu hefur verið í umferð á netinu undanfarið.

Alls hafa rúmlega 450 þúsund manns séð myndina á innan við viku. Myndin heitir Star Wreck: In the Pirkinning og var gerð af finnskum stúdentum og sjálflærðum kvikmyndagerðarmönnum. Er hún með finnsku tali en enskum texta. Sáralitlum fjármunum var eytt í gerð hennar og var notast við nokkrar heimilistölvur til að búa til tæknibrellurnar.

„Við vildum ekki fara með myndina í kvikmyndahús því myndin var að mestu gerð í sjálfboðavinnu,“ sagði Timo Vuorensola, leikstjóri myndarinnar. „Í gegnum netið og DVD-formið mun hún líklega fá mestu dreifinguna. Við vonumst til að henni verði hlaðið niður í einni milljón eintaka áður en þetta ár er á enda.“



! **Kl. 12.15**
***Viola Guulia Miglio** heldur fyrirlestur um „svik“ í bókmenntaþýðingum í stofu 103 Lögbergi, húsi lagadeildar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er á ensku og er aðgangur ókeypis.*

# Kaffisögur og víkingatríó

Fjölbreytt dagskrá verður á „löngum fimmtudegi“ í Þjóðminjasafninu. Safnið er opið til klukkan 21 þennan fyrsta fimmtudag októbermánaðar.
Kvölddagskrá safnsins hefst klukkan 17 með sýningu á heimildarkvimyndinni Í jöklanna skjóli, þar sem fjallað er um horfna lifnaðarhætti í Skaftafellssýslum. Sýndir verða tveir þættir úr þessari mynd, sem Vigfús Sigurgeirsson ljósmyndari tók á árunum 1952-1954. Að lokinni sýningunni mun sérfræðingur safnsins leiða gesti um þá hluta grunnsýningar safnsins sem tengjast efni kvikmyndarinnar.
Síðan verður kynning á Ætigarðinum, handbók Grasnytjungsins eftir Hildi Hákonardóttur. Ýmsum fróðleik og léttu spjalli sem tengist matar- og drykkjarmenningu okkar verður blandað inn í kynninguna. Hildur ætlar að segja kaffisögur og fræða gesti um te og hvernig það kom inn í menningu Íslendinga.
Klukkan átta mætir síðan dansk-íslenska víkingatríóið Krauka með Guðjón Rúdolf í fararbroddi. Hljóðfæri tríósins eiga rætur að rekja til víkingatímans og hefur hljómsveitin komið fram á tónleikum víða á Norðurlöndum.


Krauka - víkingatríó Guðjóns Rúdolfs

## > Ekki missa af ...

... útgáfuteiti og skemmtidagskrá á Grand Rokki í kvöld á vegum **Tómasar Tómassonar** Stuðmanns, sem er að senda frá sé bókina **Sögur Tómasar frænda**.

... styrktartónleikum gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum sem verða haldnir á Gauki á Stöng í kvöld. Fram koma **Ragnheiður Gröndal, Buff, Ske, Hera, Lokbrá, Hot Damn, Smack, Solid iv, Mínus, Dr. Spock** og **Ensími**.

... tónleikum **Tríós Reykjavíkur** í Hafnarborg á sunnudaginn, þar sem þau **Guðný Guðmundsdóttir** fiðluleikari, **Gunnar Kvaran** sellóleikari og **Pétur Maté** píanóleikari flytja verk eftir Händel, Schumann, **Hjálmar H. Ragnarsson** og **Karólínu Eiríksdóttur**.

# Fyrir, um og eftir konur

**Í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá fyrsta kvennafrídeginum helgar Útvarpsleikhúsið á Rás 1 leikskáldum úr röðum kvenna dagskrá sína næstu tvo mánuði.**

„Fyrir nokkru fórum við að huga að því hvernig við gætum tengt okkur jafnréttisumræðunni á þessum tímamótum og ákváðum að fara þessa leið,“ segir Hallmar Sigurðsson, leiklistarstjóri Útvarpsleikhússins, um dagskrána sem hefst í kvöld.
Alls verða flutt sjö verk eftir jafnmargar konur, þar af fimm íslenskar. Hallmar segir að þótt verkin fjalli ekki öll beinlínis um jafnréttismál tengist þau þemanu á einn eða annan hátt og höfði ekki síður til karla en kvenna. „Dagskráin var valin fyrst og fremst með styrk hvers verks í huga. Það er ekki nóg að þau tengist ákveðinni umræðu heldur verða þau að standa undir sér sem slík.“
María Kristjánsdóttir leikstýrir Hvað er í blýhólknum? eftir Svövu Jakobsdóttur en einnig verður Súkkulaði handa Silju eftir Nínu Björk Árnadóttur í hennar leikstjórn endurflutt. „Það er mikil þörf fyrir framtak sem þetta, konur standa höllum fæti í víða í samfélaginu og þótt staða þeirra hafi vissulega batnað í leikhúsgeiranum er nokkuð í land,“ segir María og minnir á að ekki eru liðin nema 35 ár síðan Hvað er í blýhólknum? vakti mikla athygli.
Að mati Hallmars og Maríu eiga öll verkin það sameiginlegt að vera róttæk, þó hvert á sinn hátt. „Kristín Ómarsdóttir hefur til dæmis mjög launhæðna sýn á samtímann og sínar kynsystur sínar en Elísabet Jökulsdóttir skrifar mjög beittan og óvæginn texta,“ segir Hallmar.
María er ekki síst spennt fyrir leikritinu Nóra eftir að hún skildi við eiginmann sinn eftir Elfriede Jelinek, sem hlaut Nóbelsverðlaunin í fyrra, en þetta er frumflutingur á verki eftir hana hér á landi. „Jelinek er afar merkileg kona. Hún er mjög róttæk bæði í afstöðu sinni til leikhússins sem og lífsins á þessum hnetti og það brýst greinilega fram í verkum hennar.“ bergsteinn@frettabladid.is


**HALLMAR OG MARÍA** Eru sammála um að öll leikritin eigi það sameiginlegt að vera róttæk, þó hvert á sinn hátt.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI


BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Sun 9/10 kl. 14, UPPSELT
Sun 16/10 kl. 14, Su 23/10 kl. 14

WOYZECK - FORSÝNING
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Miðaverð á forsýningar aðeins kr. 2.000,-
Fi 27/10 kl. 20. UPPSELT

HÍBÝLI VINDANNA
Aðeins þessar 3 aukasýningar eftir
Fö 7/10 kl. 20, Su 16/10 kl. 20,
Su 23/10 kl. 20

SALKA VALKA
Fi 15/10 FRUMSÝNING UPPSELT,
Mi 19/10 kl. 20 Styrktarsýning MND félagið á Íslandi,
Fö 21/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

FORÐIST OKKUR
Aðein sýnt í október. Nemendaleikhúsið / CommonNonsense. Höf. Hugleikur Dagsson.
Fi 6/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Lau 8/10 kl. 20 Mi 12/10 kl. 20 Fi 13/10 kl. 20 Lau 15/10 kl. 20

MANNTAFL
Fö 7/10 kl. 20, Fö 14/10 kl. 20,
Lau 15/10 kl.20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Lau 8/10 kl. 16 UPPS, Lau 8/10 kl. 20 UPPS, Su 9/10 kl. 20 UPPSELT, Sun 16/10 kl. 20 UPPS., Sun 23/10 kl. 20 UPPS. Þri 25/10 kl. 20 AUKASÝN. Lau 29/10 kl. 20 UPPS, Sun 30/10 kl. 20AUKASÝN.

LÍFSINS TRÉ
Fö 21/10 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 22/10 kl. 20, Fi 27/10 kl. 20, Fö 28/10 kl. 20

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

Sími miðasölu 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag



Bíótónleikar
TÓNSPROTINN Í HÁSKÓLABÍÓI
LAUGARDAGINN 8. OKTÓBER KL. 16.00
Borgarljós Chaplins er óborganleg skemmtun.
Tryggðu þér miða í tíma.
KVIKMYNDATÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐVIKUDAGINN 12. OKTÓBER KL. 19.30
Leigjandinn eftir meistara Hitchcock og ískyggileg tónlist Emmy-verðlaunahafans Ashley Irwin.
Hljómsveitarstjóri ::: Frank Strobel
KVIKMYNDASAFN ÍSLANDS
NORRÆNA HÚSIÐ
norden
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS





Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON
Kabarett
í Íslensku óperunni
Lau. 8. október kl. 20 (örfá sæti laus)
Lau. 15. október kl. 20
Lau. 22. október kl. 20
Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is



FM 98,9 BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30





Elísabet
ÁSTARFLEYIÐ
Ævintýrið hefst 20. Október
SIRKUS



Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

EDITH PIAF
Fös. 7/10 uppselt, lau. 8/10 uppselt, sun. 16/10 örfá sæti laus, sun. 23/10 örfá sæti laus. Síðustu sýningar.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 9/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 16/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 23/10 nokkur sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00.

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Frumsýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN
Í kvöld fim. 6/10 nokkur sæti laus, fös. 7/10 örfá sæti laus, lau. 8/10, sun. 16/10, þri.18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10, mið. 26/10 uppselt. Sýningum lýkur í október.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.





★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið
17. sýn. sun. 16/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind
18. sýn. laug. 22/10 kl. 15
Annie; Solveig
19. sýn. sun. 30/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind
Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN
Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl.13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI
www.annie.is • www.midi.is



HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
7. sýn fös 7 okt Örfá sæti
8. sýn lau 8 okt Örfá sæti
9. sýn fös 14 okt Örfá sæti
10. sýn lau 15 okt
11. sýn fös 21 okt
12. sýn lau 22 okt
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

# Opnar heim Sinfóníunnar

„Maður á ekkert endilega að þurfa að kunna neitt í músík til að geta skilið hvað ég er að fara. Hugmyndin á bak við þetta er að reyna að opna þennan heim fyrir eins mörgum og hægt er,“ segir Árni Heimir Ingólfsson tónlistarmaður um samverustundir Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem haldnar eru í Sunnusal Hótel Sögu á undan tónleikum Sinfóníunnar í Háskólabíói.

Á samverustundunum fjallar Árni Heimir um þau verk sem flutt eru á tónleikum kvöldsins, segir sögu þeirra og kemur með tóndæmi.

„Stundum kem ég með geisladiska og stundum sest ég við píanóið og spila,“ segir Árni, sem jafnan reynir að hafa spjallið á léttu nótunum.

Á tónleikunum í kvöld flytur hljómsveitin tvö norsk tónverk, annars vegar eftir meistarann sjálfan Edvard Grieg og síðan verk eftir fremsta nútímatónskáld Noregs í dag, að margra mati, Rolf Wallin. Einnig verður flutt sjöunda sinfónía Beethovens.



**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON** Kynnir tónleika kvöldsins á fundi Vinafélags Sinfóníunnar á Hótel Sögu. Tónleikakynningar Vinafélagsins eru öllum opnar.

„Ég ætla reyndar aðeins að tala um Beethoven,“ segir Árni. „Sjöunda sinfónían er sú fjörugasta sem Beethoven samdi og það er óskaplega gaman að skoða hana.“

Samverustundirnar hefjast klukkan 18 og eru allir velkomnir. Aðgangseyrir er þúsund krónur og er súpa, brauð og kaffi innifalið.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**OKTÓBER**

3 4 5 **6** 7 8 9

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

- 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** flytur verk eftir norsku tónskáldin **Edvard Grieg** og **Rolf Wallin** á tónleikum sínum í Háskólabíói. Einnig verður flutt sjöunda sinfónía **Beethovens**.
- 20.00 Útgáfutónleikar **Matta Óla** verða í Frumleikhúsinu í Keflavík. Dúettinn **Tabúla Rasa** hitar upp.
- 20.00 Tónleikar dansk-íslenska þjóðlagatríósins **Krauka**, með **Guðjón Rúdolf** í fararbroddi, verða haldnir í Þjóðminjasafninu.
- 22.00 Danska víkingabandið **Kraukan**, með **Guðjón Rúdolf Guðmundsson** í fararbroddi, spilar frumsamda víkingatónlist á heimasmíðuð víkingahljóðfæri á Café Rosenberg.

### OPNANIR

- 14.00 **Guðfinna Eugenía Magnúsdóttir** frá Ytri-Njarðvík sýnir málverk í Menningarsalnum á fyrstu hæð í Hrafnistu í Hafnarfirði.

### SKEMMTANIR

- 22.00 **Dj Andrés** skemmtir á Sólon. Á efri hæðinni verður **Magni** með gesti.
- Snúðurinn **Pods** spilar blandaða tónlist eins og honum er einum lagið á Café Victor.
- **Sögur Tómasar frænda** á Grand Rokk. Skemmtidagskrá og útgáfuteiti **Tómasar Tómassonar**. Fjölmörg skemmtiatriði.

### FYRIRLESTRAR

- 12.15 **Viola Guulia Miglio** heldur fyrirlestur um „svik“ í bókmenntaþýðingum í stofu 103 Lögbergi, húsi lagadeildar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn er á ensku og er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.

### FUNDIR

- 12.00 Málstofa um afríska kvikmyndagerð verður haldin í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu á vegum UNIFEM á Íslandi, Afríku20:20 og Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar á Íslandi.

### KVIKMYNDASÝNINGAR

- 17.00 Heimildakvikmyndin **Í jöklanna skjóli**, sem fjallar um horfna lifnaðarhætti í Skaftafellssýslum, verður sýnd í Þjóðminjasafninu. Klukkutíma síðar verður kynnt bókin **Ætigarðurinn - Handbók Grasnytjungsins** eftir **Hildi Hákonardóttur**.

**hvar@frettabladid.is**





















*But ritual remains that we must do a series of platonic actions before we can have intercourse.*

John Nash útskýrir hug sinn fyrir Aliciu á mjög einfaldan og öruggan hátt í kvikmyndinni A Beautiful Mind.



# bíó

bio@frettabladid.is

## Umdeildur skaphundur

Það verður seint sagt um **Russell Crowe** að hann sé ljúfur á manninn. Hann var á þessu ári handtekinn fyrir að lemja hótelstarfsmann með síma vegna þess að hann náði ekki sambandi við Ástralíu. Hann baðst afsökunar á atvikinu í þætti **Davids Letterman** en sagðist svo seinna geta vel hugsað sér að vinna utan Bandaríkjanna. Leikarinn hefur verið sakaður um að vera hrokafullur og leiðinlegur í umgengni. Margir vilja meina að velgengnin hafi stigið honum til höfuðs. Aðrir segja að Crowe sé orðin jafnmikil klisja og **Oprah Winfrey**. Það verður þó ekki horft framhjá því að bandaríska kvikmyndaakademían elskar hann. Þrjár tilnefningar og einn **Óskar** frændi eru sönnun þess.
Crowe er fæddur á **Nýja-Sjálandi.** Ferill hans hófst þegar Crowe var ungur að árum og hann er í raun barnastjarna. Hann fékk tækifærið í kvikmyndinni **Romper Stomper** sem fjallaði um nýnasista í Melbourne. Eftir það bauðst honum að leika í kúrekamynd **Sam Raimi, The Quick and the Dead**. Þar með hafði Crowe tekist að brjóta sér leið inn á Ameríkumarkað.
Eftir velgengni **LA Confidential** lét leikarinn tilleiðast og lék í nokkrum „öruggum“ kvikmyndum sem náðu þó engri verulegri hylli. Hann hefur hingað til aðallega leikið í óskarsvænum kvikmyndum, svo sem **The Insider, Gladiator, A Beautiful Mind** og svona mætti lengi telja. Ef miðað er við gengi **Cinderella Man,** síðustu myndar hans, ætti það að koma fáum á óvart ef nafn leikarans yrði enn og aftur meðal þeirra sem tilnefndir eru til óskarsverðlauna.



**RUSSELL CROWE** Hefur oftar en ekki látið skapið hlaupa með sig í gönur og hér sést hann leiddur burt í járnum eftir að hafa að lamið mann með síma.

Ekki missa af...



Charlie and the Chocolate Factory eftir Tim Burton. Með þessari mynd sannar hann enn og aftur að kvikmyndir hans eru eitthvað allt annað en við eigum að venjast frá Hollywood. Honum tekst að búa til umhverfi sem líður seint úr minni áhorfendans og fangar anda bókarinnar með einstökum hætti. Tær snilld þar sem Johnny Depp fer enn og aftur á kostum undir stjórn Burton.



**JULIAN MCMAHON** Þykir enn koma til greina sem næsti James Bond en óvissan í kringum ráðningu næsta Bonds er að taka aðdáendur kappans á taugum.

# Grover vondi kallinn?

Bollywood-stjarnan Gulshan Grover hefur staðfest að hann verði næsti óþokkinn í nýju Bondmyndinni, Casino Royale. Þetta þýðir að nú er búið að skipa í öll helstu hlutverk nema aðalhlutverkið. Kelly Brook verður Bondstúlkan, Judi Dench leikur M og John Cleese bregður sér í hlutverk Q. Það vantar enn sem fyrr sjálfan James Bond.
Grover lýsti þessu yfir í viðtali við tímaritið Times of India. Hann, eins og flestir kvikmyndasérfræðingar, vissi ekki hver myndi taka hlutverk Bonds að sér en nú er spennan nánast orðin óbærileg. „Ég ræddi við framleiðendur myndarinnar og þeir ætla að tilkynna um valið á mér þegar Bond hefur verið ráðinn,“ sagði Grover, sem er einn vinsælasti leikari Indlands.

Þeir sem nefndir hafa verið til að feta í fótspor Pierce Brosnan eru Nip/Tuck-leikarinn Julian McMahon og ER-stjarnan Goran Visnjic. Þrátt fyrir að allt útlit sé fyrir að Brosnan muni ekki snúa aftur er Hollywood orðin logandi af orðrómi þess efnis að hann muni klæðast smókinginum á ný.

# Fjölbreytnin í fyrirrúmi

**Mikið úrval mynda verður í kvikmyndahúsunum um helgina. Alþjóðlega kvikmyndahátíðin heldur áfram að rúlla en um helgina verða þrjár ólíkar kvikmyndir frumsýndar. Meðal þeirra er ein sem talin er líkleg til afreka á óskarsverðlaunahátíðinni í mars.**



**JIM BRADDOCK** Russell Crowe á mjög líklega eftir að gera tilkall til Óskars frænda ef eitthvað er að marka dóma erlendra miðla um frammistöðu hans í myndinni Cinderella Man.

Hrollvekjan The Descent segir frá sex vinkonum sem halda í árlega ferð upp í Appalachia-fjöll. Árinu áður lenti þessi hópur í hræðilegu slysi en þær ákveða að láta það ekki á sig fá. Hópurinn ákveður að skoða djúpa hella en þá ríður enn eitt slysið yfir. Skriða lokar fyrir útgönguleiðina og neyðist hópurinn því til að kanna hellana í von um að þar leynist annar útgangur. Gamanið kárnar svo enn frekar því risavaxin skrýmsli hafa tekið sér bólfestu í hellunum. Það er Neil Marshall sem leikstýrir þessari hrollvekju en myndin er stranglega bönnuð innan sextán.

Það eru þau Russell Crowe, Renee Zellweger og Paul Giamatti sem fara með aðalhlutverkin í nýjustu kvikmynd Ron Howard, Cinderella Man. Howard er um þessar mundir upptekinn við tökur á Da Vinci Code með Tom Hanks. Á bak við þessa öskubuskusögu er boxarinn Jim Braddock, sem neyddist til að láta af hnefaleikum eftir nokkur töp í röð. Þegar kreppan mikla dundi yfir Bandaríkin á þriðja áratug síðustu aldar fékkst Braddock við illa launuð störf til að geta framfleytt konu sinni og þremur börnum. Hann gaf samt drauminn um að stíga aftur í hringinn aldrei upp á bátinn. Það þarf varla að taka það fram að Universal-kvikmyndaverið ásamt Miramax bindur miklar vonir við þessa kvikmynd enda leggur óskarslyktina af henni langa leið.

Það er líka eilítil óskarslykt af kvikmyndinni Stealth en þetta var næsta verkefni Jamie Foxx eftir að hann fékk styttuna góðu fyrir Ray. Stealth segir frá orrustuflugvél sem er stjórnað með gervigreind. Þegar vélin verður fyrir eldingu verður hún stjórnlaus og það er í hendi þriggja orrustuflugmanna að koma í veg fyrir að stórslys verði sem gæti leitt til næstu heimsstyrjaldar. Auk Foxx fara þau Josh Lucas og Jessica Biel með lykilhlutverk. Leikstjóri myndarinnar er Rob Cohen.


# FIMMTUDAGS-TILBOÐ

**KÚREKASTÍGVÉL**



Dömukúrekastígvél
6.995 kr. - verð áður
**3.995 kr. - verð nú**
litir: svart
stærðir: 36 - 41

TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**Breyttur opnunartími, opnum kl.11 !**

Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16


**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

**The Descent**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 7,6/10 |



Aðrar síður höfðu ekki gefið myndinni dóm

**Cinderella Man**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 8,0/10 |
| Metacritic | 7,1/10 |
| Rottentomatoes | Fersk / 84% |



**Stealth**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 4,5/10 |
| Metacritic | 2,4/10 |
| Rottentomatoes | Rotin/13% |


!
Talstöðin
FM 90,9


# Mörgæsaleikstjóri ræðir við áhorfendur

Stöðugt bætist við gestalistann á Októberbíófest kvikmyndahátíðinni sem hefst í lok þessa mánaðars því nú hefur franski leikstjórinn Luc Jacquiet hefur boðað komu sína. Jacquiet er leikstjóri myndarinnar Mörgæsagangan, eða Marche La de l'empereur eins og hún heitir á frummálinu, en hún hefur óvænt slegið í gegn um allan heim.

Hinn 4. nóvember verður haldin sérstök sýning í Háskólabíó þar sem Jacquiet mun kynna myndina og sitja fyrir svörum að henni lokinni.

Mörgæsagangan er heimildarmynd sem fjallar um árlegar reisur keisaramörgæsa um Suðurskautslandið sem hefjast í mars í upphafi fengitíma. Ferðalagið er langt og strangt og mörgæsirnar þurfa að leggja hundruð kílómetra að baki áður en þær komast á leiðarenda og geta fundið sér maka.

Jacquiet og kvikmyndatökulið hans lögðu á sig ómælt erfiði til að gera myndina, en aldrei áður hafa kvikmyndagerðarmenn fylgst svo náið með keisaramörgæsum. Hópurinn dvaldi á Suðurskautslandinu við tökur í rúmlega ár, í algjörri einangrun frá umheiminum. Jacquiet var svo búinn á líkama á sál þegar heim var komið að hann hófst ekki handa við að klippa myndina fyrr en ári eftir að hann sneri heim.



**MÖRGÆSAGANGAN** Jacquiet og tökulið hans dvaldi í rúmt ár á Suðurskautslandinu og fylgdist með daglegu lífi keisaramörgæsa.

Það verður því án efa stórfróðlegt að heyra hvað hann hefur um gerð myndarinnar að segja á sýningunni.

Hann sér eflaust ekki eftir því í dag; Mörgæsagangan hefur farið sigurför um heiminn og í Bandaríkjunum einum hefur hún halað inn um 600 milljónir króna. Aðeins ein heimildarmynd hefur fengið betri aðsókn í Bandaríkjunum hingað til en það er Fahrenheit 9/11 eftir Michael Moore sem kom út í fyrra.




# Við rúllum þeim upp á ný!

SAMKVÆMT GLÆNÝRRI KÖNNUN GALLUP HELDUR FRÉTTABLAÐIÐ YFIRBURÐUM SÍNUM Í LESTRI!

Íslenska þjóðin velur Fréttablaðið og er bilið langbreiðast meðal 12–49 ára fólks. Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur fyrir um 85% af einkaneyslu auk þess að vera líklegra til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín.

**Fréttablaðið er áhrifaríkasti auglýsingamiðillinn!**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Tölur skv. Gallupkönnun í september 2005

Fíton/SÍA



> **sparaðu ekki hvítlaukinn...**
*...hann er ekki aðeins bragðgóður heldur líka fyrirtaks kveffæla.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN **SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR HJÁ VINSTRI GRÆNUM**

## *Jólarjúpan verður að vera*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Mér finnst herfilegt að vera rjúpnalaus á jólum. Ég prófaði í fyrra að vera með hreindýr en það var ekki það sama, þannig að ég get illa verið án jólarjúpunnar.

**Fyrsta minningin um mat?**
Það er sennilega þegar afi reyndi að láta mig borða skyrhræring. Það tókst ekki og ég hef ekki lagt í það fyrirbæri síðan.



**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Það er þessi sami skyrhræringur, en ég tek fram að ég hef ekki gefið honum annað tækifæri síðan á æskuárunum.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Allar máltíðir sem eru eldaðar úr góðu hráefni og af mikilli alúð og umhyggju er góðar máltíðir. Ég fæ slíkan mat sem betur fer nokkuð oft.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Þegar maður er á þönum er kúskús fljótlegra en bæði kartöflur og hrísgrjón.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Rétti þar sem allur maturinn er saman í skál og maður getur legið samankrullaður upp í sófa með teppi yfir sér og borðað beint úr skálinni. Kjöt og grænmeti með miklum krafti sem hefur verið eldað saman í stórum potti í langan tíma.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Mjólk og skyr. Ekkert voðalega sexí.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?**
Mikilvægast væri að vera með nóg af hrísgrjónum, en að sjálfsögðu myndi ég taka með rjúpu ef ég yrði föst yfir jólin.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Mér finnst fæst skrítið, en ætli það sé ekki lundahjörtu. Þau eru mjög góður matur, steikt með hvítlauk og fleiru. Ég get vel hugsað mér að borða þau aftur.

## NORTON:

## *Bestu kaupin í Gestgjafanum*

Rauðvínin frá Bodega Norton sem byrjað var að flytja inn fyrir um ári síðan hafa slegið í gegn á Íslandi og eru nú orðin söluhæstu vínin frá Argentínu í Vínbúðum. Vínin hafa fengið mjög góða dóma og hefur Þorri Hringsson valið Norton Cabernet Sauvignon sem bestu kaup í Gestgjafanum og Norton Cabernet Sauvignon Reserve sem vín mánaðarins.




Sigurganga Norton heldur áfram því í nýjasta tölublaði Gestgjafans valdi Þorri Norton Malbec Reserve bestu kaupin. „Bodegas Norton er ein þeirra víngerða í Argentínu sem virðast geta framleitt frábær vín, og yfirleitt á ótrúlega góðu verði,“ segir Þorri í umsögn sinni um Norton Malbec Reserve og bætir við að vínið sé „sérlega gott og vandað á ótrúlega góðu verði.“

Bodegas Norton í Argentínu á sér langa sögu sem eitt af helstu víngerðarhúsum Argentínu. Var stofnað árið 1895 af Englendingnum Edmund Norton en hann hafði komið til Argentínu til að gera járnbraut sem tengir Mendoza-svæðið við Chile.

***Verð í Vínbúðum 1.390 kr.***


GARÐYRKJUFÉLAG ÍSLANDS 1885

## „Gróður til gagns og gleði“

**Landsþing og afmælisráðstefna Garðyrkjufélags Íslands í KFUM húsinu við Holtaveg föstudaginn 7. október og laugardaginn 8. október 2005**

**Landsþing föstudaginn 7. október kl. 13:30-18:30.**

***Dagskrá:***
**Mæting við garðskálann í Grasagarði Reykjavíkur.** Garðurinn skoðaður undir leiðsögn Auðar Jónsdóttur og Ingunnar J. Óskarsdóttur. Síðan farið í rútu og skoðaðir einkagarðar.
**Kl. 16:00.** Fundur í sal KFUM við Holtaveg.
**Setning.** Kristinn H. Þorsteinsson, formaður GÍ.
**Starfsemi garðyrkjufélags á Skáni.** Anna María Pálsdóttir.
**Sagt verður frá starfinu í Skagafjarðardeild GÍ.**
**Tengsl milli höfuðstöðva og landshlutadeilda.**
Jóhanna B. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri GÍ.

Þinginu lýkur með veitingum og óvæntri uppákomu í rökkrinu.
Allir félagar GÍ velkomnir. Ekkert þátttökugjald.
***Skráningarfrestur er til kl. 16:00 fimmtudaginn 6. október.***

**Ráðstefna laugardaginn 8. október kl. 10:30-17:00.**

***Dagskrá:***
**Setning.** Jóhanna B. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri GÍ.
**Ávarp.** Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra.
**Afi minn garðyrkjumaðurinn.** Þorvaldur Þorsteinsson rithöfundur.
**Gróður til gagns og gleði á miðöldum.** Ingólfur Guðnason garðyrkjumaður.
**Saga matjurtaræktunar.** Jónatan Hermannsson jarðræktarfræðingur.
**Gildi matjurtagarðsins.** Auður Jónsdóttir garðyrkjumaður.

Hádegishlé.

**Blómskrúðið í görðunum.** Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður hjá LBHÍ.
**Umhverfisskynjun. Áhrif umhverfis á vellíðan og heilsu.** Anna María Pálsdóttir garðyrkjusérfræðingur og Kristín Þorleifsdóttir landslagsarkitekt.
**Þróun heimilisgarða í þéttbýlinu.** Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt.
**Aðlögun heimilisgarðsins að breyttum fjölskylduhögum.**
Sigurður Þórðarson, varaformaður GÍ.
**Plöntur á faraldsfæti.** Dóra Jakobsdóttir grasafræðingur.
**Nýjar trjátegundir í íslenskri garðrækt.** Ólafur Njálsson garðyrkjusérfræðingur.
**Horft til framtíðar.** Kristinn H. Þorsteinsson, formaður GÍ.
Móttaka í gróðurskála Grasagarðs Reykjavíkur í boði landbúnaðarráðherra og GÍ.
Afhentar verða viðurkenningar í ljóða- og ljósmyndasamkeppni.

Þátttökugjald er 2.000 kr. fyrir félaga GÍ og 3.500 kr. fyrir utanfélagsmenn.
Tekið er á móti skráningu á skrifstofu Garðyrkjufélagsins í tölvupósti gardurinn@gardurinn.is og í síma 552 7721.

***Skráningarfrestur er til kl. 16:00 fimmtudaginn 6. október.***




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Í ELDHÚSINU** Júlíus Vífill Ingvarsson og eiginkona hans Svanhildur Blöndal kunna að elda gott spaghetti bolognese.

# Heillaður af ítalskri matargerðarlist

Sjálfstæðismaðurinn Júlíus Vífill Ingvarsson nefnir spaghetti bolognese sem einn af sínum uppáhaldsréttum. Rétturinn tengist dvöl Júlíusar og eiginkonu hans Svanhildar Blöndal á Ítalíu fyrir nokkrum árum þegar Júlíus stundaði þar söngnám við tónlistarháskólann í Bologna.

„Þetta er mjög einfaldur og þægilegur réttur. Hann er hollur og það getur hver sem er búið hann til,“ segir Júlíus. „Það er þjóðarsiður á Ítalíu að geta búið til góðan mat og maður fer hvergi á veitingastað öðruvísi en að fá góðan mat. Það sama er ekki hægt að segja um öll lönd. Eftir að við komum heim eimdi enn af þessum áhuga okkar á ítalskri matargerðarlist og þegar konan vill að ég komi heim og mæti á réttum tíma í mat er það náttúrlega spaghetti sem er málið,“ segir hann.

Að sögn Júlíusar fylgir því ákveðin gleði og stemning að elda ítalskan mat. Reynir hann að setja skemmtilega tónlist á fóninn og jafnvel á hann það til að raula ítalska lagabúta þegar hann býr til spaghetti bolognese, að minnsta kosti þangað til unglingarnir á heimilinu fara að kvarta. „Ítölsk matargerðarlist er ekki einmanaleg. Hún krefst samræðna og þegar við fáum gesti er oft mjög gaman áður en veislan byrjar því þá eru menn að taka þátt í að búa til þennan rétt.“ Júlíus segist oftast ná sér vel á strik í eldhúsinu. „Það er nú einu sinni þannig að allir bestu tenórar heims hafa verið góðir kokkar og það er lágmark að hafa seinni partinn í lagi,“ segir hann og hlær.

### Spaghettí bolognese að hætti Júlíusar Vífils:

Soðið spaghetti. Ólífuolía og salt sett í pottinn.

Hakk steikt á pönnu ásamt sveppum.

Kryddsósan er elduð sérstaklega þar sem mörg hráefni koma við sögu:

Laukur, hvítlaukur, gulrætur, fjórir stilkar af selleríi, ferskt basil, oregano, tómatpúrre, lítil dós af stærri tómötum, kjötkraftur, salt og pipar.

Nauðsynlegt er að smakka sósuna vel og vandlega áður en henni er síðan blandað saman við hakkið og sveppina. Mikilvægt er að sósan sé ekki of mikil. Ef sósan er súr er oft gott að bæta hlynsýrópi á pönnuna.

Eftir að búið er að blanda öllu saman er saxaðri steinselju stráð yfir réttinn ásamt parmesan osti.

Nauðsynlegt er að hafa brauð með réttinum ásamt sódavatni og jafnvel rauðvíni ef menn vilja vera flottir á því.

# Bjórhátíð í vínbúðum í október

Bjórhátíð verður í vínbúðum í október en þá gefst viðskiptavinum kostur á að nálgast fróðlegan bækling um bjór og bjórgerðir auk þess sem valdar tegundir verða á tilboðsverði. Októbermánuður hefur löngum verið hátíðarmánuður bjórsins. Októberhátíð hefur verið haldin í Þýskalandi í hundruð ára og mörg lönd hafa tekið upp þennan sið og haldið októberhátíð að þýskri fyrirmynd. Því er tilvalið að setja bjórinn í öndvegi og fræðast betur um þær fjölbreyttu gerðir og úrval sem þessi einn elsti drykkur mannkyns hefur að bjóða.
Bjór er líklega jafngamall mannkynssögunni. Í andrúmsloftinu eru gergró og getur því náttúruleg gerjun átt sér stað í sætum vökva, sem kemst í snertingu við andrúmsloftið. Bjór er framleiddur í flest öllum löndum heims og framleiðsluaðferðirnar eru fjölmargar. Grunnhráefnið sem notað er í bjór er vatn, malt, humlar og ger. Vatn getur verið mismunandi og er þá talað um hart og mjúkt vatn. Því meira sem steinefnainnihaldið er, þeim mun harðara er vatnið. Drykkjarvatn hér á landi er mjúkt og hentar einkar vel til framleiðslu á lagerbjór. Malt er spírað korn, en þegar talað er um malt, er oftast verið að tala um maltað bygg, sem er algengasta korntegundin.

Bjórhátíð

Humall er klifurjurt og eru blóm kvenplöntunnar notuð til bragðbætis í bjór. Humlar innihalda náttúrulega rotvörn og auka því geymsluþol bjórsins. Ger er einfrumungur af sveppaætt. Það nærist á sykrinum og gefur af sér vínanda og koltvísýring, auk sérstaks bragðs og ilms. Önnur hráefni geta verið krydd, ávextir, grænmeti, sykur, hunang, kaffi eða súkkulaði, svo eitthvað sé nefnt.

# BJÓRHÁTÍÐ: *Faxe Royal og Faxe Amber á kynningarverði*

Í vikunni hófst bjórhátíð í vínbúðunum og stendur hún allan október. Einn af þeim bjórum sem eru sérstaklega kynntir þennan mánuðinn og fæst á kynningarverði er Faxe Royal en þessi nýjasti meðlimur Faxe-fjölskyldunnar kom á markaðinn hérlendis síðsumars. Einhverjir kunna að kannast við bragðið af þessum ágæta bjór því hér er um að ræða sama bjór og hingað til hefur verið seldur undir nafninu Ceres Royal en Ceres og Faxe eru systurfyrirtæki. Þau tilheyra bæði Royal Unibrew sem er stærsti útflytjandi bjórs í Skandinavíu. Bjórinn er 5,6% að styrkleika og hefur notið mikilla vinsælda hér á landi líkt og í nágrannalöndum okkar, en nefna má að hann er vinsælasti bjórinn í Danmörku í flokki gullbjóra með áfengisinnihald frá 5 til 6,3 prósent. Faxe Royal er mildur og bragðmikill, í góðu jafnvægi, engin remma. Hið sérstaka ger sem notað er við bruggun gerir þennan bjór svolítið „vínlegan“ með miklum karakter.

***Kynningarverð á bjórhátíð í vínbúðum 179 kr. í 50 cl dós.***




Faxe Amber er hátíðarbrugg sett á markað í tilefni af 100 ára afmæli Faxe-brugghússins. Lengi vel gátu menn aðeins fengið þennan bjór af krana á dönskum veitingastöðum en hann var settur á flöskur og dósir í tilefni afmælisins. Má segja að hann hafi slegið í gegn um leið. Þetta er rauðgulbrúnn bjór með lykt af sætu og humlum sem er ekki of mikil. Bragðmeiri bjór en venjulegur lagerbjór, þægilega beiskur og fylltur án þess að vera nokkuð uppáþrengjandi eða sætur. Bjór sem rennur ljúft og kemur á óvart fyrir þá sem eru einungis vanir hefðbundnum lager. Bestur svolítið kældur. Fyrir þá sem eru orðnir leiðir á venjulegum lagerbjór er Faxe Amber tilvalin tilbreyting!

***Kynningarverð á bjórhátíð í vínbúðum 149 kr. í 50 cl dós.***




## VEITINGASTAÐURINN

**KAFFI HLJÓMALIND**
**LAUGAVEGI 21, 101 REYKJAVÍK.**



## *Áhersla á lífrænar afurðir*

**Hvernig er stemningin:** Á Kaffi Hljómalind svífur vinalegur andi yfir vötnum. Notuð húsgögn ganga í endurnýjun lífdaga og gefa staðnum heimilislegan brag þannig að auðvelt er að ímynda sér að maður sé staddur í heimasókn hjá vinafólki en ekki á kaffihúsi niðri í bæ. Staðurinn er reyk- og vínlaus og býður þráðlausa nettengingu fyrir fartölvur.

**Matseðillinn:** Kaffi Hljómalind er grænmetisstaður sem leggur áherslu á lífrænar afurðir. Um þessar mundir er verið að fjölga réttum á matseðli en meðal þess sem þegar má panta sér er brauð með hummus eða ávaxtabrauð sem hvort tveggja er borið fram með salati, grillaðar samlokur með sólþurrrkuðum tómötum og sinnepi, ristað brauð með sultu og innan skamms verður boðið upp á linsubaunasúpu og grænmetislasagna.

**Vinsælast:** Allir réttir njóta álíka mikilla vinsælda, en þótt skammt sé síðan byrjað var að bjóða upp á linsubaunasúpuna og lasagnað hafa þeir réttir nú þegar náð vinsældum og hafa alla burði til að slá í gegn.
Réttur dagsins: Enn sem komið er er ekki boðið upp á rétt dagsins en eftir því sem réttum á matseðli fjölgar styttist í að sérstakir rétti dagsins verði á boðstólum og er búist við því að það verði innan mánaðar eða svo.






fjörið ... **fólk**
folk@frettabladid.is



# Finna þau ástina við strendur Tyrklands?

Ástarfleyið mun leggja úr höfn á næstu dögum og bíða eflaust margir eftir því að fá að fylgjast með fjórtán ástleitnum ungmennum þreifa fyrir sér við strendur Marmaris. Alls sóttu fimmhundruð manns um að taka þátt í Ástarfleyinu og því greinilega margir sem gætu hugsað sér að freista þess að finna ástina fyrir augum sjónvarpsáhorfenda. Stjórnendur þáttarins hafa nú tekið viðtöl við fjörutíu manns og fékk Fréttablaðið leyfi til að birta myndir af þessum viðtalsefnum. Fjórtán aðilar, sjö stelpur og sjö strákar, munu verða valdir til að eyða tólf dögum um borð í Ástarfleyinu.

Greinilegt er á umsækjendum hversu fjölmenningarlegt samfélag Ísland er orðið. Í hópi umsækjenda mátti finna fólk frá átta mismunandi löndum en þeir sem eru af erlendu bergi brotnir tala allir íslensku sem aðaltungumál. Hópurinn er afar fjölbreyttur og í honum má finna fólk með háskólamenntun, verkafólk, nema, bankastarfsmenn og þannig mætti lengi telja.

Ástarkapteinninn Valdimar Flygenring mun sjá um að allt fari vel fram og stjórnar leikjum og stefnumótum. Hingað til hafa Íslendingar látið nægja að drekka sig fulla á börum og slefa í eyrað á álitlegum kosti. Forvitnilegt verður því að sjá hvort íslensku víkingarnir breyti um aðferð þegar þeir sigla fyrir ströndum Marmaris eða hvort úr verður alls herjar sukk. Munu allar stelpurnar falla fyrir sama stráknum? Eru kannski einhverjir í hópnum of skyldir til að mega verða kærustupar? Verða særindi, slagsmál og nöldur daglegt líf eða mun eintóm rómantík einkenna Ástarfleyið? Það verður forvitnilegt að sjá þegar skipið leggur úr höfn.






**Eitt símtal**
550 5000



**Fimm miðlar**

## Margföld áhrif með samlesnum auglýsingum!

Þú getur fimmfaldað tíðni auglýsinganna þinna með samlesnum auglýsingum sem birtast á **Bylgjunni, Talstöðinni, Létt 96,7, Fréttablaðinu** og á **visir.is**. Þegar þú hringir og pantar auglýsingu líða innan við tvær klukkustundir þar til hún er komin í loftið. Daginn eftir birtist hún svo í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **visir.is**.

**Einfalt, fljótlegt og gríðarlega áhrifaríkt!**

Bylgjan 98,9 · Létt 96,7 Réttu lögin...alltaf! · Talstöðin FM 90,9 · visir · FRÉTTABLAÐIÐ

**Hringdu í síma 550 5000 og margfaldaðu tíðni auglýsinganna þinna**




# ÚTSALA

*Rýmum fyrir nýjum vörum*

**Allt að 60% afsláttur**



*VERÐDÆMI:*

*Sonnenreiter, fatnaður 20 til 60% afsláttur*
(fis peysur, úlpur, buxur og jakkar)

*Reiðtygi og mél o.fl. með allt að* ***40% afslætti!***
(höfuðleður, múlar, taumar)

SONNENREITER by elta nova

*Top Reiter Hnakkadagar takmarkað magn*
**J Classic Tilboðsverð 119.900,-**
Kostar kr. ~~139.900,-~~



**Sport 2005 Tilboðsverð 119.900,-**
Kostar kr. ~~139.900,-~~

*Skeifur á aðeins kr. 125,- stk.*

***Gerið reifarakaup á haustdögum!***

Heitt á könnunni!

HESTAR MENN

Lynghálsi 4 • Sími 567 3300 • www.hestarogmenn.is



# NIGHTWISH Á TILBOÐI!




NÝTT!

2.499kr CD+DVD • Highest Hopes: Best Of Nightwish

1.999kr CD • Highest Hopes: Best Of Nightwish




1.299kr CD • Wishmaster




1.299kr CD • Century Child




1.299kr CD • Over The Hills And Far Away




1.299kr CD• Oceanborn




1.299kr CD • Angels Fall First




1.799kr DVD • From Wishes To Eternity




1.799kr DVD • End Of Innocence

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni










## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sadie Frost hefur bæst í hóp þeirra sem lýst hafa stuðningi við Kate Moss en Frost er einmitt afar góð vinkona fyrirsætunnar. „Hún er augljóslega góð vinkona mín og ég finn til með henni. Ég hugsa til hennar og það gleður mig að hún sé að einbeita sér að batanum. Ég óska henni alls hins besta," sagði Frost. „Ég hef verið upptekin af tískuverkefnum mínum síðan allt þetta gerðist hjá Kate og hef verið að einbeita mér að mínu eigin lífi."



Charlize Theron fann ágætis leið til að sigrast á því stressi sem fylgdi því að leika konu sem var áreitt kynferðislega í vinnunni. Hún brá á það ráð að áreita sjálf mótleikarana sína á móti þegar tökur voru ekki í gangi. Myndin heitir North Country og leikur Theron einstæða móður sem þarf að þola endalaus leiðindakomment og áreiti frá karlkyns starfsfélögum hennar. „Þegar við vorum í pásum hefndi ég mín á strákunum og áreitti þá til baka. Það var bara fyndið og ég held að þeim hafi ekkert fundist það leiðinlegt," sagði Theron.



Brúðkaupsnótt hjónanna **Peter André** og **Jordan** var víst ekki ástríðufull. Ástríðan fór út um gluggann þegar móðir og bróðir Jordan eyddu nóttinni hjá þeim. „Við fullkomnuðum ekki hjónabandið um nóttina," sagði Jordan. Við enduðum uppi í rúmi klukkan þrjú um nóttina að borða samlokur ásamt mömmu og bróður mínum." „Við fullkomnuðum þó hjónabandið innan sólarhrings eftir brúðkaupið," bætti Peter við og þótti mörgum nóg um upplýsingarnar.



**Lindsay Lohan** lenti í árekstri í gær og var flutt á spítala í Los Angeles. Leikkonan slasaðist ekki mikið en fór þó á spítala ásamt bílstjóranum. Lohan hljóp inn í antíkbúð eftir slysið ásamt óþekktum farþega. Búðareigandinn Javier Ramirez segir Lohan hafa verið í sjokki. Lögreglan telur ekki að Lindsay hafi ætlað sér að stinga af heldur hafi hún verið hrædd um að papparassar myndu taka mynd af henni.




50% afsláttur

af ýmsum gjafavörum í október.

*Gott tækifæri fyrir jólin.*

Kristy Skúlagötu 13, Borgarnesi s.437 1234



Klárir í kuldann...



**Styl grand**
Kuldaskór með vatnsvörn
**Litir:** Svart; Rautt, Beige
**Stærðir:** 24 - 35 **Verð: kr.4.995**
**Stærðir:** 36 - 40 **Verð: kr.5.995**

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)




**BOOT CAMP CLIK** Meðlimir Boot Camp Clik eru margreyndir í hiphop-senunni í Bandaríkjunum. Hafa þeir unnið með mörgum af frægustu röppurum heimsins.

# Þrír sjóðheitir rapparar

Mikið hiphop-partí verður haldið á Gauknum annað kvöld. Fram koma meðal annarra hljómsveitin Boot Camp Clik en hana skipa þrír sjóðheitir rapparar; þeir Buckshot (Black Moon), Tek & Steele (Smif N Wessun) og Sean Price. Upphitun verður í höndum Rögnu Cell 7, sem áður var í Subterranean, hins íslensk-ameríska Dj Platurn og Ramses.

Boot Camp Clik eiga að baki fjölda platna og hafa unnið með listamönnum eins og 50 Cent, 2 Pac, Mary J. Blige, Destiny's Child, Busta Rhymes og Aaliyuh. Að sögn tónleikahaldara er mikill fengur í komu sveitarinnar hingað til lands, þar sem rapparanir innan hennar hafa átt mikinn þátt í byggingu hiphopsins undanfarin ár. Þykir sveitin ákaflega öflug á tónleikum.

Gaukurinn er opnaður klukkan 23.00 og er 18 ára aldurstakmark. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

# Þakka Guði fyrir þögnina

Hljómsveitin Sign sendi á dögunum frá sér sína þriðju plötu, sem ber heitið Thank God for Silence. Sign hefur unnið að gerð nýjustu plötu sinnar með hléum í tvö ár en síðastliðið sumar barst sveitinni liðstyrkur þegar upptökustjórinn Mark Plati frá New York kom til að vinna að þriggja laga kynningarplötu með henni. Mark hefur unnið með fjölda listamanna allt frá Prince til Philip Glass, David Bowie, Bee Gees, Al Green, Ninu Hagen, New Order og Suzanne Vega svo fáeinir séu nefndir. Mark tók vin sinn gítarleikarann Earl Slick með sér, en Slick er að margra mati goðsögn í lifanda lífi og hefur meðal annars unnið með David Bowie í yfir tuttugu ár og spilaði inn á Milk & Honey með John Lennon. Lögin sem þeir unnu með Sign enduðu öll á plötunni en þar á meðal er A Little Bit sem nú er í spilun í útvarpi.

„Það skapaðist mjög gott samband á milli okkar þegar þeir komu hér í viku og Plati náði að undirstrika það sem skipti máli. Einfalda og draga fram kjarnann í því sem við erum að gera," segir Zólberg um samstarfið. „Það var innblástur fyrir okkur að sjá hvernig þeir unnu. Earl Slick samdi með mér gítarkafla í tvö lög. Hann er besti gítarleikari sem ég hef unnið með og við eigum örugglega eftir að vinna meira saman."

Í tilefni af plötuútgáfunni heldur hljómsveitin tíu útgáfutónleika hringinn í kringum landið undir yfirskriftinni Rás 2 rokkar hringinn með Sign. Fyrstu tónleikarnir voru á Selfossi í gærkvöldi en í dag spilar sveitin í beinni útsendingu í Popplandi klukkan 15.10. Á morgun spilar Sign síðan á tvennum tónleikum á Gauki á Stöng.



**SIGN**
Rokksveitin Sign hefur sent frá sér sína þriðju plötu, sem ber heitið Thank God for Silence. Sveitina skipa: Zólberg, Addi G. á gítar, Silli á bassa og Egill Örn á trommur.

HÁDEGISBÍÓ
400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI
STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




| ÁLFABAKKI | | |
|---|---|---|
| GOAL | KL. 5.30-8-10.30 | |
| MUST LOVE DOGS | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN VIP | KL. 5.30-8-10.30 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 3.40 | |
| SKY HIGH | KL. 3.45-6 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 8-10.30 | B.I. 14 |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 3.30 | |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| GOAL | KL. 8 |
| THE MAN | KL. 8 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| GOAL | KL. 8-10.15 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8-10.15 |

| KRINGLAN | | |
|---|---|---|
| GOAL | KL. 5.30-8-10.30 | |
| THE CAVE | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 6 | |
| VALIANT enskt tal | KL. 8 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 8 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 10 | B.I. 14 |

SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| MUST LOVE DOGS | KL. 6-8-10.10 | |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.40-8-10.20 | B.I. 14 ára |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 5.45 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 8 | B.I. 14 ára |

REYKJAVIK INTERNATIONAL FILM FESTIVAL

| | | | |
|---|---|---|---|
| MOOLAADE | KL. 5.40 | NOBODY KNOWS | KL. 10 |
| STRINGS | KL. 8 | THE HOLY GIRL | KL. 10 |

Háskólabíó


# U2 tekur völdin af Conan O'Brien

Rokksveitin U2 mun taka yfir kvöldþátt Conan O'Brien sem verður sýndur í Bandaríkjunum í kvöld. U2 er stödd í New York um þessar mundir þar sem þátturinn er tekinn upp. Þar spilar sveitin á sjö tónleikum í Madison Square Garden. Að sjálfsögðu er uppselt á þá alla.

Jim Pitt, sem hefur séð um að bóka listamenn í þátt Conan, hafði alltaf dreymt um að fá U2 og Johnny Cash í þáttinn á þeim tólf árum sem hann hefur verið sýndur á NBC. Ekkert verður af því að Cash heitinn mæti í þáttinn en honum hefur orðið að ósk sinni með U2. „Tilboð okkar hljómaði nógu spennandi til að þeir vildu mæta í þáttinn," sagði Pitt. „Þátturinn verður Late Night með Conan O'Brien þar sem U2 verður aðalatriðið."

Enginn listamaður hefur áður fengið heilan þátt út af fyrir sig hjá Conan. Næst því komst Bruce Springsteen fyrir nokkrum árum, en Max Weinberg, hljómsveitarstjóri þáttarins, hefur einnig spilað fyrir Springsteen.



**U2** Rokksveitin U2 ætlar að taka yfir þátt Conan O'Brien á NBC-stöðinni í kvöld.

# Laus við alla sönghæfileika

Pharrell Williams hefur lýst því yfir að honum finnist hann alls ekki geta sungið. Pharrell, sem hefur unnið með Snoop Dogg, Justin Timberlake og Kelis, segist heldur ekki geta rappað. „Mér finnst ég alls ekki geta sungið né rappað. Ég er bara að tjá mig," sagði Pharrell. „Ég er bara að segja það sem mér dettur í hug og það sem kemur út úr munninum á mér. Þetta er meira eins og dagbók," segir Pharrell. Næsta smáskífa frá honum kemur úr 31. október en þar syngur Gwen Stefani með honum.

Pharrell hefur einnig neitað því að hann sé kyntákn. „Það er ekki minn karakter. Kannski er ég að þykjast vera sexý en þetta er allt í hausnum á mér. Þess vegna valdi ég þennan titil á plötuna, „In My Mind", af því að þetta er allt í hausnum á mér."



**PHARRELL WILLIAMS** Neitar því að hann sé kyntákn.




ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
29. SEPTEMBER TIL 9. OKTÓBER

www.filmfest.is

Landsbankinn
BAUGUR GROUP



**Regnboginn** kl. 18:00
**Fimmtudaginn 6. október**

## Beint á veggin

Þýsk-tyrkneska kvikmyndin Beint á veggin (Gegen Die Wand) fjallar um innflytjendur í Þýskalandi og erfiðleikana við að fóta sig í nýju samfélagi. Kvikmyndin vann gullbjörninn í Berlín árið 2004.

Háskólabíó
17:40 Moolaadé
20:00 Strengir
22:00 Heilaga stúlkan
22:00 Enginn veit

Regnboginn
18:00 Beint á veggin
18:00 06/05, sjötti maí
20:15 Dagrenning
22:00 Rekkjusögur

Tjarnarbíó
17:00 Enginn aðskilnaður
19:00 Bölvun
21:00 Heimavinna

NÝR BÚNAÐUR Í TJARNARBÍÓI

1 STJÖRNUFRÉTTIR 2 LÍFSSTÍLL 3 ALVÖRU FÓLK

3 BLÖÐ Í EINU




NÝTT OG BETRA BLAÐ

hér&nú kemur út í dag!

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You're a very attractive man, Ken. You're... smart, you've got wonderful bones, and you dress really interestingly."**

**Svar:** Otto úr kvikmyndinni A Fish Called Wanda árið 1988.

# dagskrá

_VIÐ TÆKIÐ **FREYR BJARNASON** SÁ FYRSTA IDOL-ÞÁTTINN OG BÍÐUR SPENNTUR EFTIR FRAMHALDINU.

## *Engin stöðnun í Idolinu*

Idol-þættirnir hafa notið mikilla vinsælda bæði hér á landi sem annars staðar undanfarin ár. Reyndar þykir mér bandaríska Idolið vera sífellt minna spennandi en bind þeim mun meiri vonir við hina íslensku stjörnuleit.

Hingað til hefur hún verið vel heppnuð. Þeir Simmi og Jói hafa haldið uppi stemningunni ágætlega, þó svo að aulabrandarar þeirra séu misfyndnir, og dómararnir hafa skilað sínu með sóma. Eftirvæntingin eftir þriðju þáttaröðinni var því mikil síðastliðið föstudagskvöld, sérstaklega þó vegna þeirra tveggja nýju dómara sem bættust í hópinn við brotthvarf Þorvaldar Bjarna.

Bæði Páll Óskar og Einar Bárðarson stóðu sig mjög vel. Páll var mjög einlægur og sagði bara það sem honum fannst og Einar var yfirvegunin uppmáluð. Sannarlega gott að fá ferskt blóð í svona þætti því annars er mikil hætta á stöðnun. Þátturinn á morgun verður vafalítið góður og get ég varla beðið eftir frekari framvindu mála.

Þátturinn Wife Swap var á skjánum í vikunni. Eins og nafnið gefur til kynna skiptust tveir fjölskyldufeður á eiginkonum. Þetta hljómaði athyglisvert en þegar ég fór að horfa á þáttinn virkaði hann engan veginn, eins og raunin er með svo marga „raunveruleikaþætti."

Annars byrjuðu gamanþættirnir Little Britain aftur í Ríkissjónvarpinu í gærkvöldi. Svo sannarlega góðir þættir sem lifa vel og lengi í minninu. Ég er enn að hugsa um persónuna óþolandi í hjólastólnum í síðustu þáttaröð sem gat ekki haft sömu skoðun í meira en tíu sekúndur. Vonandi bætast fleiri góðar persónur við í þessari þáttaröð.





▶ 22.20 NÝTT

SHAMELESS



▶ 20.30 NÝTT

NEIGHBOURHOODS FROM HELL



▶ 20.00 GAMAN

FRIENDS



▶ 22.00 DRAMA

HOUSE



▶ 20.30 SPURNINGAKEPPNI

STUMP THE SCHWAB

### SJÓNVARPIÐ

**16.25** Handboltakvöld **16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Latibær** e.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljósið**
**20.00 Matur um víða veröld** (Planet Food) Ferða- og matreiðsluþættir.
**20.50 Nýgræðingar (79:93)** (Scrubs)Gamanþáttaröð.
**21.15 Launráð** (Alias IV) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.20 Blygðunarleysi (1:7)** (Shameless) Breskur myndaflokkur um systkini sem alast upp að mestu á eigin vegum í bæjarblokk í Manchester. Meðal leikenda eru James McAvoy, Anne-Marie Duff, Gerard Kearns, Joseph Furnace, David Threlfall og Corin Redgrave. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Aðþrengdar eiginkonur (7:23) **0.00** Kastljósið **0.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Perfect Strangers (139:150) **13.25** Blue Collar TV (5:32) **13.55** Wife Swap (1:7) **14.40** I'm Still Alive (5:5) **15.25** Sketch Show 2, The (4:8) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons 9**
**20.00 Strákarnir**
▶ **20.30 Neighbourhoods form Hell** (Óþolandi nábýli) Nágrannaerjur fá nýja merkingu í þessum athyglisverða þætti. Fólk hefur oft á tíðum lítið val þegar kemur að nágrönnum eða atvinnustarfsemi í nálægð við heimilið. Á tímum hryðjuverka er t.d. óheppilegt að búa nálægt sendiráðum Bandaríkjanna.
**21.15 Mile High (24:26)** Bönnuð börnum.
**22.00 Curb Your Enthusiasm (9:10)**
**22.30 Silent Witness (4:8)** Bönnuð börnum.

**23.25** Nemesis Game (Stranglega bönnuð börnum) **0.55** Summer Catch **2.35** Kóngur um stund (11:16) **3.05** Fréttir og Ísland í dag **4.25** Ísland í bítið **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Fashion Televison (1:4)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.
**19.30 Friends 3 (21:25)**
▶ **20.00 Friends 3 (22:25)** (Vinir) Bestu vinir allra landsmann eru nú komnir aftur í sjónvarpið.
**20.30 Splash TV (1:2)** Splash er fjölbreyttur og skemmtilegur þáttur og ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi.
**21.30 Weeds (1:10)** Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir húsmóðirin í miklum fjárhagsvandræðum.
**22.30 So You Think You Can Dance (1:13)**

**0.15** David Letterman **1.05** Friends 3 (22:25) **1.30** Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Sirrý (e)

**19.20 Þak yfir höfuðið (e)** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Complete Savages (e)**
**20.00 Leitin að íslenska bachelornum** Leitin að Íslenska bachelornum og draumastúlkunum hans hefur borið árangur.
**21.00 Will & Grace** Bandarískir gamanþættir.
**21.30 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans.
▶ **22.00 House** Kona með geðhvarfasýki vekur athygli Dr. House.
**22.50 Jay Leno** Jay Leno hefur verið kallaður ókrýndur konungur spjallþáttastjórnenda.

**23.35** America's Next Top Model IV (e) **0.30** Cheers (e) **0.55** Þak yfir höfuðið (e) **1.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**7.00** Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

**17.40** Olíssport **18.10** President's Cup 2005

**19.05 US Champions Tour 2005** (Constellation Energy Classic)
**20.00 Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi)
▶ **20.30 Stump the Schwab** (Veistu svarið?) Stórskemmtilegur spurningaþáttur þar sem íþróttaáhugamenn láta ljós sitt skína.
**21.00 NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**21.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.
**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.
**22.30 2005 AVP Pro Beach Volleyball** (Strandblak)

**23.30** A1 Grand Prix

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** One Night at McCool's (Bönnuð börnum) **8.00** How to Kill Your Neighbor's D **10.00** Nancy Drew **12.00** Finding Graceland **14.00** How to Kill Your Neighbor's D **16.00** Nancy Drew **18.00** Finding Graceland

**20.00 One Night at McCool's** Grín- og spennumynd. Bönnuð börnum.
**22.00 Route 666** Hasar- og hryllingsmynd.

**0.00** Alien 3 (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Prophecy 3 (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Route 666 (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Soup **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Most Starlicious Makeovers **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Rich Kids: Cattle Drive **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** Big Hair Gone Bad **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** The Soup **0.00** Big Hair Gone Bad **0.30** The Anna Nicole Show **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Wigan – Bolton frá 02.10 **16.00** Sunderland – West Ham frá 01.10 **18.00** Charlton – Tottenham frá 01.10

**20.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"**
**21.00 Portsmouth Newcastle frá 01.10**

**23.00** Fulham – Man. Utd frá 01.10 **1.00** Blackburn – WBA frá 01.10 **3.00** Dagskrárlok













Í KVÖLD
Á SIRKUS

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Weeds Sirkus **kl. 21.30**

## *Húsmóðir selur eiturlyf*

***Nancy Botwin þarf að ná endum saman***



Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir húsmóðirin Nancy Botwin í miklum fjárhagsörðuleikum. Til þess að bjarga sér úr vandræðunum tekur hún upp á því að fara að selja maríjúana í úthverfum Los Angeles borgar. Brátt kemur í ljós að allir í hverfinu eru farnir að versla við hana, þar á meðal borgarfulltrúinn Doug Wilson. Nú þarf Nancy að láta það ganga upp að hugsa um heimilið, börnin og að selja eiturlyf til að borga reikningana.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.00** Fréttir **7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið **13.01** Hrafnaþing **14.03** Glópagull og gisnir skógar **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e. **23.00** Úrval úr Allt & sumt e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr örsögum Friðriks Þórs Friðrikssonar **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **13.00** Gull og gersemar **14.03** Útvarpssagan: Ég er ekki hræddur **14.30** Hugað að hönnun **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Útvarpsleikhúsið: Margar konur **23.00** Hlaupanótan

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með Keane **22.10** Popp og ról

**0.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **14.00** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **15.30** Tennis: WTA Tournament Filderstadt **17.00** Rhythmic Gymnastics: World Championship Baku Azerbaijan **18.00** FIA World Touring Car Championship By Lg: FIA Wtcc Mag **18.30** Rally: World Championship Japan **19.30** Boxing **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Fight Sport: Shooto **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Ballykissangel **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** Rule the School **15.00** Location, Location, Location **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Last of the Summer Wine **18.30** 2 point 4 Children **19.00** Sparkhouse **20.00** The Dobsons of Duncraig **20.30** Strictly Come Dancing **21.30** Grumpy Old Men **22.00** Popcorn **23.00** Antarctica **0.00** Wild New World **1.00** Darwin

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Battle of the Arctic Giants **13.00** When Expeditions Go Wrong: Lost in the Jungle **14.00** Norway's Hidden Secrets **15.00** The Mugger Crocodile **16.00** Seconds from Disaster: Fire On the Star **17.00** Paranormal?: Lake Monsters **18.00** Battle of the Arctic Giants *living Wild* **19.00** When Expeditions Go Wrong: Climber Hostages **20.00** The Dark Side of Elephants *premiere* **21.00** Why Chimps Kill **22.00** The Mafia **23.00** The Dark Side of Elephants **0.00** Why Chimps Kill

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Predator's Prey **13.00** The Natural World **14.00** Animal Precinct **14.30** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Monkey Business **18.00** Animals A-Z **18.30** Predator's Prey **19.00** Killing for a Living **20.00** Animal Cops Detroit **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** Venom ER **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Killing for a Living **1.00** Meerkat Manor **1.30** Monkey Business

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Buena Vista Fishing Club **13.00** Super Structures **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Wheeler Dealers **16.30** Wheeler Dealers **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Guilty Or Innocent? **20.00** FBI Files **21.00** Angel of Death **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Punk'd **19.00** Wonder Showzen **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Switched On **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Fortune Files **19.30** MTV Live Velvet Revolver **20.00** Retrosexual – The 80's **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** Bands Reunited **23.30** ABC Bands Reunited **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Weddings **12.35** Awesome Interiors **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** City Hospital **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** Staying in Style **18.30** Hollywood One on One **19.00** It's a Girl Thing **19.25** The Villa **20.15** Sextacy **21.10** Women Talk **21.35** My Messy Bedroom **22.00** Cheaters **23.00** Entertaining With James **23.30** City Hospital **0.25** Awesome Interiors **0.50** Vegging Out **1.15** Backyard Pleasures **1.45** Hollywood One on One

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**12.20** Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

**MGM**
**12.00** Access Code **13.30** Jessica **15.15** Dry White Season **17.00** Rage (1980) **18.40** Khartoum **20.55** Number One **22.40** Hawaiians, The **0.50** Extremities

**TCM**
**19.00** Soylent Green **20.35** Clash of the Titans **22.30** Savage Messiah **0.10** Bachelor in Paradise

**HALLMARK**
**12.45** The Hound of the Baskervilles **14.15** By Dawn's Early Light **16.00** Winter Solstice **17.30** McLeod's Daughters V **18.30** Early Edition Iv **19.15** Love Songs **21.00** Black Fox: The Price of Peace **22.30** Early Edition Iv **23.15** Earthsea **0.45** Love Songs

**BBC FOOD**
**12.00** Jamie Oliver's Pukka Tukka **12.30** Food and Drink **13.00** Gondola On the Murray **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Galley Slaves **15.00** Nigella Bites **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** The Rankin Challenge **16.30** The Hi Lo Club **17.00** Beauty and the Feast **17.30** Ching's Kitchen **18.00** Secret Recipes **18.30** A Cook's Tour **19.00** Beyond River Cottage **19.30** United States of Reza **20.00** Off the Menu **20.30** Deck Dates **21.00** Douglas Chew Cooks Asia **21.30** Masterchef Goes Large

**DR1**
**13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Hammerslag **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Liga DK **14.30** Ungefair **15.00** Kim Possible **15.20** Forrykte flagermus **15.30** Julie **16.00** Mini-GO! **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** Lægens bord **18.00** Dr¢mmehuse **18.30** Showtime: Udfordringen **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Blind Justice **20.40** Det Vildeste Westen **20.55** Negermagasinet i USA **21.25** Drabsafdelingen **22.15** Liga DK

**SV1**
**13.05** Forsytesagan **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Plus **15.30** Utlandsfinländares berättelser **16.00** BoliBompa **16.01** Piggley Winks äventyr **16.25** Poesi **16.30** Mobilen **16.45** Lilla Aktuellt **17.00** Måste dansa **17.30** Rapport **18.00** Mat/Tina **18.30** Din släktsaga **19.00** Klirr i bössan för Världens barn **19.05** Last night of the Proms **20.05** Kul-me-fisk **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.25** Nobelpristagarna 2004 **22.20** Kommissionen **23.05** Sändning från SVT24


Gæði og fegurð í fyrirrúmi

mikið úrval af flottum húsgögnum úr hnotu

opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
sunnudaga 13-16
















mira
a r t
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300

KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fær glæpasagnahöfundurinn Arnaldur Indriðason fyrir að vera tilnefndur til Gullrýtingsins.*

## AÐ MÍNU SKAPI HLYNUR EINARSSON, FORMAÐUR NEMENDAFÉLAGS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í BREIÐHOLTI

# *Bítlarnir, íslenskar bíómyndir og líflegt félagslíf*

**TÓNLISTIN** Ég hlusta aðallega á tónlist í eldri kantinum. Er mikið fyrir Queen, David Bowie, R.E.M. og Led Zeppelin. Svo hef ég verið illa haldinn af Bítlaæði undanfarið og keypti mér til dæmis alltaf einn Bítladisk í hverri viku síðasta sumars.

**BÓKIN** Ég les nú mestmegnis skólabækurnar, en þegar ég hef tíma hef ég afar gaman af bókum Arnalds Indriðasonar. Nú síðast las ég bókina *Þriðjudagar með Morrie* eftir *Mitch Albom, sem var alveg frábær bók.*

**BÚÐIN** Mér er alveg sama hvar ég versla föt, svo lengi sem mér finnst þau flott og þægileg. Ætli *Skífan* sé ekki bara mín uppáhaldsbúðin mín. Ég kaupi mér svo miklu oftar geisladiska og DVD-tónleika, frekar en föt.

**BORGIN** Mér finnst London mjög skemmtileg því þar er alltaf hægt að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera. En svo er það náttúrlega Reykjavíkin okkar; höfuðborg besta lands í heimi. Þar líður mér alltaf best.

**VERKEFNIÐ** Þessa stundina er ég á fullu að vinna fyrir nemendafélagið í FB, en í það eru 1.100 manns skráðir og mikil en mjög skemmtileg vinna í kringum það. FB hefur alltaf haft gott orð á sér fyrir félagslíf og frábært að fá tækifæri til að vera í forsvari fyrir það.

**BÍÓMYNDIN** *Schindler's List* og *The Silence of the Lambs* eru mínar allra uppáhalds bíómyndir, alveg hreint magnaðar. Svo hef ég mjög gaman af íslenskum bíómyndum og fannst *Hafið alveg frábær. Stella í orlofi* er líka algjör klassík; ég fæ aldrei leið á henni.



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2** gáski **6** skyldir **8** svif **9** af **11** einnig **12** vondur **14** unna **16** skóli **17** niður **18** for **20** guð **21** traðkaði.

**LÓÐRÉTT 1** sjó **3** þverslá á siglutré **4** fugl **5** háttur **7** á hverju ári **10** fiskur **13** suss **15** megin **16** flík **19** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** ærsl, **6** aá, **8** áta, **9** frá, **11** og, **12** illur, **14** elska, **16** fg, **17** suð, **18** aur, **20** Ra, **21** tróð.

**LÓÐRÉTT:** **1** hafi, **3** rá, **4** storkur, **5** lag, **7** árlegur, **10** áll, **13** uss, **15** aðal, **16** fat, **19** ró.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Antonov - 225.
2. Gull- og Silfurrýtinganna.
3. Aidan White.

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi
kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR, félag laganema við Háskóla Íslands.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**STRENGIR** Brúðumyndin Strengir er einstök að því leyti að hún er sérstaklega gerð fyrir strengjabrúður og engin hreyfimyndatækni er notuð.

**BERND OGRODNIK:** EYDDI FJÓRUM ÁRUM Í GERÐ MYNDARINNAR

# Eigum margt sameiginlegt með strengjabrúðum

Klukkan átta í kvöld verður danska kvikmyndin Strengir frumsýnd á Alþjóðlegu Kvikmyndahátíðinni í Reykjavík í Háskólabíói. Hún er óvenjuleg að því leyti að þetta er fyrsta kvikmyndin sem gerð er sérstaklega fyrir strengjabrúður. Engin hreyfimyndatækni var notuð við gerð myndarinnar og því sjást allir strengir. Yfirbrúðumeistari myndarinnar, Bernd Ogrodnik, er okkur Íslendingum að góðu kunnur. Hann kom hingað fyrst fyrir fimmtán árum og aðstoðaði við gerð Pappírs-Pésa en hefur á undanförnum árum unnið hjá Þjóðleikhúsinu auk þess sem hann undirbýr sólósýningu hjá leikhúsinu í mars. Hann gerir auk þess nýjar brúður fyrir jóladagatal Stöðvar 2 sem fer í loftið fyrsta desember.

„Þetta er metnaðarfyllsta strengjabrúðumynd sem gerð hefur verið," segir hann en kvikmyndin er í fullri lengd. „Þetta er ekki barnamynd heldur dramatísk stórmynd," útskýrir hann og segir okkur eiga margt sameiginlegt með strengjabrúðum. „Við erum öll tengd á einhvern hátt. Við erum brothætt og þar af leiðandi ófullkomin rétt eins og strengjabrúðurnar," segir brúðumeistarinn. Bernd segir að Strengir hafi ekki getað verið gerð með manneskjum, sagan þarfnaðist strengjabrúða. „Ein af góðu persónunum er með stór augu og rannsakar allt. Hún er hins vegar með gat í maganum vegna þess að hún veit ekki hvar á að geyma allar tilfinningarnar," segir hann.

Bernd þurfti að leggjast í mikla vinnu svo að brúðurnar gætu framkvæmt þá hluti sem sýndir eru í myndinni. „Þær þurftu að geta dýft sér, klifið fjöll og hlaupið á móti vindi," segir hann en þetta hafi strengjabrúður ekki getað gert. Þessi þróunarvinna tók alls tvö ár en um 200 manns komu að gerð þessarar mynd þar af þrír Íslendingar; húsgagnasmiðurinn Guðmundur Lúðvík Grétarsson, sem hjálpaði við að smíða brúðurnar og var með honum við allar tökur, Aðalsteinn Stefánsson, sem vann við augu brúðanna og Hrafnhildur Svansdóttir.

Þegar gerð brúðanna var lokið hafði Bernd þó hvergi nærri sagt sitt síðasta. „Ég þurfti að þjálfa fimmtán brúðumeistara til að stjórna þeim og varð því hálfpartinn yfirbrúðumeistari," segir hann og hlær en alls tók fjögur ár að gera myndina. „Það þurfti líka leikstjóra sem hefur ekkert með brúður að gera til að fá þessa hugmynd."

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmiðladrottningin sem allir elska, Eva María Jónsdóttir, eignaðist stúlkubarn í fyrradag. Litla stúlkan er þriðja barn Evu Maríu og eiginmanns hennar, Óskars Jónassonar leikstjóra. Fyrir eiga þau tvær dætur, Matthildi og Júlíu sem eru sex og tveggja ára.



Óskar er um þessar mundir að leikstýra Stelpunum á Stöð 2 og því ekki hægt að segja annað en hann sé umvafinn kvenfólki þessa dagana.

Dagana 14. og 15. október mun Hrafn Jökulsson, forseti Hróksins, tefla skákmaraþon í Kringlunni til að safna fyrir taflsettum handa öllum grunnskólabörnum á Austur-Grænlandi. Hrafn stefnir að því að tefla 250 skákir og er áætlað að maraþonið taki allt að 40 klukkustundir. Maraþonið hefst klukkan 9 að morgni föstudaginn 14. október og stendur frameftir laugardeginum 15. október. Tefldar verða hraðskákir og koma áskorendur Hrafns úr öllum áttum. Skákirnar verða sendar út beint á heimasíðu Hróksins og bein útsending verður líka af sviðinu í Kringlunni, með stuðningi Símans. Leitað verður til fyrirtækja og einstaklinga um framlög í söfnunina fyrir grænlensku börnin og er takmark skipuleggjenda að safna einni milljón króna. Hrafn tefldi skákmaraþon sumarið 2004 og glímdi þá við 222



áskorendur á 32 klukkustundum. Allir geta skorað á Hrafn í maraþoninu í Kringlunni og eru áhugasamir hvattir til að skrá sig sem fyrst á netfangið hrokurinn@hrokurinn.is.

Myndlistarmaðurinn Hugleikur Dagsson er heldur betur að gera það gott með örmyndasögum sínum. Fyrstu þrjár bækur Hugleiks, Elskið okkur, Drepið okkur og Ríðið okkur, komu nýlega út hjá JPV-útgáfu allar saman í einni bók sem heitir Forðist okkur. Það er skemmst frá því að segja að safnútgáfan hefur rokið upp sölulista og á metsölulistum þessarar viku er Forðist okkur í 2. sæti á aðallista allra bóka, en einungis fyrsta Sudoku-talnagátubókin á íslensku hefur selst betur. Þessar vinsælu talnagátur þvælast þó ekki fyrir Hugleiki á listanum yfir mest seldu skáldverkin í kiljum en þar trónir Forðist okkur á toppnum.






# Fimm stúlkur sendar heim

Eftir margra mánaða vangaveltur verður íslenski piparsveinninn loksins afhjúpaður í kvöld. Fjölmargir hafa komið með sínar hugmyndir en eftir að lokahópurinn var kynntur í síðustu viku hafa margir sagst þekkja eða vita hver hann væri. Þeir hafa því annað hvort rétt eða rangt fyrir sér í kvöld.

Að sögn Maríönnu Friðjónsdóttur, framleiðslustjóra þáttanna hjá Saga Film, hefur allt verið brjálað að gera. „Það er ofboðslegur spenningur í loftinu," segir hún og viðurkennir að þau sjálf séu spennt fyrir því að sjá hvernig þetta fer af stað. „Þátturinn í kvöld er hálfgerður kynningarþáttur en við hittum allar stúlkurnar," segir hún. Þær fara síðan út á land um morguninn þar sem þær undirbúa sig, andlega sem og líkamlega, fyrir fyrsta fund sinn með Piparsveininum. Um kvöldið fá þær síðan að hitta hann í fyrsta skipti. „Þau eyða síðan morgninum eftir saman og hann fær tækifæri til að draga eina og eina til hliðar svo hann geti rætt við þær," segir Maríanna. Um kvöldið verður síðan sameiginlegur málsverður en svo fer að draga til tíðinda. „Eftir matinn er komið að fyrstu rósaafhendingunni og fimm stúlkur verða sendar heim," segir Maríanna og bætir við að margt eigi eftir að koma á óvart. „Það verða síðan tvær stúlkur sendar heim í hverjum þætti þangað til fjórar standa eftir. Þá verður ein send í burtu í hvert skipti."

Upptökur standa núna yfir á þættinum og segir Maríanna þau vera ótrúlega þakklát fyrir þann skilning sem þau hafa mætt. „Nágrannarnir hafa mætt okkur á miðri leið og sýnt okkur trúfestu," segir hún.






Síminn SJÓVÁ STRAX bjóða upp á íslenska bachelorinn

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

NÝR KONUNGLEGUR!
ÍSKALDUR
FAXE
ROYAL
LÉTTUR ÖLLARI



BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

# Leiðarvísir

Eitthvað það skringilegasta sem komið hefur fyrir mig var að fæðast, verða til og vakna til meðvitundar. Ég man ekki mikið eftir því en mér hefur verið sagt frá því og ég hef séð sama ferli hjá öðrum, til dæmis börnunum mínum.

**HVAÐAN** komum við? Til hvers er þetta líf? Og hvað tekur við að þessu lífi loknu? Við fæðumst inn í þennan heim án þess að hafa óskað eftir því. Við pöntuðum ekki neitt, báðum ekki um neitt. Maður bara „erann“. Manni er hreinlega hent út í djúpu laugina án nokkurs undirbúnings. Og lífið er harður skóli.

**VIÐ** höfum ekkert val. Við fáum ekki að velja okkur fæðingarstað. Flestir fæðast í Kína en fæstir fæðast á Íslandi. Við fáum ekki að velja okkur útlit. Við bara lítum út eins og við lítum út. Við fáum ekki einu sinni að velja okkur foreldra. Oftar en ekki eru foreldrar okkar fólk sem við hefðum aldrei valið hefðum við haft eitthvað val.

**ÞEGAR** ég kaupi mér eitthvað tæki þá nenni ég ekki alltaf að lesa leiðarvísinn fyrst. Ég er of stoltur til að þiggja ráð og svo liggur mér á. Ég byrja á að fikta í tækinu. En svo þegar ég er kominn í strand þá leita ég í leiðarvísinn. Og þegar ég les leiðarvísinn þá uppgötva ég oftast margt nýtt sem mig hafði ekki grunað að tækið gæti gert. Mér er alveg sama hvernig aðrir skilja sinn leiðarvísi. En ég veit að ef þeir lesa hann þá læra þeir betur á tækið sitt og uppgötva jafnvel eitthvað nýtt sem þeir vissu ekki áður. Ég vil ekkert vera að messa yfir mönnum en ég veit að maður setur ekki ristabrauð í myndbandstæki.

**ÞAÐ** eru margir sem gefa sig út fyrir að vera með leiðarvísi fyrir lífið. Ég hef gluggað í þá flesta og þeir eru því miður nokkuð takmarkaðir og gefa villandi upplýsingar og litla ráðgjöf. Biblían er langbesti leiðarvísirinn fyrir lífið sem ég hef fundið. Það er flest rétt sem stendur þar, sérstaklega í endurnýjuðu útgáfunni sem í daglegu tali er kölluð Nýja testamentið. Og það var eins og með tækin, ég fór ekki að lesa Biblíuna af alvöru fyrr en ég var kominn út í horn. Ef maður tileinkar sér það sem Biblían boðar og fer eftir ráðleggingum hennar þá mun manni farnast vel í lífinu.

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Og Vodafone kynnir
Mobile Office

Mobile Office er heildstætt þjónustuframboð Og Vodafone fyrir viðskiptalífið sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í þeim lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



SEPTEMBER
Alltaf í netsambandi með Mobile Connect
Vodafone Mobile Connect kortið gerir hvaða stað sem er að vinnusvæðinu þínu. Með Mobile Connect kortið í fartölvunni þinni ertu alltaf í þráðlausu netsambandi hvar sem þú ert og hefur ávallt aðgang að þeim gögnum og hugbúnaði sem þú þarft á að halda.



OKTÓBER
BlackBerry® frá Vodafone
BlackBerry® er fremsta þráðlausa samskiptatækið í dag og gerir notendum mögulegt að vera í stöðugum samskiptum við viðskiptavini og samstarfsmenn. Auk þess að vera GSM sími veitir BlackBerry® notendum aðgang að tölvupósti, dagbók, tengiliðalista og Vefnum – allt í rauntíma. Með BlackBerry® er hægt að gera flest það sem þú gerir á skrifstofunni, óháð stað og stund.



NÓVEMBER
Global Hotspots
Global Hotspots veitir viðskiptavinum Og Vodafone aðgang að þúsundum heitra reita í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. Þjónustan er aðgengileg bæði fyrir notendur Vodafone Mobile Connect og aðra farsímanotendur Og Vodafone. Viðskiptavinir tengjast með einföldum hætti og notkunin er gjaldfærð á reikning þeirra.



DESEMBER
Vodafone World
Vodafone World tryggir einfalda og skýra GSM verðskrá í útlöndum í krafti öflugs samstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Þjónustan hentar þeim sem nota GSM í útlöndum.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 29637 09/2005

Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjaþjónusta Og Vodafone,** Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

og vodafone
Heyrumst!

AEG Þvottadagar

HIN FULLKOMNA
ÞVOTTAVÉLA ÞRENNA
Þessar frábæru AEG vélar á einstöku tilboðsverði
á meðan birgðir endast.
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ



AEG
Lavamat 76820
1600/1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 90.000,-

AEG
Lavamat 74639
1400/1200/900/700/400 sn.
5,5 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 74.900,-

AEG
Lavamat 52820
1200/1000/600 sn.
6 kg.
TILBOÐSVERÐ:
KR 69.900,-

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
ORMSSON
LÁGMÚLA 6 SÍMI 530 2800
SMÁRALIND SÍMI 530 2900
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu